


Byggðapróun á Íslandi

STÖÐUGREINING 2013

Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017

11.11.13



Byggðastofnun



Ritstjórn: Árni Ragnarsson

Aðrir höfundar efnis: Anna Lea Gestsdóttir, Einar Örn Hreinsson, Elín Gróa Karlsdóttir,
Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson, Pétur Grétarsson, Sigríður K.
Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson

Byggðapróun á Íslandi
Stöðugreining í nóvember 2013

Efnisyfirlit:

Inngangur	5
1. Staðhættir og sérstaða	6
1.1 Sérstaða (des. 2013)	6
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög (des. 2012)	7
1.3 Íbúar. Mannfjöldapróun (des. 2012 og 2013)	10
1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi (des. 2012)	13
1.5 Brothættar byggðir (2013)	13
1.6 Jafnréttismál (2013)	17
2. Menntun (des. 2012)	20
2.1 Menntun eftir landshlutum	20
3. Efnahagspróun	23
3.1 Tekjur (2013)	23
3.2 Vinnumarkaður, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi (2013)	24
3.3 Nýskráning fyrirtækja, framleiðsla og hagvöxtur (2013)	31
4. Samgöngur	35
4.1 Vegir, hafnir og flugvelli (des.2012)	35
4.2 Almenningsamgöngur (des. 2012)	37
4.3 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða (2012 og 13)	37
4.4. Gagnaflutningar (2013)	40
4.5 Jöfnun flutningskostnaðar (2013)	41
5. Opinber þjónusta	43
5.0 Staðsetning þjónustustarfa ríkisins	43
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla (des. 2012)	48
5.2 Löggæsla og sýslumenn (des. 2012)	49
5.3. Héraðsdómstólar (des. 2012)	49
5.4 Rafveita og húshitun (2013)	50
5.5 Opinber störf (2013)	52
6. Önnur þjónusta	54
6.1 Verslun (des. 2012)	54

6.2 Fjármálaþjónusta (des. 2012).....	55
6.3 Ferðaþjónusta (2013)	55
7 Iðnaður	59
7.1 Landbúnaðarafurðir (2013).....	59
7.2 Sjávarafurðir (2013).....	61
7.3 Byggingariðnaður (2013).....	62
7.4 Annar iðnaður (2013)	65
8 Frumvinnsla	67
8.1 Landbúnaður (2013).....	67
8.2 Fiskveiðar, samstarfsskvóti (2013).....	75
8.3 Fiskeldi (2013)	79
9 Stoðkerfi	81
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar (2013).....	81
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra (2013).....	81
9.3 Sóknaráætlanir landshluta (2013)	82
9.4 Lánastarfsemi Byggðastofnunar (2013)	82
10 Verkefni stefnumótandi byggðaáætlunar 2010-2013 (2013)	84
10.1 Atvinnustefna	84
10.2 Samþætting áætlana og aukið samstarf.....	85
10.3 Efling stoðkerfis atvinnulífsins.....	85
10.4 Nýsköpun og sprotafyrirtæki.....	86
10.5 Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu	87
10.6 Efling ferðaþjónustu	87
10.7 Félagsauður	88
10.8 Efling menningarstarfs og skapandi greina	89
10.9 Jöfnun lífsskilyrða	89
11. Fjölbjóðlegt samstarf.....	90
11.1 Norræna Atlantsamstarfið, NORA (2013)	90
11.2 Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP (2013).....	92
11.3 ESPON (2013)	94
11.4 Byggðakort fyrir Ísland (2013).....	96
11.5 EK-R (2013)	97
11.6 Nordregio (2013).....	97

Inngangur

Stýrinet stjórnarráðsins fór þess á leit við Byggðastofnun þegar landshlutasamtök sveitarfélaga undirbjuggu sóknaráætlanir á seinni hluta árs 2012 að stofnunin greindi stöðu í nokkrum mikilvægum þáttum við upphaf þessara áætlana. Byggðastofnun skilaði Stöðugreingum fyrir alla átta landshluta og samanteknu yfirliti fyrir landið allt í desember 2012. Þær nýttust landshlutasamtökunum við mótun sóknaráætlana fyrir árið 2013.

Við undirbúning stefnumótandi byggðaáætlunar 2014-2017 var ákveðið að með henni fylgdi uppfærð stöðugreining frá 2012 fyrir landið allt með greiningu á nokkrum þáttum til viðbótar. Hugmyndin er sú að Stöðugreining 2013 geti þannig nýst við aðra stefnumótunarvinnu en stefnumótandi byggðaáætlun og að Byggðastofnun uppfæri stöðugreininguna á hverju ári. Viðleitni er til þess að stytta texta og sýna upplýsingar myndrænt þannig að hratt megi sjá meginatriði í stöðu og þróun við mótun stefnu og aðgerða.


Breytingar á sumum þáttum í Stöðugreiningu 2012 sjást varla á einu ári og þeir þættir standa óbreyttir í Stöðugreiningu 2013. Aðrir eru uppfærðir og nokkrir eru nýir. Í þessari stöðugreiningu fyrir landið allt er gerð grein fyrir stöðu í einstökum landshlutum í uppfærðum þáttum, sem verður færð inn í uppfærslu á stöðugreiningu fyrir hvern landshluta í desember 2013. Lýsingar á félagslegum aðstæðum tengdum stefnumótun í byggðaþróun, s.s. brothættum byggðum og jafnrétti kynjanna, eru í 1. kafla og lýsingar á aðgerðum gildandi byggðaáætlunar, 2010-2013, og starfsemi sem tengist er að finna í viðbótarköflum við stöðugreininguna, 10 og 11.

1. Staðhættir og sérstaða


1.1 Sérstaða (des. 2013)

Sóknaráætlanir miðast við starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga eins og mælt er fyrir um í *Ísland 2020*. Landshlutasamtök sveitarfélaga eru átta talsins og byggjast að miklu leyti á kjördæmaskiptingunni frá 1959 og því samstarfi sem sveitarfélög höfðu byggt upp í þessum landshlutum, fjölbreytt að stærð og landslagi, náttúruferi, íbúafjölda, atvinnuháttum og menningu. Lögð var áhersla á að þessir landshlutar mynduðu áætlunarheildir og mótuðu framtíðarsýn í sóknaráætlunum fyrir hvern landshluta með víðtækri þátttöku frá stofnunum og fyrirtækjum og t.d. með einni umferðarmiðstöð í hverjum landshluta. Áhersla var á að nýta sérstöðu og sérkenni svæða. Þá var líka áhersla á að horft yrði yfir mörk landshluta t.d. á Norðurlandi og á vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins, frá Borgarnesi, suður á Reykjanes og austur á Selfoss, nefnt Hvítá-Hvítá. Með sóknaráætlunum landshluta er stefnt að einfaldari meðferð mála á milli stjórnsýslustiga og að greiðum, opnum og lýðræðislegum farvegi milli stefnumótunar ríkisvaldsins og stefnum sveitarfélaganna í hverjum landshluta.

Enn hafa nokkur ráðuneyti og nokkrar stofnanir sína eigin skiptingu á landinu í svæði og enn eru stofnanir sem safna og vinna upplýsingar um svæði, íbúa og atvinnuvegi án tillits til svæða landshlutasamtaka sveitarfélaga.




Mikið er til af upplýsingum en í stöðugreiningunum er umfjöllun takmörkuð við nokkra kvarða sem auðvelt er að uppfæra. Með þessu er ætlunin að skjóta stoðum undir umræður landshlutasamtaka um stefnumótun og tillögugerð fyrir sóknaráætlanir og þess vænst að kvarðar mótist áfram í umræðu milli stjórnsýslustiga, að stöðugreiningarnar þróist með sóknaráætlavinnunni.




1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög (des. 2012)


Rétt um þriðjungur landsins liggur undir 200 metra hæð yfir sjó. Sá hluti er ekki allur í byggð og lítil byggð yfir 200 metra hæð. Á kortinu eru sýndir þéttbýlisstaðir á landinu og hring slegið um þéttbýlisstaði með 1.000 íbúa og þar yfir. Hringirnir marka skýrar þessa staði og sérkenni byggðarinnar, að Vestmannaeyjar eru sérstakar og Ísafjörður og Hornafjörður eru nánast eins og eyjar líka og að stórir þéttbýlisstaðir liggja þéttar á vestur- og norðurhluta landsins og á Austurlandi. Undirstrika verður að þessir hringir sýna 50 kílómetra loftlínuradíus, ekki vegalengd. Þannig eru 136 kílómetrar eftir vegi milli Ísafjarðar og Reykjaness, innst við Ísafjarðardjúp, en 50 kílómetra loftlína frá Ísafirði nær talsvert lengra. Bil milli lengdar loftlínu og vegar minnkar

Mynd 1.2.2 Skipting íbúafjöldans 2012



Mynd 1.2.3 Fjöldi íbúa á ferkílómetra lands





Mynd 1.2.4

þar sem vegur liggur lágt og sveigir ekki inn í fjarðarbotna og út á annes.

Landið er aðallega byggt neðan við 200 metra hæð yfir sjó og þar er byggðin sums staðar gisin og sums staðar þétt. Þétt byggð skýtur stoðum undir starfsemi á ýmsum sviðum, hvort heldur er á sviði atvinnuvega, afþreyingar eða menntunar. Þetta má sýna á ýmsan hátt.

Í samanburði á þéttleika byggðar milli landshluta er höfuðborgarsvæðið þéttbýlast svo af ber. Byggð á ferkílómetra í sumum landshlutum er svo lítil að segja má að hún mælist varla. Byggð á höfuðborgarsvæðinu er vel greinanleg í samanburði við Evrópulönd en rétt örlar á byggð utan þess. Þessi samanburður lýsir mismunandi aðstæðum á Íslandi og í löndum sem Íslendingar vilja bera sig saman við og eru í samkeppni við.

Mynd 1.2.5

Þéttbýli 2008 og 2009

Íbúar á km² í ESB 27, umsóknar- og EFTA-löndum

ESB 27	16,0
Belgía	353,1
Búlgaría	68,7
Tékkland	135
Danmörk	127,5
Þýskaland	229,9
Eistland	30,9
Írland	64,7
Grikkland	85,9
Spánn	90,8
Frakkland	104
Ítalía	202,7
Kýpur	85,7
Lettland	36,4
Litháen	53,6
Lúxemborg	89
Ungverjaland	107,9
Malta	803,6
Holland	487,2
Austurríki	101
Pólland	121,9
Portúgal	16,3
Rúmenía	93,6
Síóvenía	100,4
Síóvakía	10,3
Finnland	17,5
Svíþjóð	22,5
Bretland (2007)	250,8
Höfuðborgarsvæði (2009)	89
Ísland utan hbsv. (2009)	12
Liechtenstein	2217
Noregur	5,6
Svíss	812
Svartfjallaland	No data
Króatía	78,4
FYR Makedónía	82,2
Tyrkland	92,3

Íbúafjöldi á ferkilómetra 2012

Tafla 1.2.5




Heimild: Landmælingar Íslands, Hagstofa Íslands/Byggðastofnun: 10.12/ÁR

									landshlutar							
Nr sveitfélag	Heiti sveitarfélags	Flatar-mál undir 200m í km ²	Heildar-flatar-mál	Hlutfall	Karlar 1.1.2012	Konur 1.1.2012	Íbúar pr. km ² af heildar-stærð	Íbúar pr. km ² undir 200m	Svæði sóknar-ættlunar	Heildar-flatar-mál	Heildar-fjöldi íbúa	Íbúar pr. km ² af heildar-stærð	Flatar-mál undir 200m í km ²	Íbúar pr. km ² undir 200 m.y.s		
0	Reykjavíkurborg	181	277	65%	58939	59875	428,8	657,2	Höfuðborgarsvæði							
1000	Kópavogsbær	67	84	80%	15517	15688	372,6	463,0								
1100	Seltjarnarneskaupstaður	2	2	100%	2116	2197	1867,2	1867,2								
1300	Garðabær	56	69	82%	5535	5748	164,7	201,0								
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	142	143	99%	13105	13381	184,8	186,7								
1603	Sveitarfélagið Álftanes	6	6	100%	1225	1194	413,7	413,7								
1604	Mosfellsbær	164	194	85%	4537	4317	45,7	54,1								
1606	Kjósarhreppur	154	288	53%	118	102	0,8	14			1062	203.594	191,7	772	263,8	
2000	Reykjanesbær	145	145	100%	7160	6977	97,7	97,7								
2300	Grindavíkurbær	352	434	81%	1460	1370	6,5	8,0								
2503	Sandgerðisbær	65	65	100%	875	797	25,9	25,9	Suðurnes							
2504	Sveitarfélagið Garður	21	21	100%	775	702	71,0	71,0								
2506	Sveitarfélagið Vogar	165	165	100%	592	534	6,8	6,8			829	21242	25,6	747	28,4	
3000	Akraneskaupstaður	9	9	100%	3368	3224	730,4	730,4								
3506	Skorradalshreppur	104	208	50%	33	27	0,3	0,6	Vesturland							
3511	Hvalfjarðarsveit	280	494	57%	339	288	1,3	2,2								
3609	Borgarbyggð	2.102	4.925	43%	1780	1690	0,7	1,7								
3709	Grundarfjarðarbær	108	152	71%	446	453	5,9	8,3								
3710	Helgafellssveit	187	250	75%	34	23	0,2	0,3								
3711	Stykkishólmur	10	10	100%	573	535	111,2	111,2								
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	256	378	68%	68	64	0,3	0,5								
3714	Snæfellsbær	429	689	62%	895	842	2,5	4,1								
3811	Dalabyggð	1392	2.439	57%	362	324	0,3	0,5			9.555	15.368	1,6	4.877	3,2	
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	53	111	47%	458	431	8,0	16,9		Vestfirðir						
4200	Ísafjarðarbær	969	2.397	40%	1889	1866	1,6	3,9								
4502	Reykholahreppur	460	1.103	42%	134	137	0,2	0,6								
4604	Tálknafjarðarhreppur	63	180	35%	148	128	1,5	4,4								
4607	Vesturbyggð	630	1.334	47%	475	435	0,7	1,4								
4803	Súðavíkurhreppur	332	761	44%	96	86	0,2	0,5								
4901	Árneshreppur	317	718	44%	28	24	0,1	0,2								
4902	Kaldrananeshreppur	212	459	46%	49	55	0,2	0,5								
4911	Strandabyggð	680	1.834	37%	280	236	0,3	0,8			8.898	6.955	0,8	3.715	1,9	
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	1.231	4.168	30%	2.043	1.981	1,0	3,3	Norðurland vestra							
5706	Akrahreppur	150	1.361	11%	98	99	0,1	1,3								
5508	Húnaþing vestra	1.576	3.017	52%	580	607	0,4	0,8								
5604	Blönduósibær	84	181	47%	450	421	4,8	10,3								
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	27	49	54%	259	245	10,2	18,8								
5611	Skagabyggð	343	494	69%	53	51	0,2	0,3								
5612	Húnavatnshreppur	631	3.822	17%	222	190	0,1	0,7			13.091	7.299	0,6	4.041	1,8	
6000	Akureyrarkaupstaður	47	138	34%	8814	9061	129,7	383,4								
6100	Norðurland eystra	1.859	3.755	49%	1.446	1.438	0,8	1,6								
6250	Fjallabyggð	126	365	35%	1.038	997	5,6	16,1								
6400	Dalvíkurbyggð	155	595	26%	993	907	3,2	12,3	Norðurland eystra							
6513	Eyjafjarðarsveit	219	1.795	12%	530	501	0,6	4,7								
6514	Hörgárbyggð	182	893	20%	302	282	0,7	3,2								
6601	Svalbarðsströnd	27	50	54%	199	191	7,8	14,5								
6602	Grýtubakkahreppur	157	438	36%	181	169	0,8	2,2								
6607	Skútustaðahreppur	191	6.034	3%	192	193	0,1	2,0								
6611	Tjórneshreppur	109	196	56%	29	26	0,3	0,5								
6612	Þingeyjarsveit	991	6.005	17%	472	443	0,2	0,9								
6706	Svalbarðshreppur	714	1.131	63%	56	46	0,1	0,1								
6709	Langanesbyggð	886	1.340	66%	271	241	0,4	0,6			22.735	29.018	1,3	5.663	5,1	
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	51	214	24%	354	323	3,2	13,2	Austurland							
7300	Fjarðabyggð	428	1.170	37%	2.468	2.132	3,9	10,8								
7502	Vopnafjarðarhreppur	517	1.913	27%	351	319	0,4	1,3								
7505	Fljótsdalshreppur	109	1.529	7%	50	28	0,1	0,7								
7509	Borgarfjarðarhreppur	183	444	41%	76	53	0,3	0,7								
7613	Breiðdalshreppur	198	452	44%	103	87	0,4	1,0								
7617	Djúpavogshreppur	351	1.153	30%	243	218	0,4	1,3								
7620	Fljótsdalshérað	1.328	8.917	15%	1.745	1.663	0,4	2,6			15.792	10.213	0,6	3.165	3,2	
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	2.162	6.317	34%	1.131	1.012	0,3	1,0								
8000	Vestmannaeyjabær	17	17	100%	2.196	1.998	243,0	243,0		Suðurland						
8200	Sveitarfélagið Árborg	156	157	99%	3.956	3.827	49,5	49,9								
8508	Mýrdalshreppur	429	761	56%	239	220	0,6	1,1								
8509	Skaftárhreppur	2.510	6.905	36%	234	209	0,1	0,2								
8610	Ásahreppur	158	2.966	5%	100	104	0,1	1,3								
8613	Rangárfingeystra	940	1.850	51%	906	835	0,9	1,9								
8614	Rangárfingeyra	1.179	3.177	37%	752	752	0,5	1,3								
8710	Hrunamannahreppur	248	1.391	18%	400	374	0,6	3,1								
8716	Hveragerðisbær	11	11	100%	1.163	1.120	200,9	200,9								
8717	Sveitarfélagið Ölfus	475	725	65%	1.023	907	2,7	4,1								
8719	Grímsnes- og Grafín	538	891	60%	225	191	0,5	0,8								
8720	Skeiða- og Gnúpverja	400	2.227	18%	254	250	0,2	1,3								
8721	Bláskógabyggð	864	3.278	26%	442	464	0,3	1,0								
8722	Flóahreppur	291	291	100%	316	286	2,1	2,1		30.966	25.886	0,8	10.379	2,5		
		33.359	102.927	32%	160.364	159.211	3,1	9,6	ESA	101.865	115.981	1,4				


1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun (des. 2012 og 2013)

Íbúum í dreifbýli hefur fækkað síðustu tvo áratugi en íbúum fjölgað í þéttbýli. Í dreifbýli bjuggu um 17.620 manns árið 1994 og fækkaði fram að bankahruni niður

Mynd 1.3.2 Hlutfallsskipting íbúafjöldans á landshluta 1998-2012




Mynd 1.3.1 Íbúafjöldi í þéttbýli og dreifbýli 1994-2013



undir 10.000 árið 2007. Eftir hrun tók íbúum í dreifbýli að fjölga aftur og voru flestir 18.445 árið 2009 en hefur fækkað síðan í 16.464 árið 2013. Íbúum þéttbýlisstaða með yfir 50 íbúa fjölgaði hins vegar þessa tvo síðustu áratugi, þó hægar eftir bankahrunið, úr 247.443 árið 1994 í 305.393 árið 2013.

1. janúar 2012 bjuggu 319.575 manns á Íslandi, þar af 298.813 á þéttbýlisstöðum með 200 íbúa eða fleiri, eða 93,5%. Íbúum hafði þá fjölgað úr 272.381 frá 1998, um 47.194 eða um 17,3%. Fjölgun íbúa hefur



Mynd 1.3.3

ÍSLAND
ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA Í DREIFBÝLI
OG ÞÉTTBÝLI 1980-2011

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ
03.11/11.12-SA, AR
Byggðastofnun

verið misjöfn eftir svæðum, en í grófum dráttum hefur fækkað í dreifbýli og á svæðum fjarri stórum þéttbýlisstöðum. Á korti, mynd 1.3.3 er sýnd þróun íbúafjöldans á tímabilinu 1980-2011 og þar sjást vel þessir megindrættir í þróun mannfjöldans. Samanlagður íbúafjöldi í þéttbýli á hverju svæði hefur þó sums staðar vaxið þó íbúafjöldi svæðisins hafi minnkað.

Frá 1998 hefur hluti þjóðarinnar sem búsettur er á höfuðborgarsvæðinu farið vaxandi og líka sá hluti sem búsettur er á Suðurnesjum. Þessi þróun er einkennandi fyrir fólksfjöldaþróun á Íslandi síðustu áratugi. Þessi þróun síðustu ár er viðfangsefni í skýrslu Byggingastofnunar frá des. 2010, Breytingar á íbúafjölda 2001-2010, sem unnt er að sækja á heimasíðu hennar, www.byggingastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldi_2001-2010.pdf.

Íslendingum hefur fjölgað í öllum aldurshópum síðasta hálfan annan áratug. Þessi fjölgun kemur fram á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum

Tafla 1.3.7 Íbúafjöldi þéttbýlisstaða með meira en 2000 íbúa 2012


Heimild: Hagstofa Íslands

1	Reykjavík	117.980
2	Kópavogur	31.198
3	Hafnarfjörður	26.477
4	Akureyri	17.586
5	Keflavík og Njarðvík	14.047
6	Garðabær	11.256
7	Mosfellsbær	8.535
8	Akranes	6.578
9	Selfoss	6.437
10	Seltjarnarnes	4.313
11	Vestmannaeyjar	4.192
12	Grindavík	2.825
13	Ísafjörður	2.602
14	Sauðárkrókur	2.572
15	Álftanes	2.389
16	Hveragerði	2.280
17	Egilsstaðir	2.268
18	Húsavík	2.232
	Samtals	265.767

Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 1.3.4 Karlar, fjöldi eftir aldurshópum 1998, 2005 og 2012

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 1.3.5 Konur, fjöldi eftir aldurshópum 1998, 2005 og 2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 1.3.6 Konur, fjöldi í hlutfalli af fjölda karla aldurshópum 1998, 2005 og 2012

Heimild: Hagstofa Íslands





og fjölmennið á þessum svæðum vegur þungt í landsmeðaltali.

Í megindráttum er þróun mannfjöldans eftir aldurshópum og landshlutum þannig að utan við áhrifasvæði höfuðborgarinnar minnka yngri aldurshópar en hinir eldri stækka. Það má telja veikleikamerki þegar fækkar í hinum virku aldurshópum á sviði atvinnulífs og barneigna og sú er raunin utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað í öllum aldurshópum síðan 1998 nema í aldurshópnum 70-79 ára. Fjölgun í þessum virku aldurshópum ber með sér mikilvægar forsendur fyrir nýsköpun og þróun á svæðinu.

Á höfuðborgarsvæðinu eru skilyrði fjölbreytt fyrir bæði kyn og allan aldur, bæði til starfa, náms, afþreyingar og þjónustu. Þessi skilyrði skapast að nokkru af íbúafjöldanum sjálfum og þar með að höfuðborgarsvæðið verður oftast fyrir valinu ef finna á sameiginlegri starfsemi stað. Skipting íbúa eftir kyni er mikilvægur kvarði því kynjahalli ber vott um stöðnun.¹ Sama gildir um skiptingu eftir aldurshópum. Þessi skipting eftir kyni og aldri byggist á fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands og uppfærast ár hvert. Áhugavert er að skoða sérstaklega samfélagsleg áhrif af uppbyggingu stóriðju á Austurlandi í ljósi þess að þar var engin slík starfsemi fyrir árið 2003. Í þessu sambandi er gagnlegt að skoða tölur um mannfjölda á Mið-Austurlandi og ekki síður samsetningu íbúa eftir



aldri og kynjum. Eðlilegt að líta til all langs tíma til að sýna samhengi við þróun frá því áður en uppbygging tengd stóriðju hófst. Enn fremur þarf að hafa í huga að á þessu tímabili hefur orðið mikil breyting í öðrum atvinnuvegum, svo sem hagræðing í sjávarútvegi með mikilli tæknivæðingu og fækkun starfa í fiskvinnslu.

¹ Anna Kristín Gunnarsdóttir, Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni. Lokaverkefni til M.A.-gráðu, Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, júní 2009


1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi (des. 2012)

Af 10 fjölmennustu bæjunum eru 9 á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, þ.e.a.s. innan daglegrar vinnusóknar. Að auki er Álftanes í þessum stærðarflokki, með yfir 2.000 íbúa. Í þessum bæjum á vinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar búa 229.210 íbúar, eða 86,3% þeirra íbúa sem búa á þéttbýlistöðum með meira en 2.000 íbúa. Utan við vinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar er Akureyri langfjölbýlasti bærinn með 17.586 íbúa. Þar á eftir koma Vestmannaeyjar með 4.192 íbúa. Síðan eru 6 bæir með íbúafjölda á milli 2.000 og 3.000.

Höfuðborgarsvæðið er fjölmennt á landsvísu en ekki í samanburði við þéttbýl svæði í Evrópu sem höfuðborgarsvæðið er í samkeppni við. Akureyri er líka öflug á landsvísu en bæir með færri en 3.000 íbúa virðast vera á mörkum fækkunar og fjölgunar. Þar er samt gerjun og að því leyti ekki rétt að kalla ástandið stöðnun.


Mynd 1.4.1 Þróun íbúafjölda þéttbýlisstaða með meira en 2000 íbúa 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 1.4.2 Þróun íbúafjölda þéttbýlisstaða með 2000-18000 íbúa 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



1.5 Brothættar byggðir (2013)


Á undanförunum árum og áratugum hefur byggð dafnað á stórum þéttbýlistöðum og í nágrenni þeirra, einkum í byggðarlögum innan við 100 km fjarlægðar frá Reykjavík og á Mið-Norðurlandi og Mið-Austurlandi. Á þessum svæðum búa um 92% þjóðarinnar. Hins vegar hafa nokkur byggðarlög á varnarsvæðum átt við mikinn vanda að etja um langt árabíl. Þessi vandi birtist í viðvarandi fólksfækkun, einhæfni atvinnulífs, fækkun starfa og hækkandi meðalaldri íbúa. Hér er einkum um að ræða fámenna byggðakjarna og sveitir í umtalsverðri fjarlægð frá stærri byggðakjörnum.

Byggðarlögin þar sem fækkunin hefur verið mest standa höllum fæti. Þau verkfæri sem til staðar eru, svo sem lánveitingar af hálfu Byggðastofnunar og fjölþættur stuðningur atvinnuþróunarfélaga og stoðkerfisins, auk ýmissa annarra aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga í gegnum tíðina hafa ekki megnað að stöðva þessa þróun, hvað þá að snúa henni við.

Byggðastofnun hafði á árinu 2012 frumkvæði að tilraunaverkefni þar sem leitað er lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við íbúasamtök á Raufarhöfn, sveitarfélagið Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólann á Akureyri og fleiri aðila. Leitast er við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á forsendum þeirra í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, eigendur brottflutta íbúa og aðra sem vilja láta sig framtíð byggðarlagsins varða. Það var gert með því að halda íbúafundi þar sem rætt var um stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna og halda tveggja daga íbúabing, yfir helgi. Fenginn var sérstakur ráðgjafi til þess að stýra fundum og úrvinnslu þeirra. Framhald verkefnisins byggir á niðurstöðum íbúabingsins en íbúarnir sjálfir ákváðu umræðuefni þess og því hvernig verkefnum skyldi forgangsraða. Að ósk þeirra var ráðinn verkefnisstjóri til eins árs, staðsettur á Raufarhöfn.

Árangur verkefnisins á Raufarhöfn er margvíslegur og á eftir að koma betur í ljós. Stofnuð hafa verið íbúasamtök og eldri borgarar mynduðu einnig félagsskap. Sótt var um aukinn byggðakvóta og í gangi eru þróunarverkefni í vinnslu sjávarafurða. Ýmislegt er í gerjun í ferðamálum, til dæmis fékkst 25 m.kr. styrkur til Heimskautsgerðis frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða, aukning er í framboði gistirýmis í bænum, starfshópur var settur á fót um mótun framtíðarsýnar fyrir Raufarhöfn sem


Mynd 1.5.1 Íbúafjöldi á Raufarhöfn 1998-2013



áfangastað ferðamanna, skipulagðar ferðir með veiðimenn í vötn á Sléttu og við Þistilfjörð. Þá er til skoðunar að auka framboð á menntun í takti við grunnatvinnuveg svæðisins þ.e. sjávarútveg. Verið er að huga að kortlagningu á húsum á Raufarhöfn og þá einkum eldri húsum, meðal annars með það fyrir augum að koma í veg fyrir tilviljunarkennda eyðileggingu þeirra og fá góðum húsum hlutverk t.d. í þágu ferðabjónustu. Önnur verkefni til athugunar lúta að nýtingu á rekaviði og möguleika á að koma upp alþjóðlegri rannsóknarstöð fyrir náttúruvísindamenn. Það er mat aðstandenda verkefnisins að það hafi nú þegar skilað umtalsverðum árangri við að virkja heimamenn til að tryggja eigin framtíð og efla samtakamátt þeirra og samstöðu. Miklar væntingar eru gerðar til þess að verkefnið skili meiri árangri en fyrri tilraunir til að nálgast vanda Raufarhafnar að ofan og utan.

Hugmyndin var frá upphafi sú að verkefnið á Raufarhöfn væri módel sem hægt væri að nota á fleiri stöðum sem stæðu frammi fyrir vanda í atvinnulífi, vegna fækkunar íbúa eða annarri ógn. Fyrir Byggðastofnun og ríkisvaldið er mikilvægt að þróa

Mynd 1.5.2 Fjöldi karla og kvenna á Raufarhöfn eftir aldurshópum 1998-2013



verkefni sem nýst geta til að taka á sambærilegum vanda annarra byggðarlaga. Þegar íbúafundum var lokið á Raufarhöfn og verkefnisstjóri tekinn til starfa var hafist handa við að færa út verkefnið til fleiri staða. Fjárveiting fékkst frá Alþingi upp á 50 m.kr. í þetta verkefni. Var ákveðið að höfðu samráði við heimamenn, atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga að verkefnið skyldi auk Raufarhafnar ná til Bíldudals, Skaftárhrepps og Breiðdalshrepps. Hófust fundir á þessum stöðum í september 2013 og mun væntanlega ljúka snemma árs 2014. Verkefninu er þó hvergi nærri lokið.

Svæðin fjögur eru bæði lík og ólík. Raufarhöfn og Bíldudalur eru sjávarþorp með um 170 íbúa. Báðir staðirnir eru hluti af landstóru sveitarfélagi með nokkra þéttbýlisstaði. Raufarhöfn er staðsett talsvert lengra frá stjórnslu en Bíldudalur.


Þar byggir samfélagið á sjávarútvegi og hefur alltaf gert, meðan mikilvægi sjávarútvegs hefur minnkað á Bíldudal og kalkþörungaverksmiðjan er stærsti vinnustaðurinn. Samfélagið á Bíldudal horfir fram á miklar breytingar í tengslum við stóraukið laxeldi á svæðinu. Engu að síður hefur Bíldudalur glímt við mikla fækkun íbúa og skekta aldursdreifingu, ekki síður en Raufarhöfn. Bæði Breiðdalshreppur og Skaftárhreppur eru sveitarfélög með einn þéttbýliskjarna og því þótti rétt að hafa allt sveitarfélagið undir, ekki aðeins þorpin. Atvinnulíf á Breiðdalsvík byggði á sjávarútvegi en það hefur breyst. Landbúnaður, ferðaþjónusta og önnur þjónusta eru helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins. Skaftárhreppur er landstórt sveitarfélag og þar eru landbúnaður og ferðaþjónusta aðal atvinnugreinar. Kirkjubæjarklaustur er þorp inni í landi og byggir á þjónustu við nærumhverfið og á ferðaþjónustu. Mikil fólksfækkun hefur orðið á svæðinu en vandinn felst þó ekki síður í skekktri aldursdreifingu.

Um svæðin:


Á Raufarhöfn bjuggu 169 manns í janúar 2013. Þorpið tilheyrir sveitarfélaginu Norðurþingi sem er landstórt og sameinað sveitarfélag frá 2006, með 2.864 íbúa. Í

sveitarfélaginu eru þrjú þéttbýliskjarnar, Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn og er Húsavík stærsti bærinn og þjónustumiðstöð fyrir norðaustursvæðið. Frá Raufarhöfn eru 130 km til Húsavíkur og 610 km til Reykjavíkur. Fólksfækkun á Raufarhöfn á 15 ára tímabili, 1998-2013, var 55,6%. Mikil áföll hafa orðið í atvinnulífi staðarins undanfarin ár. GPG, með höfuðstöðvar á Húsavík, er kjölfestan í sjávarútvegi á Raufarhöfn, með um 20 manns í vinnu.

Mynd 1.5.3 Íbúafjöldi á Bíldudal eftir aldurshópum 1998-2013



Mynd 1.5.4 Fjöldi karla og kvenna á Bíldudal eftir aldurshópum 1998-2013




Á Bíldudal bjuggu 170 manns í janúar 2013 og hefur íbúum þar fækkað um 46% frá árinu 1998. Þorpið er hluti Vesturbyggðar, sameinaðs sveitarfélags frá 1994 með 941 íbúa. Í sveitarfélaginu eru þrír byggðakjarnar, Birkimelur á Barðaströnd, Patreksfjörður og Bíldudalur. Til Ísafjarðar eru 205 km um fjallvegi sem eru að mestu lokaðir yfir vetrartíma, og til Reykjavíkur eru 427 km. Mikil umbreyting hefur orðið í atvinnulífi á Bíldudal síðustu ár eftir tíð gjaldþrot sjávarútvegsfyrirtækja á staðnum og síðan uppbyggingu Kalkpörunga-verksmiðjunnar. Nú eru breytingar framundan vegna fyrirhugaðs laxeldis Arnarlax sem gæti þýtt marga tugi starfa. Verið er að vinna nýtt aðalskipulag vegna þessa. Ákveðið var að höfðu samráði við landshlutasamtökin, AtVest og fleiri aðila, að velja Bíldudal til umfjöllunar vegna íbúaþróunar og til að íhuga hvernig best er að mæta slíkum breytingum.


Í Breiðdalshreppi búa 180 manns, þar af 130 á Breiðdalsvík, sem er eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu. Mikil og stöðug fækkun hefur verið í Breiðdalshreppi og hefur íbúum þar fækkað um 40,4% frá árinu 1998. Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn í Breiðdalshreppi, með um 15 stöðugildi og því næst kemur sjávarútvegurinn. Ferðaþjónusta er einnig mikilvægur þáttur og eru tvö hótél á svæðinu, Staðarborg og Hótel Bláfell auk bændaþingar og kaffihúsa. Áætlað er að í álveri Alcoa á Reyðarfirði starfi að jafnaði um 10 manns frá Breiðdalsvík. Breiðdalur telst eitt vinnusóknarsvæði. Til Egilsstaða eru 92 km og 614 km til Reykjavíkur.

Íbúar í Skaftárhreppi voru 443 í janúar 2013, þar af 119 manns á Kirkjubæjarklaustri, sem er eini þéttbýliskjarninn. Sveitarfélagið er mjög landstórt. Íbúum í hreppnum hefur fækkað um 25,3% frá árinu 1998. Í Skaftárhreppi eru landbúnaður og ferðaþjónusta aðal atvinnugreinar. Landbúnaður er þó í hnignun en ferðaþjónusta í vexti. Ferðaþjónustan er árstíðabundin og sveitarfélagið eitt það allra strjálbýlasta á landinu. Mjög langt er að sækja verslun og þjónustu. Til Reykjavíkur eru 258 km, til Hafnar 201 km. Á haustmánuðum 2013 hafa fleiri sveitarstjórnir, á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, sýnt áhuga á því að sambærileg


Mynd 1.5.5 Íbúafjöldi í Breiðdalshreppi 1998-2013



Mynd 1.5.6 Fjöldi karla og kvenna í Breiðdalshreppi eftir aldurshópum 1998-2013



Mynd 1.5.7 Íbúafjöldi í Skaftárhreppi 1998-2013



verkefni verði unnin á fleiri stöðum, og nú er til skoðunar að taka fyrir málefni fleiri byggðarlaga með sambærilegum hætti.

1.6 Jafnréttismál (2013)

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla no. 10/2008, sem í daglegu tali eru nefnd Jafnréttislögin segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“ Og í 17. grein segir:


„Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefna sviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.“ Með kynjasambættingu er átt við að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu og á það að sjálfsögðu við um Byggingaráætlun.

Mikill brottflutningur kvenna úr landsbyggðunum er sérstakt áhyggjuefni og bendir mikill brottflutningur ungra kvenna til félags- og efnahagslegs mismunar og ógnar heildarmynd svæðisbundinnar samkenndar og jafnvægi í byggðapróun². Augljóslega veikjast samfélögin alvarlega þegar ekki eru konur til að fæða börn til að viðhalda samfélaginu. Í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu er konur færri en karlar og er munurinn mestur á Austurlandi þar sem eru 89 konur á móti 100 körlum. Ef aldurshópurinn 20–39 ára er skoðaður er munurinn enn meiri, konur eru 86 á móti 100 körlum. Þó skal tekið fram að þetta eru ekki séríslenskar aðstæður því þessi þróun er víða á Vesturlöndum. Í Noregi hefur t.d. verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að reyna að laða konur til búsetu í hinum dreifðu byggðum og jafna kynjahallann. Jafnrétti kynjanna er mikilvægt til þess að sporna gegn neikvæðri byggðapróun.

Atvinnuástand á svæðum, möguleiki til náms, aðgengi að grunnþjónustu og sambætting atvinnu- og fjölskyldulífs eru mikilvægir mælikvarðar til að tryggja jöfn tækifæri bæði svæðisbundið og milli kynjanna. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er um 78% og konur eru um 47% vinnuafslins. Vinnumarkaður hér á landi, eins og víða í hinum vestræna heimi, er kynjaskiptur þar sem konur eru í miklum hluta launþegar í ýmiss konar þjónustugreinum. Landsbyggðir Íslands eru mjög karllægar og norm og gildi samfélaga og störf meira tengd við karlmenn s.s. í frumatvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði og iðnaði eru mjög ráðandi. Konur sinna oft störfum í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og öðrum störfum í opinberri þjónustu og því þyrfti stefna og aðgerðir til stuðnings byggðapróun að miða að því að brjóta upp kynjaskiptan vinnumarkað.

Elsta búferlakönnun sem vitað er um í heiminum er frá árinu 1885. Ekki er langt síðan farið var að kyngreina búferlarannsóknir erlendis og á Íslandi og ekki margar rannsóknir sem hafa skoðað sérstaklega hvort orsakir búferlaflutninga eru aðrar hjá konum en körlum. Þær rannsóknir sem liggja fyrir eru takmarkaðar og misvísandi. Rannsókn sem gerð var 1997 af Stefáni Ólafssyni fyrir

Mynd 1.5.8 Fjöldi karla og kvenna í Skaftár-hreppi eftir aldurshópum 1998-2013





² Sjá t.d. ESPON SEMIGRA-verkefnið, bls. 6. www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html

Byggðastofnun og mikið hefur verið vitnað í var til að mynda ekki kyngreind. Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason bentu á það í rannsókn árið 2005 að á Íslandi hafi ekki verið rannsakað sérstaklega hvað þarf til að konur kjósi sér búsetu á landsbyggðinni og byggðaaðgerðir hafi ekki miðað sérstaklega að því að laða konur til búsetu þar.

Margar ástæður eru til þess að kyngreina upplýsingar í búferlarannsóknnum. Ein sú veigamesta er að þó mikið hafi unnist síðustu öldina er fullu jafnrétti ekki náð. Konur sinna í mun meira mæli heimili og barnaupeldi en karlar og tölur sýna að enn vinna karlar lengri vinnudag en konur. Vinnumarkaður er enn mjög kynjaskiptur og námsval kvenna frábrugðið námsvali karla. Þessi atriði ásamt fleirum, svo sem launamuni kynjanna, gera það að verkum að aðstæður kvenna og karla eru ekki þær sömu. Búsetuþarfir og óskir um búsetu eru ekki endilega þær sömu og því verður að skoða hlutina í ljósi þess. Konur í dreifbýli búa ekki við sömu möguleika til starfa og náms og konur í þéttbýli og því er víða um heim að finna dæmi um stuðningsaðgerðir í þágu kvenna til þess að stemma stigu við byggðaröskun, t.d. í Noregi með lægri skatta og afslátt á námslánnum. Þar sem atvinnutækifæri fyrir konur eru takmörkuð er sjálfstæður atvinnurekstur lausn fyrir sumar konur en þær eru þó ekki einsleitir hópur. Því er ein leið til að snúa þessari þróun við að fjölga stuðningsaðgerðum sem miða að því að konur geti hafið eigin atvinnurekstur í landsbyggðum.

Árið 2012 kom út skýrsla Nordregio, norrænu fræðastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum um stuðningsaðgerðir við frumkvöðlastarfsemi kvenna. Í skýrslunni kemur fram að Ísland er eina landið af Norðurlöndum þar sem skortir stefnu á þessu sviði.

Mynd 1.6.1 sýnir fjölda kvenna á hverja 100 karla eftir landshlutum. Á henni sést staða miðað við alla aldursflokka en á mynd 1.6.2 sést staða í aldursflokknum 20–39 ára. Á Austurlandi er munurinn mestur í þessum aldursflokki, 86 konur á hverja 100 karla. Meðaltalið í löndum EES 97 konur á hverja 100 karla.




Almennt eru margvíslegar og einstaklingsbundnar ástæður fyrir brottflutningi og aðgerðir til mótvægis þurfa því að vera margháttaðar. Í nýlegri skýrslu Selective Migration and Unbalanced Sex Ratio in Rural Regions („Val um búferlaflutninga og ójafnvægi í kynjahlutföllum í dreifðum byggðum“)³ sem kom út á síðasta ári á vegum ESPON⁴ er fjallað um rannsókn sem gerð var á búferlaflutningum og kynjahlutföllum á fimm svæðum í Evrópu. Rannsóknin var margþætt, meginleg og eigindleg. Spurningalistar voru lagðir fyrir unglunga til að kanna viðhorf þeirra til búsetu á svæðunum. Tekin voru viðtöl við konur sem þar búa og hafa flutt þangað. Þá var rætt við sérfræðinga sem móta stefnu í byggðamálum og starfsmenn hjá

sveitarfélögum. Tilgangurinn var rannsókn og tillögugerð sem mætti heimfæra á svæði sem búa við svipaða íbúapróun. Þó er tekið fram að ríki Evrópu eru ólík að menningu, atvinnu og öðrum svæðisbundnum þáttum en margar lýsingar í þessari skýrslu lýsa aðstæðum sem svipar til aðstæðna á Íslandi.

Ástæður brottflutnings ungra kvenna úr landsbyggðunum eru margar og mismunandi og aðgerðir þurfa að taka mið af því. Rannsóknir sýna að strax á unglingsaldri stefna stelpur frekar á brottflutning og nám en strákar, að mannleg samskipti og menningarbundnir þættir skipta stelpur meiru en strákar meta veraldlega hlutir meira. Aðgerðir ættu ekki að miða að því að koma í veg fyrir að ungt fólk flytji í burtu til að auka við menntun sína og þekkingu heldur verður að ráðast í aðgerðir sem gera ungu fólki kleift að snúa aftur að námi loknu. Aukin háskólamenntun kvenna kallar á fleiri störf fyrir háskólamenntaðar konur í landsbyggðunum eigi þær að geta sest þar að. Atvinna fyrir bæði kynin, gott umhverfi til að ala upp börn, þar með talin dagvistun og skólar ásamt nægu húsnæðisframboði, eru mikilvægir þættir til þess að fá ungar konur til að snúa heim eftir nám. Grunnþjónusta þarf að vera góð og opinber þjónusta er ekki bara nauðsynleg vegna framboðs á störfum heldur líka nátengd ímynd svæðanna. Niðurskurður á þessum sviðum vinnur gegn fjölgun ungra kvenna á svæðunum. Sem dæmi um þetta er niðurskurður í heilbrigðismálum á Íslandi sem bitnar mjög á konum.

Mynd 1.6.3: Flokkun svæða eftir hlutfall kynja í aldurhópi 20-34 ára

Heimild ESPON: Selective Migration and Unbalanced Sex Ratio in Rural Regions



³ www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html

⁴ European Observation Network on Territorial Development and Cohesion, Evrópskt netverk fyrir rannsóknir á byggðapróun og aðlögun

2. Menntun (des. 2012)

2.1 Menntun eftir landshlutum

Fyrir greiningu á skiptingu eftir menntun og landshlutunum fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman tölur úr gögnum sínum. Capacent spyr í ýmsum könnunum sínum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak. Niðurstöður má sjá hér á töflu.

Í samanburði vekja eftirtalin atriði sérstaka athygli:


Höfuðborgarsvæðið: Í samanburði við landsmeðaltal sker höfuðborgarsvæðið sig alveg úr. Þar er hærra hlutfall sem lokið hefur grunn- og framhaldsnámi í háskóla en mun lægra hlutfall sem aðeins hefur lokið grunnskólanámi eða minna.

Suðurnes: Í samanburði við landsmeðaltal er lægra hlutfall með háskólamenntun, mun hærra hlutfall karla með iðnmenntun, aðeins hærra hlutfall kvenna með stúdentspróf sem hæstu prófgráðu og áberandi hærra hlutfall þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólanámi eða minna.

Tafla 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri í hverjum landshluta 2011-2012 eftir menntun

Karlar	Grunnskóla- próf eða minna	Starfsnám í framh.skóla	Stúdents- próf	Iðnnám/ver- nám/meist- nám/ara- próf	Grunnnám í háskóla	Framhalds- nám í háskóla	
Suðurland	31%	5%	12%	39%	10%	3%	100%
Austurland	35%	4%	11%	30%	15%	5%	100%
Norðurl.eystra	28%	5%	13%	33%	16%	4%	100%
Norðurl.vestra	33%	5%	8%	39%	9%	6%	100%
Vestfirðir	24%	6%	13%	43%	11%	3%	100%
Vesturland	34%	2%	14%	37%	10%	3%	100%
Höfuðborgarsvæðið	16%	3%	16%	28%	24%	13%	100%
Suðurnes	37%	4%	6%	36%	13%	4%	100%
Landið	22%	3%	14%	31%	19%	10%	99%
Konur							
Suðurland	42%	7%	17%	8%	21%	5%	100%
Austurland	36%	8%	15%	14%	22%	5%	100%
Norðurl.eystra	33%	9%	20%	8%	25%	6%	100%
Norðurl.vestra	39%	8%	19%	7%	24%	3%	100%
Vestfirðir	42%	8%	13%	10%	22%	5%	100%
Vesturland	36%	11%	21%	8%	19%	4%	100%
Höfuðborgarsvæðið	22%	6%	20%	9%	30%	14%	100%
Suðurnes	39%	5%	23%	9%	21%	5%	100%
Landið	27%	6%	19%	9%	27%	11%	99%


Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri í hverjum landshluta 2011-2012 eftir menntun








Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri í hverjum landshluta 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent

Karlar



Konur




Vesturland: Í samanburði við landsmeðaltal er mun lægra hlutfall sem lokið hefur háskólanámi, mun hærra hlutfall karla með iðnmenntun, hærra hlutfall kvenna sem lokið hafa starfsnámi í framhaldsskóla og áberandi hærra hlutfall sem aðeins hefur lokið grunnskólanámi eða minna.

Vestfirðir: Í samanburði við landsmeðaltal eru mun lægra hlutfall sem lokið hefur háskólanámi, sérstaklega meðal karla, en hins vegar hefur hærra hlutfall karla lokið iðnnámi. Þá hefur hærra hlutfall lokið starfsnámi í framhaldsskóla en á landsvísu en sérstaklega athygli vekur hlutfall kvenna, langt umfram landsmeðaltal, sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi eða minna á meðan hlutfall karla í þeim menntunarflokki er aðeins lítillga yfir landsmeðaltali.

Norðurland vestra: Í samanburði við landsmeðaltal er mun lægra hlutfall sem lokið hefur háskólanámi þó ekki muni ýkja miklu þegar horft er á grunnnám í háskóla meðal kvenna. Á hinn bóginn er mun hærra hlutfall iðnmenntaðra karla en að landsmeðaltali. Á móti kemur að hlutfall karla með stúdentspróf er nokkru lægra en á landsvísu. Þá er hlutfall þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi eða minna mun hærra en landsmeðaltal.

Norðurland eystra: Í samanburði við landsmeðaltal er hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólaprófi lægra og nokkuð fleiri sem lokið hafa starfsnámi í framhaldsskóla eða hafa grunnskólapróf eða minna. Að öðru leiti er svæðið nokkuð í takt við landsmeðaltalið.

Austurland: Í samanburði við landsmeðaltal er mun lægra hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólanámi og nokkru hærra hlutfall kvenna með iðnmenntun. Þá er heldur lægra hlutfall með stúdentspróf sem hæstu prófgráðu en á móti kemur að verulega hærra hlutfall er aðeins með grunnskólapróf eða minna en á landsvísi.




Suðurland: Í samanburði við landsmeðaltal eru mun færri sem lokið hafa háskólanámi og mun hærra hlutfall karla hefur iðnmenntun. Mun fleiri en á landsvísi sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi eða minna og er áberandi hátt hlutfall kvenna í þessum menntunarhópi athyglisvert.

Aðgengi að menntun telst mikilvægt fyrir nýsköpun og samkeppnishæfni samfélaga. Háskólar eru í Reykjavík, Borgarfirði, Skagafirði og Akureyri en háskóla- og þekkingarsetur og símenntunarstöðvar í öllum landshlutum. Þessi setur og stöðvar hafa aðstöðu fyrir fólk til þess að stunda fjarnám við æðri menntastofnanir. Framhaldsskólar eru í öllum landshlutum, fleiri en einn eða útibú í mörgum þeirra.

Í evrópskum samanburði sést að Ísland, með yfir 60% í viðeigandi árgöngum í framhaldsskóla, skorar hátt.

Mynd 2.1.5 Hlutfallsfjöldi nemenda í framhaldsskólum í Evrópu 2009



3. Efnahagsþróun

3.1 Tekjur (2013)

Útsvarsstofn á íbúa lýsir nokkuð vel tekjum á mann miðað við aðrar upplýsingar um tekjur sem tiltækar eru. Tekjuþróunin í landshlutanum er sýnd í töflum í samanburði við landsmeðaltal. Annars vegar er útsvarsstofn sýndur á hvern íbúa og hins vegar er útsvarsstofninn sýndur á verðlagi ársins 2012 á hvern íbúa í landshlutanum og stofninn árið 2006 settur á 100. Með því móti fæst einföld og samanburðarhæf mynd af þróuninni. Töflurnar sýna að fyrstu tvö árin er Austurland um fjórðungi hærra en meðaltalið en höfuðborgarsvæðið var einnig yfir meðaltali. Á botninum var hins vegar Norðurland vestra með að meðaltali tæplega 20% lægri útsvarsstofn á íbúa. Á árinu 2012 var landsmeðaltalið 87,6% af því sem það var árinu 2006. Austurland og Höfuðborgarsvæðið voru yfir meðaltali ársins. Neðst voru hins vegar Suðurnes og Norðurland vestra.


Tafla 3.1.1 Útsvarsstofn á íbúa

Útsvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2012 í milljónum kr.							
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Höfuðborgarsvæði	3.638	3.963	3.632	3.173	2.994	2.934	3.113
Suðurnes	3.137	3.371	3.062	2.680	2.539	2.494	2.631
Vesturland	3.054	3.285	3.045	2.814	2.769	2.696	2.852
Vestfirðir	2.967	3.096	3.033	2.908	2.743	2.721	2.934
Norðurland vestra	2.780	2.870	2.764	2.669	2.602	2.526	2.749
Norðurland eystra	2.915	3.123	2.971	2.799	2.751	2.722	2.886
Austurland	4.473	4.293	3.327	3.053	2.990	3.065	3.253
Suðurland	2.944	3.162	2.979	2.711	2.651	2.650	2.856
Samtals	3.447	3.716	3.406	3.028	2.887	2.841	3.019

Tafla 3.1.2 Útsvarsstofn á íbúa miðað við landsmeðaltal
Útsvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2012 -
landsmeðtal 2006 sett á 100

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Höfuðborgarsvæði	105	115	105	92	86,9	85	90
Suðurnes	91	98	89	78	73,7	72	76
Vesturland	89	95	88	82	80,3	78	83
Vestfirðir	86	90	88	84	79,6	79	85
Norðurland vestra	81	83	80	77	75,5	73	80
Norðurland eystra	85	91	86	81	79,8	79	84
Austurland	130	125	96	89	86,7	89	94
Suðurland	85	92	86	79	76,9	77	83
Samtals	100	108	99	88	83,8	82	88

Á súluritinu á mynd 3.1.3 má sjá einfalda mynd fyrir hvert ár og hvern landshluta og bera landshlutana saman. Athyglisverðast fyrir þróunina er að á árinu 2012 varð hækkun á meðalútsvarsstofni í öllum landshlutum eftir árlega lækkun allt frá bankahruninu 2008.



3.2 Vinnumarkaður, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi (2013)



Vinnumarkaðir, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi

Vinnuafli á landinu var áætlað vera um 180.100 árið 2012 en var 184.100 árið 2008. Þriðjungur vinnuaflsins var utan höfuðborgarsvæðisins en um 2/3 á höfuðborgarsvæðinu. Vinnuafli hefur minnkað frá árinu 2008 og er fækkunin hlutfallslega heldur meiri á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuþátttaka


Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar.

Atvinnuþátttaka minnkaði frá því að vera tæp 83% árið 2008 niður í rúm 80% árið 2012. Atvinnuþátttaka karla hefur minnkað frá því að vera um 87% í 83%, en atvinnuþátttaka kvenna hefur verið nokkuð stöðug og var hin sama árin 2008 og 2012 eða 77,7%. Atvinnuþátttaka karla á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað stöðugt þetta tímabil, en utan






höfuðborgarsvæðisins minnkaði hún verulega á árinu 2009, en hefur síðan verið sveiflukenndari og heldur vaxandi árið 2012. Atvinnuþátttaka karla var meiri utan höfuðborgarsvæðisins þrjú af þessum fimm árum og munaði 1,7 prósentustigi árið 2012.

Atvinnuþátttaka kvenna á höfuðborgarsvæðinu var sveiflukennd á tímabilinu en hún var nánast sú sama árið 2008 og 2012 eða um 77,5%. Atvinnuþátttaka kvenna utan höfuðborgarsvæðisins var nokkru minni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 2,5 prósentustigum.






Atvinnuleysi

Tala atvinnulausra er reiknuð út frá samanlögðum fjölda atvinnuleysisdaga hvers mánaðar deilt með meðalfjölda virkra vinnudaga í mánuði (21,67 dagar). Vinnuafstölur, sem notaðar eru til grundvallar hlutfallslegu atvinnuleysi, eru í raun vinnuframboð (vinnuafslnotkun og atvinnuleysi) hvers árs skipt eftir landshlutum. Atvinnuleysi er fyrir ofan landsmeðaltal á suðvesturhorni landsins og er langmest á Suðurnesjum. Atvinnuleysi er minnst á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra, þeim landshlutum sem hafa búið við mestan brottflutning undanfarna áratugi.





Höfuðborgarsvæðið





Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var tæpu prósentustigi meira en landsmeðaltal en sveiflur í því eru svipaðar enda vegur vinnumarkaður svæðisins afar þungt í heildinni. Það var um 9% árin 2009 og 2010, en minnkaði ört á árunum 2011 og 2012 og var 6,4% í lok tímabilsins. Atvinnuleysi karla var um 10% í byrjun tímabilsins, en lækkaði ár frá ári og var 6,3% á árinu 2012. Atvinnuleysi kvenna var heldur lægra árið 2009 eða rúm 7%, en hækkaði á árunum 2010 og 2011 í tæp 8%, en síðan dró verulega úr því og það var 6,5% á árinu 2012.



Vesturland

Atvinnuleysi á Vesturlandi var á um 5 % á árunum 2009-2010 og um þremur prósentustigum undir landsmeðaltali. Dregið hefur úr atvinnuleysi milli árána 2010 og 2012 um tæplega eitt prósentustig hvort ár og var atvinnuleysið helmingi minna en á landsvísu. Atvinnuleysi karla og kvenna hefur minnkað um tvö prósentustig frá því sem það var á árunum 2009 og 2010.










Vestfirðir

Atvinnuleysi á Vestfjörðum var á bilinu 2-3,3 % á árunum 2009-2011 og því um fjórum til sex prósentustigum undir landsmeðaltali. Atvinnuleysi á Vestfjörðum hefur verið lítið undanfarin ár, en fór vaxandi á tímabilinu 2009 til 2011. En á árinu 2012 dró úr því aftur. Atvinnuleysi karla jókst frá 2009 til 2011 en á árinu 2012 dró úr því. Þróun atvinnuleysis kvenna var svipuð og dró úr því á árinu 2012.

Norðurland vestra


Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra var um 3 % á árunum 2009-2011 og því fjórum til fimm prósentustigum undir landsmeðaltali. Atvinnuleysi karla og kvenna minnkaði milli árana 2010 til 2012 og var um 2% hjá báðum kynjum, sem er það lægsta á landinu.








Norðurland eystra

Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra var 7 % á árið 2009, en minnkaði niður í 4,2 % á árinu 2012. Atvinnuleysi var 1,6r prósentustigum undir landsmeðaltali árið 2012. Atvinnuleysi karla hefur minnkað töluvert á þessum þremur árum eða um tæplega fjögur prósentustig, en atvinnuleysi kvenna minnkaði heldur minna eða um tvö prósentustig.




Austurland





Atvinnuleysi á Austurlandi var á bilinu 3,0-4,4 % á árunum 2009-2012 og um helmingi minna en á landinu öllu. Atvinnuleysi jókst lítillega framan af tímabilinu en á árinu 2012 minnkaði það umtalsvert eða niður í 3%. Atvinnuleysi karla var verulega minna en á landsvísu eða sem nemur um fimm til sex prósentustigum en atvinnuleysi kvenna var verulega meira og um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali árið 2012.



Suðurland


Atvinnuleysi á Suðurlandi var á bilinu 5-6 % á árunum 2009-2012 og því um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali. Á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega á Suðurnesjum er atvinnuleysi meira en á Suðurlandi og þau svæði vega mikið í landsmeðaltalinu. Dregið hefur úr atvinnuleysi á Suðurlandi milli ára 2010 til 2012 en það er svipuð þróun og í öðrum landshlutum. Atvinnuleysi karla hefur minnkað hratt frá árinu 2010 en atvinnuleysi kvenna var heldur minna en atvinnuleysi karla í byrjun tímabilsins en dregið hefur hægar úr því og á árinu 2012 var atvinnuleysi kvenna um einu prósentustigi meira en hjá körlunum.





Suðurnes

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var á bilinu 12-13 % á árunum 2009-2011 og því um 4-5 prósentustigum yfir landsmeðaltali. Á árinu 2012 dró verulega úr því og það mældist tæp 10% það ár. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega á Suðurnesjum vegur mikið í landsmeðaltalinu, enda stærstur hluti íbúa á þessum svæðum. Atvinnuleysi karla minnkaði frá ári til árs á tímabilinu 2010 til 2012 eða um 4 prósentustig. Atvinnuleysi kvenna minnkaði einnig verulega milli árunna 2011 og 2012.



3.3 Nýskráning fyrirtækja, framleiðsla og hagvöxtur (2013)

Nýskráning fyrirtækja

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki.


Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu og gjaldþrot fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki

Tafla 3.3.1 Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1000 íbúa 1999-2011

Heimild: Hagstofa Íslands

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Alls	7	7	7	11	8	9	10	10	12	8	8	5	5
Höfuðborgarsvæði	8	8	7	12	9	10	11	12	13	9	10	6	6
Suðurnes	5	6	5	8	8	6	8	10	13	7	6	5	4
Vesturland	6	6	6	12	7	6	7	6	9	5	6	4	4
Vestfirðir	7	9	8	16	9	6	8	8	10	6	10	6	6
Norðurland vestra	6	4	5	8	5	6	7	10	6	4	4	6	3
Norðurland eystra	4	5	4	8	6	6	6	7	7	6	6	3	4
Austurland	6	5	5	12	7	7	6	6	7	5	6	4	4
Suðurland	5	6	5	10	6	6	9	10	10	7	6	4	4

Mynd 3.3.2 Fjöldi nýskráðra hluta- og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 1999-2012



sem sett eru á laggirnar ná ekki inn skrá Hagstofunnar. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa.

Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráning fyrirtækja á landinu var fremur skrykkjótt eftir aldamót og landshlutarnir slá ekki allir sama takt þó nær lagi hafi verið fram til 2003. Athyglisverð er þá fjölgunin á Vestfjörðum. Síðan fækkaði nýskráningum alls staðar en fjölgaði svo aftur fram undir hrúnið 2008 þó munur hafi verið milli landshluta. Aftur er fjölgun nýskráninga á Vestfjörðum 2011-2012 athyglisverð í samanburði við aðra landshluta.

Mynd 3.3.3

Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja 2008-2012 eftir landshlutum

	2008	2009	2010	2011	2012
Höfuðborgarsvæði	544	691	681	1207	777
Suðurnes	50	41	84	107	97
Vesturland	22	24	39	27	35
Vestfirðir	16	12	20	23	20
Norðurland vestra	6	14	11	8	9
Norðurland eystra	47	45	55	73	58
Austurland	20	28	16	16	12
Suðurland	43	55	77	118	104

Heimild: Hagstofa Íslands


Gjaldþrot fyrirtækja

Fjöldi nýskráninga og gjaldþrota er eðlilega mestur á höfuðborgarsvæðinu. Eftir hrun hefur fjöldi gjaldþrota verið mikill þar hvert ár en 2011 voru gjaldþrotin samt meira en tvöfalt fleir en árið 2008. Árið 2011 virðist hafa verið metár að þessu leyti í öðrum landshlutum líka en þó ekki á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Samsetning framleiðslunnar árið 2011

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Byggingastofnun og hafa verið uppfærðar árlega.

Mynd 3.3.4 Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja 2008-2012 eftir landshlutum



Tafla 3.3.5 Skipting framleiðslu eftir atvinnugreinum og landshlutum 2011

	Höfuð- svæði	Lands- byggð	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	N- vestra	N- eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
Landbúnaður	0%	4%	0%	3%	4%	8%	4%	2%	9%	2%
Sjávarútvegur	2%	19%	19%	20%	31%	18%	14%	22%	18%	8%
Stóriðja, veitur	5%	10%	5%	20%	6%	5%	6%	21%	6%	7%
Annar iðnaður	8%	6%	3%	6%	5%	5%	7%	6%	8%	7%
Byggingar	4%	7%	10%	4%	5%	8%	8%	7%	7%	5%
Verslun, hótél, veitingar, samgöngur	28%	15%	27%	12%	11%	16%	14%	11%	13%	23%
Fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta	31%	18%	17%	15%	16%	16%	22%	16%	18%	27%
Opinber þjónusta	21%	20%	18%	19%	22%	24%	26%	15%	22%	21%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Þjónusta er aðalvinnugreinin á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru fjórir fimmtu allrar framleiðslu í þjónustugreinum. Utan höfuðborgarinnar er hlutfall þjónustu aðeins rúmur helmingur. Í tveim landshlutum á landsbyggðinni er hlutfallið verulega yfir helmingi, á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Sérstaklega vekur athygli stór hlutur verslunar, hótela og samgangna á Suðurnesjum. Hann má fyrst og fremst skýra með flugstöðinni á Keflavíkflugvelli og umsvifum kringum hana.

Á Akureyri og næsta nágrenni eru atvinnuhættir svipaðir og á höfuðborgarsvæðinu. Þjónusta er mikilvægasta atvinnugreinin. Annars staðar á Norðurlandi eystra skiptist framleiðsla á atvinnugreinum á svipaðan hátt og annars staðar út um land. Víðast hvar á landsbyggðinni munar mest um útflutningsgreinarnar og þá einkum sjávarútveg. Sjávarútvegur er oftast um fimmtungur framleiðslunnar. Ódýr króna kemur þeim svæðum vel þar sem útflutningsgreinarnar eru sterkar. Raungengi krónunnar (hlutfallslegt verðlag á íslenskri framleiðslu miðað við útlönd) er lágt um þessar mundir miðað við meðalár. Nokkur undanfarin ár hefur það verið um það bil fjórðungi lægra en að jafnaði áratugin á undan. Hlutfall sjávarútvegs er hæst á Vestfjörðum, rúm 30% en þar hefur mikilvægi þessarar greinar þó minnkað mikið undanfarin áratug. Stóriðja er burðarás í atvinnulífi á Vesturlandi og á Austurlandi, með um fimmtung framleiðslu á hvoru svæði. Árið 2003 var hlutur stóriðju og veitna í framleiðslu á Vesturlandi um 9% en á Austurlandi var hlutfallið 1%. Aðeins í tveimur landshlutum má heita að landbúnaður sé mikilvæg atvinnugrein, á Suðurlandi og Norðurlandi vestra. Þar er hann tæp 10% af framleiðslunni. Á báðum þessum landssvæðum hefur vægi hans minnkað frá 2003. Annars staðar er vægi greinarinnar undir 5%.

Framleiðsla á mann eftir landshlutum

Ekki munar mjög miklu á framleiðslu á mann frá einum landshluta til annars. Framleiðsla á mann er meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni en af öllum landshlutum er hún mest á Austurlandi og Vesturlandi. Skýringin á mikilli framleiðslu á mann á þessum tveim svæðum er sú að þar er fjármagnsfrek stóriðja. Hlutur fjármagns í framleiðslunni rennur að mestu til eigenda fjármagnsins, eigenda stóriðjufyrirtækjanna og lánardrottna. Minnst er framleiðsla á mann á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra.

Framleiðsla á mann jókst langmest á Austurlandi frá 2004 til 2011, en næst þar á eftir á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Framleiðsla á mann minnkaði örlítið á Norðurlandi eystra á þessum árum og stóð í stað á höfuðborgarsvæðinu. Frá því að þenslan stóð hæst, árið 2007, og til 2011 dróst framleiðsla á mann saman í öllum landshlutum. Mest hjaðnaði hún á Suðurnesjum en næst á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

Tafla 3.3.6 Framleiðsla á mann eftir landshlutum 2004-2011 í milljónum kr. á verðlagi 2005

	Höfuð- borgsv.	Lands- byggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	N. vestra	N. eystra	Austur- land	Suðurland	Landið allt
2004	2,9	2,4	2,2	2,8	2,3	2,3	2,3	2,5	2,3	2,7
2005	2,9	2,7	2,5	3,0	2,8	2,4	2,5	3,2	2,5	2,8
2006	3,1	2,7	2,5	3,1	2,7	2,4	2,2	3,4	2,6	2,9
2007	3,2	2,8	2,8	3,0	2,6	2,5	2,3	4,1	2,6	3,1
2008	3,1	2,9	2,8	3,3	2,9	2,6	2,6	4,0	2,7	3,0
2009	2,9	2,7	2,5	3,2	2,9	2,5	2,4	3,5	2,6	2,8
2010	2,8	2,6	2,3	3,0	2,5	2,5	2,2	3,5	2,5	2,7
2011	2,9	2,6	2,3	3,0	2,6	2,6	2,3	3,6	2,6	2,8
2004-2011	0%	11%	6%	10%	11%	10%	-2%	42%	10%	4%
2007-2011	-9%	-11%	-19%	-8%	-11%	-5%	-15%	-13%	-7%	-10%

Í samanburði við önnur lönd Evrópu sést að framleiðni vinnuafis á Íslandi 2010 var rétt við meðallag í 27 löndum ESB.

Hagvöxtur landshluta

Á árunum 2007 til 2011 varð samdráttur í framleiðsla á þrem svæðum á Íslandi; Austurlandi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Það kallast á við að á þessum svæðum var hagvöxtur mestur á þensluárunum fram til 2007. Kárahnjúkavirkjun og smíði álvers í Reyðarfirði eru meginástæða vaxtar og samdráttar á Austurlandi, vöxtur og fall bankanna er helsta skýring á breytingu á framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu en hin mikla sveifla sem orðið hefur í efnahagsumsvifum á Suðurnesjum er meira rannsóknarefni. Í öðrum landshlutum breyttist framleiðsla lítið á tímabilinu.

Tafla 3.3.7 Hagvöxtur eftir landshlutum 2004-2011


	Höfuðb- svæði	Lands- byggð	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	N- vestra	N- eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
2004	10%	2%	2%	4%	-1%	3%	-1%	4%	3%	7%
2005	4%	15%	18%	11%	18%	4%	10%	39%	10%	7%
2006	8%	3%	7%	4%	-3%	-2%	-11%	20%	6%	6%
2007	7%	6%	21%	1%	-8%	0%	4%	10%	1%	6%
2008	-1%	6%	6%	9%	13%	6%	13%	-10%	8%	1%
2009	-7%	-8%	-12%	-4%	0%	-4%	-9%	-16%	-5%	-8%
2010	-2%	-6%	-11%	-6%	-14%	-1%	-7%	0%	-4%	-3%
2011 bb	3%	3%	3%	2%	0%	1%	3%	4%	3%	3%
'04-'11	11%	18%	32%	18%	2%	5%	0%	43%	20%	13%
'07-'11	-8%	-6%	-13%	0%	-3%	2%	-1%	-22%	1%	-7%

Mest hjaðnaði framleiðsla á Austurlandi frá 2007 til 2011 eða um rúman fimmtung (sjá mynd 1). Það er afleiðing verkloka við Kárahnjúka og við byggingu álvers á Reyðarfirði. Næst mest minnkaði framleiðsla á Suðurnesjum á þessum árum, eða um 13%. Það skýrist að stórum hluta af samdrætti í byggingarstarfsemi. Þriðji mesti samdrátturinn varð í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar. Þar skrapp framleiðsla saman um 8% frá 2007 til 2011. Samdráttur á höfuðborgarsvæðinu má skýra að hálfu leyti með falli bankanna en einnig með miklum samdrætti í byggingaframkvæmdum.⁵

⁵ Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011 (útg. sept.2013)

Mynd 3.3.8 Samanburður á framleiðni vinnuafis í Evrópu 2010

Heimild: ESPON-verkefni RIATE, SIESTA og M4D 2013



4. Samgöngur


4.1 Vegir, hafnir og flugvellir (des.2012)

Í samgönguáætlun 2011-2012 er grunnet samgangna skilgreint eins og sýnt er á kortinu hér að neðan, vegir, hafnir og flugvellir. Í áætluninni eru henni sett markmið um jákvæða byggðapróun:

„Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangs röðun framkvæmda

Mynd 4.1.1 Grunnet samgangna-2011

Kort Samgönguáætlunar 2011-2022



tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt. Stytting ferðatíma, uppbygging vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðapróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustusvæða.“

Reykjavík er umferðarmiðstöð landsins, fyrir almenna vöruflutninga með skipum til landsins og frá því, og fyrir vöruflutninga innanlands sem aðallega fara fram með bílum. Áætlunarflug innanlands hefur miðstöð í Reykjavík og því tengist áætlunarflug milli Akureyrar, Þórshafnar og Vopnafjarðar alla virka daga og til Grímseyjar tvo daga í viku. Allir flugvellir í grunnetinu tengjast áætlunarflugi nema flugvöllurinn á Sauðárkróki. Ekki er áætlunarflug milli Reykjavíkur og flugvalla í þeim landshlutum sem næst liggja, á Suðurnesjum, vestanverðu Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Á vordögum 2012 hófst áætlunarflug milli Reykjavíkur og Húsavíkur að nýju eftir að hafa legið niðri í meira en áratug.


Mynd 4.1.2 Skipting stofnvega eftir kjördæmum

Kjördæmi	Stofnvegir km	Hlutfall
Suður	1.067,44	24,1
Suðvestur	95,22	2,2
Reykjavík	65,99	1,5
Norðvestur	1.805,52	40,8
Norðaustur	1.391,45	31,4
	4.425,62	100,0
Heimild: Vegagerðin		

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins og þeim eiga stofnvegir líka að tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig


Mynd 4.1.3 Flokkun þjóðvega-2010

Kort Vegagerðarinnar



umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Á korti Vegagerðarinnar sem sýnir flokkun vega 2010, 4.1.3, eru stofnvegir sýndir rauðir en stofnvegir á hálendi eru gráir. Vegagerðin gefur upp lengd vega eftir flokkum miðað við kjördæmi fyrir kosningar til Alþingis. Lengdir stofnvega samkvæmt þeirri skiptingu koma fram á töflunni, 4.1.2, og að lítil hluti stofnvega er í Reykjavík- og suðvesturkjördæmum.

Hafnir í grunnneti samgangna eru í öllum landshlutum en stórar flutningahafnir eru á suðvesturhorninu, Grundartanga, Reykjavík, Straumsvík og Helguvík auk Reyðarfjarðar á Austurlandi. Aðrar hafnir í grunnneti samgangna eru fiskihafnir en gert er ráð fyrir að 100-130 metra löng flutningaskip geti athafnað sig í stórum fiskihöfnum í flokki I.



Mynd 4.1.4

ÍSLAND
HAFNIR 2012

Heimil: Siglingastofnun, Samgönguáætlun 2011-2022,
Hagstofa Íslands, LMI
10.12/AR

Byggðastofnun

4.2 Almennings-samgöngur (des. 2012)

Áætlunarferðir milli landshluta hafa farið fram með flugvélum og rútum. Innan landshluta eru áætlunarferðir á vegum sveitarfélaga, tengdar skólum, áætlunarflugi eða rútuferðum milli landshluta.

Strætisvagnakerfi höfuðborgarsvæðisins er þróað landshlutakerfi almennings-samgangna á vegum byggðasamlags sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Strætó bs. Í kjölfar breyttra áherslna innanríkisráðuneytis í almennings-samgöngum sem t.d. er lýst í fréttum ráðuneytisins í janúar 2011⁶ og fólu í sér ábyrgð og fjárveitingar til landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa samtök þeirra á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og eystra leitað samstarfs við Strætó bs. um mótun á samræmdu leiðakerfi. Strætó bs. hefur gert tillögur um leiðakerfi, undirbúið útboð, samningagerð og sett upp þjónustuborð fyrir öll leiðakerfi. Haustið 2012 nær þetta samræmda leiðakerfi um Suðurland til Hafnar, um Vesturland vestur á Snæfellsnes og norður til Hólmavíkur og um Norðurland vestra til Akureyrar. Meginleiðum tengjast leiðir innan landshlutanna og ferjuhöfnum, Stykkishólmi og Landeyjahöfn. Á Suðurlandi er leiðakerfið þróað lengst með því að það nær yfir skólaakstur fyrir Fjölbrautaskóla suðurlands á Selfossi. Landshlutasamtök sveitarfélaga í þessum landshlutum vinna nú að þróun leiðakerfa innan landshlutanna og slík vinna er líka í gangi í öðrum landshlutum.⁷

4.3 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða (2012 og 13)

Ferðatími og greiðfærni eru mikilvægir samgöngubættir, ekki aðeins vegalengd. Samgöngur marka áhrifasvæði, vinnu- og þjónustusóknir og ráða þannig mörkum skilvirkra heilda eða samfélaga. Bundið slitlag, hæð vega yfir sjó, vetrarfærð og vegþjónusta eru mikilvægir þættir fyrir staðsetningu, samkeppnisstöðu og búsetu.

Stofnvegakerfi landsins (á láglandi) er 4.426 km en ekki allt á bundnu slitlagi samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar en bundið slitlag er þó lagt á lengri veg eða 5.503 km.

Mynd 4.2.1 Strætókerfi vestur- og norðurluta Íslands 2012

Kort Strætó bs.



Mynd 4.2.2 Strætókerfi Suðurlands 2012

Kort Strætó bs.




⁶ Sjá www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/24374

⁷ Byggt á samtölum við starfsmenn landshlutasamtaka og Vegagerðarinnar.

Mynd 4.3.1 Bundið slitlag-2011

Kort Vegagerðarinnar



Snjómokstur er alla daga Reykjavíkur og þéttbýlisstaða á Suðurnesjum og á milli Víkur í austri og Húsavíkur og Mývatns í norðri, vestur á Snæfellsnes og í Búðardal. Þannig er snjó mokað alla daga af vegum sem tengja ferjuhafnir í Þorlákshöfn, Landeyjum, Stykkishólmi og á Brjánslæk.



Frá Mývatni austur og suður til Víkur er snjómokstur sex daga vikunnar og frá Húsavík til Raufarhafnar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Snjómokstur er vor og haust á veginum um Dynjandisheiði, milli þéttbýlisstaða á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Þegar heiðin er ófær er styttri vegur frá Patreksfirði til Reykjavíkur en til Ísafjarðar. Samgöngur milli þéttbýlisstaða skapa landshlutanum sérstöðu.

Samgöngur innan landshluta móta daglegar vinnusóknir þéttbýlisstaðanna. Vegir yfir heiðar takmarka stærð vinnusóknanna því snjóalögum fylgir óvissa fyrir ferðatíma. Þessar aðstæður leiða til mun stærri vinnusóknarsvæða þéttbýlisstaða á Suðurnesjum, Vesturlandi og vesturluta Suðurlands en annars staðar samkvæmt könnunum sem atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun hafa gert. Þær hafa ekki náð til höfuðborgarsvæðisins en vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaðanna á þessu svæði virðast renna saman við svæði þar sem dagleg vinnusókn er inn á höfuðborgarsvæðið og þaðan til allra átta, þannig að svæðið sem nefnt er Hvítá-Hvítá verður eitt vinnusóknarsvæði.

Sum af þeim 30 slíkum svæðum sem greind hafa verið eru mjög lítil og virðist landslag ráða stærðum. Miklar samgöngubætur, stytting vegalengda, aukið umferðaröryggi og stækkun vinnusóknarsvæða, fást með veggangagerð sem fram fer á haustdögum 2013, Vaðlaheiðar- og Norðfjarðargöngum.

Mynd 4.3.2 Vetrarþjónusta 2012-2013

Kort Vegagerðarinnar



4.4. Gagnaflutningar (2013)

Samkvæmt yfirliti frá Póst- og fjarskiptastofnun í september 2013 eru 83 fjarskiptafyrirtæki skráð á Íslandi. Þau eru mjög mismunandi eftir starfsemi, allt frá því að reka talsíma- eða gagnaflutningsþjónustu yfir í að reka sæstreng.

Farnetsþjónusta

Af ofangreindum fyrirtækjum höfðu fjögur fyrirtæki fengið úthlutað tíðniheimildum í GSM og/eða 3G farsíma- og gagnaflutningskerfum til og með árinu 2012. Tíðniheimildir þriggja þessara fyrirtækja ná til alls landsins með tilteknum kvöðum um útbreiðslu og fjórða heimildin tekur til alls landsins utan Suðurlands og Suðvesturlands.

Sjá má kort yfir útbreiðsluvæði þjónustu á heimasíðum viðkomandi fyrirtækja (raðað eftir stafrófsröð) en ekki þó fyrir útbreiðslu kerfa fjórða símafyrirtækisins.⁸

Af kortunum má ráða að sameiginleg útbreiðsla GSM/2G sambands nær til nánast alls hins byggða hluta landsins en einhverjar eyður eru í óbyggðum og á öræfum landsins. 3G samband er einnig orðið mjög útbreitt en þó eru stærri eyður í byggð en í GSM/2G kerfinu. Ákvæði í leyfum varðandi reiki hafa verið og eru mjög mikilvæg varðandi aðgengi rekstraraðila að farsímamarkaði. Þetta sést best á því að af þeim fjórum fyrirtækjum sem veita farsímaþjónustu í GSM/2G kerfinu hafa aðeins tvö byggt upp dreifikerfi á landsvísu. Hin fyrirtækin nýta kerfin samkvæmt reikisamningum. Minna hefur reynt á reikisamninga varðandi 3G þjónustu.

Á árinu 2013 hafa þrjú ofangreindra fyrirtækja, auk eins fyrirtækis til viðbótar, fengið tíðniheimildir til að dreifa háhraða farsambandi, það er 4G. Öll leyfin taka til landsins alls en það sem mun skipta mestu máli um þróun á fjarskiptamarkaði í byggðum landsins er að 4G leyfi (Tíðniheimild A) leggur þær kvaðir á tíðniréttihafa að dreifikerfið skuli ná til 99,5% lögheimila og vinnustaða með heilsárs starfsemi á hverju landssvæðis (landshluta) með 10 Mb/s flutningsgetu fyrir árslok 2016 og með 30 Mb/s flutningsgetu fyrir lok árs 2020.⁹ Uppbygging 4G-þjónustu er enn það skammt á veg komin að ekki hefur reynt á reikisamninga í því kerfi enn sem komið er.

Internetþjónusta

Á undanförunum árum hefur byggst upp fjölbreytt dreifikerfi fyrir internetþjónustu á landinu. Á Suðvesturhorinu, svo og í mjög mörgum þéttbýliskjörnum og nágrenni þeirra utan þess, hefur um árabíl verið boðið upp á öflugar tengingar svo sem ADSL. Síðasta viðbótin við þessa flóru eru tengingar við ljósleiðara/ljósnet. Sú tækni sem nú býðst gerir notendum meðal annars kleift að nálgast bæði internet og sjónvarp í miklum gæðum (háskerpusjónvarp). Aðgengi þjónustuaðila að ljósleiðaratengingum er afgerandi þáttur og vantar að þessu leyti mikið upp á aðstöðu í dreifbýli og sumum af minni þéttbýliskjörnum landsins.

Á dreifbýlli svæðum, þar sem stærri fjarskiptafyrirtækjunum hefur ekki þótt fýsilegt að byggja upp netþjónustu á markaðslegum forsendum, hefur þjónustan ekki náð að fylgja þessari þróun. Þessum svæðum má í grófum dráttum skipta í tvo hluta.

Í fyrsta lagi þau landssvæði þar sem staðbundin fjarskiptafyrirtæki hafa byggt upp þjónustu og þá einkum með örbylgjusamböndum. Þetta á t.d. við um svæði á Suðurlandi, sunnanvert Snæfellsnes, Norðausturland og svæði á Suðausturlandi. Þessi fyrirtæki veita nauðsynlega þjónustu varðandi

⁸ <http://www.nova.is/aspnetweb/content/thjonusta/thjonustusvaedi/Innanlands.aspx?startpage=true>
http://www.siminn.is/servlet/file/2G_3G_Dreifikerfi_Simans_2013.pdf?ITEM_ENT_ID=241150
<http://www.vodafone.is/simi/frelsi/svaedi>

⁹ ([http://www.pfs.is/upload/files/Tiðniheimild_A_365miðlar\(1\).pdf](http://www.pfs.is/upload/files/Tiðniheimild_A_365miðlar(1).pdf))

nettengingar flestra viðskiptavina á tilgreindum þjónustusvæðum en vegna eigin smæðar, fámenns markaðar og takmarkaðrar flutningsgetu grunnnets eiga þau erfitt með að bjóða sambærilegan gagnaflutningshraða við það sem gerist í þéttbýli.

Í öðru lagi eru heimili og vinnustaðir sem ekki hafa átt þess kost að tengjast við háhraða aðgangsnét, þ.e.a.s. að enginn þjónustuaðili veitir þjónustu á viðkomandi stað að eigin frumkvæði. Fjarskiptasjóður hefur leyst mál þessara notenda með útboði fjarskiptaþjónustu og var gerður samningur við Símann í febrúar 2009. Notendur sem þjónustan nær til eru um 1.650 í október 2013.¹⁰ Samningurinn við Símann rennur út á árinu 2014.

Gera má ráð fyrir að þjónusta samkvæmt áður nefndu 4G (Tíðniheimild A) leyfi og öðrum 4G leyfum muni á næstu árum gera notendum í dreifbýli kleift að nálgast internet á talsvert meiri hraða en núverandi staðbundnir þjónustuaðilar geta boðið að óbreyttu og því líklegt að 4G muni veita annarri tækni harða samkeppni þegar fyrir lok árs 2016. Einnig mun þróun ljósleiðaratenginga verða afgerandi þáttur um þróun gagnaflutninga í landinu enda byggir mikil flutningsgeta 4G meðal annars á ljósleiðaratengipunktum við sendistöðvar kerfisins.

Í ársskýrslu Póst-og fjarskiptastofnunar fyrir árið 2011 segir meðal annars:

„Í þéttbýli bjóða markaðsaðilar hraðari tengingar, bæði með nýrri tækni á núverandi koparlögnum og um ljósleiðara þar sem hann er til staðar. Utan þéttbýlis er samkeppnin minni og óvíst um áhuga markaðsaðila um uppbyggingu, sérstaklega í strjálbýlinu. Þar þarf víða að ráðast í lagningu ljósleiðara á samfélagslegum grunni. Sé rétt að verki staðið þá er ekkert því til fyrirstöðu að fjarskiptafyrirtæki geti keppt í þjónustu sinni alls staðar á landinu á slíkum netum. Í fjarskiptaáætlun sem lögð var fyrir Alþingi haustið 2011 er sett fram það markmið að ná 100 Mb/s hraða á nær öllum heimilum landsins árið 2022. Uppbygging fjarskiptaneta verður þannig eitt helsta samstarfsverkefni ríkisvaldsins, sveitarfélaganna og fjarskiptafélaganna næsta áratuginn.“

Öryggisfjarskipti

Öryggisfjarskipti ehf. hafa tíðniheimild og reka TETRA farstöðvakerfið um allt land. Dreifikerfi kerfisins má sjá á mynd á vef fyrirtækisins.¹¹ Notendur TETRA stöðva geta hringt í almenna símakerfið með stöðvum sínum, auk samskipta innan kerfisins.

4.5 Jöfnun flutningskostnaðar (2013)


Í skýrslu Bygðastofnun árið 2004 um könnun á flutningskostnaði framleiðslufyrirtækja á Íslandi kemur fram að flutningskostnaður framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni sé mun hærri en framleiðslufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og geti munurinn verið allt að 60-100%. Þá sé flutningskostnaður mun hærri hlutfall af rekstri framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Þá kemur fram í skýrslunni að í því rekstrarumhverfi sem fyrirtækin búa við í dag, segi það sig sjálft að sé munur á flutningskostnaði talinn í nokkrum prósentustigum af veltu skipti sá munur jafnvel sköpum um hvort fyrirtæki er rekið með hagnaði eða tapi.¹² Markmið laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, er að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Er það gert með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu staðsetta fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa af þeim sökum við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

¹⁰ Sjá staðarlista: <http://www.fjarskiptasjodur.is/hahradatengingar/stadalisti/>

¹¹ <http://www.112.is/tetra/utbreidsla/>

¹² Könnun á flutningskostnaði framleiðslufyrirtækja á Íslandi. 2004. Bygðastofnun

Styrkhæfur er sá kostnaður sem stofnað er til vegna flutnings á vöru innan lands að frádrögnum virðisauka-skatti og hvers konar afgreiðslu-gjöldum en ávallt skal velja hagkvæmstu flutningsleið, hvort sem er á



sjó, landi eða í lofti. Til þess að flutningur á vöru reynist styrkhæfur þarf að hafa átt sér stað ummyndun efnis í nýjar afurðir sem falla undir c-bálk í íslensku atvinnugreinaflokkuninni á styrksvæði. Til styrksvæða teljast þau svæði þar sem heimilt er að beita byggðaaðstoð samkvæmt byggðakorti ESA 2008-2013. Styrktarsvæðin eru tvö:

1. Framleiðendur á svæði 1 sem flytja vörur með viðurkenndum flutningsaðila eða flytja sjálfir vörur að uppfylltum skilyrðum til eða frá styrksvæði, geta fengið 10% styrk ef lengd ferðar er að lágmarki 245 km.
2. Framleiðendur á svæði 2 sem flytja vörur með viðurkenndum flutningsaðila eða flytja sjálfir vörur að uppfylltum skilyrðum til eða frá styrksvæði, geta fengið 10% styrk ef lengd ferðar er 245 - 390 km, en 20% styrk ef lengd ferðar er meira en 390 km.

Greiddar voru út tæplega 170 m.kr. vegna flutninga ársins 2012 sem var jafnframt fyrsta styrkhæfa árið. Undirbúningur á frumvarpi stendur nú yfir með það í huga að framlengja lögin en gildistími þeirra var upphaflega tvö ár. Samkvæmt breytingu á [lögum nr. 160/2011](#) um svæðisbundna flutningsjöfnun, sbr. [lög nr. 128/2012](#), hefur Byggðastofnun umsjón með framkvæmd laganna.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara.

Samkvæmt lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara nr. 103/1994 nær jöfnun á flutningskostnaði til flutnings á bensíni og öðrum olíuvörum sjóðleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölastaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olíuleiðslu. Innflytjendur olíuvara greiða sérstakt flutningsjöfnunargjald til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sem úthlutar úr sjóðnum samkvæmt nánara fyrirkomulagi.¹³

¹³ Skýrsla starfshóps viðskiptaráðherra um fyrirkomulag flutningsjöfnunar 2007

5. Opinber þjónusta

5.0 Staðsetning þjónustustarfa ríkisins

Í greinargerð með stefnumótandi byggðaaætlun 1994-1997 er að finna skrá undir heitinu „Dreifing þjónustu ríkisins um landið“ (bls.53) og nær til valdra þéttbýlisstaða og greinir á milli héraðsþjónustu og kjördæmaþjónustu. Í greinargerðinni segir: „Einungis er sýnd sú þjónusta sem veitt er í þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar.“ Skilgreining á „þéttbýlisstöðum“ er hins vegar ekki alveg ljós en í skipulagslögum miðast þéttbýlisstaður við 50 íbúa en Hagstofa Íslands setti fram nýja (2012) skilgreiningu á þéttbýlisstað og miðar við 200 íbúa auk tilgreindra aðstæðna og aðbúnaðar á staðnum.¹⁴ Sé miðaða við 50 íbúa vantar marga þéttbýlisstaði í skrána frá 1994 sem byggist trúlega á þeirri viðleitni að greina þjónustusvæði og þróun þéttbýlisstaða. Skráin er endurbirt á töflu 5.0.1. Á töflu 5.0.2 er ný skrá sem er uppfærsla á þeirri eldri til þess að sjá breytinguna frá 1994 og byggist á upplýsingum frá samtökum sveitarfélaga í hverjum landshluta.

Þegar á reyndi var samanburður milli 1994 og 2013 ekki einfaldur því breytingar hafa verið miklar, starfsemi ríkisstofnana hefur í nokkrum tilvikum verið færð yfir í hlutafélög og ríkið á allt hlutafé í sumum, færð yfir í opinber hlutafélög eða yfir til sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra. Þá hafa stofnanir verið sameinaðar og þá vaknar spurning um hvort lýsi betur þróun að hafa gömlu stofnanirnar í skránni eða eina nýja undir öðru heiti. Þá er að finna starfsemi á vegum ríkisins með starfshætti stofnana sem ekki er skilgreind sem stofnun, heldur verkefni, s.s. landshlutaverkefni í skógrækt, og er fjármögnuð með fjárlögum ríkisins.

Af skránni kemur ekki skýrt fram að þjónustusvæði hafa stækkað, að ákveðnir þjónustustaðir hafi eflst, þrátt fyrir að það sé raunin. Víða hafa ríkisstofnanir og fyrirtæki sem áður voru ríkisstofnanir sameinað starfsemi sem var á mörgum stöðum á einn stað í landshluta. Þaðan er síðan þjónustan veitt með ferðum til þeirra staða sem hýstu starfsemina fyrir sameiningu.

Viðhorf til staðsetningar virðast hafa breyst frá 1994, trúlega vegna sameiningar sveitarfélaga og samgöngubóta eins og t.d. má sjá af tilhneigingu landshlutasamtakanna til þess að skrá stofnun á þéttbýlisstað þó strangt tekið sé hún sé utan við hann. Þetta á t.d. við um háskólana í Borgarfirði og á Hólum í Hjaltadal enda er starfsemi og starfsfólk að einhverju leyti til húsa í Borgarnesi og á Sauðárkróki.

Við uppfærslun skráarinnar 2013 vöknudú spurningar um þjónustustarfsemi ríkisins sem ekki var skráð 1994 og nýja þjónustu og var ákveðið að stækka skrána, bæta við starfspáttum og þéttbýlisstöðum á höfuðborgarsvæðinu auk nokkurra annarra sem miðað við fólksfjölda verður að telja að eigi þar heima, þ.e. Voga, Reykhóla, Skagastrandar, Hofsóss, Svalbarðseyrar og Reykjahlíðar. Með þessu fæst betri staða til samanburðar við síðari uppfærslu á skránni. Þessi skrá er sýnd á töflu 5.0.3.

¹⁴ Sjá <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13604>.

Dreifing þjónustu ríkisins 1994

Tafla 5.0.1

- Héraðsþjónusta
- Kjördæmaþjónusta

	Póstafgreiðsla	10. bekkur	Rafmagnsveitur/orku	Heilsugæsla	Lögreglustöð	Sýslumaður	Vegagerð ríkisins	Sjúkrahús	Afengisverslun	Framhaldsskóli	Bifreiðaskoðun	Vinnueftirlit	Heilbrigðiseftirlit	Skattstofa	Fræðslustjórn	Hafrannsóknast	Héraðsdómari	Svæðisstj. mál fatlaðr	Byggðastofnun	Fasteignamat	Póstur og sími	Rannsóknast. fiskiðin	Siglingamálastofnun	Ríkisútvarp	Húsnæðisstofnun	Skipulag ríkisins	Tollgæsla
Akranes																											
Borgarnes																											
Hellissandur-Ólafs																											
Grundarfjörður																											
Stykkishólmur																											
Búðardalur																											
Patreksfjörður																											
Tálknafjörður																											
Bíldudalur																											
Þingeyri																											
Flateyri																											
Suðureyri																											
Bolungarvík																											
Ísafjörður																											
Súðavík																											
Hólmavík																											
Hvammstangi																											
Blönduós																											
Sauðárkrúkur																											
Siglufjörður																											
Ólafsfjörður																											
Dalvík																											
Akureyri																											
Grenivík																											
Húsavík																											
Kópasker																											
Raufarhöfn																											
Þórshöfn																											
Vopnafjörður																											
Egilsstaðir																											
Seyðisfjörður																											
Neskaupstaður																											
Eskifjörður																											
Reyðarfjörður																											
Fáskrúðsfjörður																											
Stöðvarfjörður																											
Breiðdalsvík																											
Djúpivogur																											
Höfn																											
Kirkjubæjarklaustur																											
Vestmannaeyjar																											
Vík í Mýrdal																											
Hvolsvöllur																											
Hella																											
Flúðir/Laugarás																											
Selfoss																											
Stokkseyri																											
Eyrbakkí																											
Hveragerði																											
Þorlákshöfn																											
Grindavík																											
Sandgerði																											
Garður																											
Keflavík og Njarðvík																											

Breyting á staðsetningu þjónustu ríkisins 2013 frá 1994

■ Héraðsþjónusta ■ Landsþjónusta
■ Kjördæmaþjónusta ■ Úr ríkisrekstri

Tafla 5.0.2

	Póstafgreiðsla	10. bekkur	Rafmagnsveitur/orku	Heilsugæsla	Lögreglustöð	Sýslumaður	Vegagerð ríkisins	Sjúkrahús	Áfengisverslun	Framhaldsskóli	Bífreiðaskoðun	Vinnuefirlit	Heilbrigðisefirlit	Skattstofa	Fræðslustjórn	Hafrannsóknast	Héraðsdómari	Svæðisstj. mál fatlaðri	Byggðastofnun	Fasteignamat	Póstur og sími	Rannsóknast. fiskiðn	Siglingamálastofnun	Ríkisútvarp	Húsnæðisstofnun	Skipulag ríkisins	Tollgæsla	
Akranes																												
Borgarnes																												
Hellissandur-Ólafsv.																												
Grundarfjörður																												
Stykkishólmur																												
Búðardalur																												
Patreksfjörður																												
Tálknafjörður																												
Bíldudalur																												
Þingeyri																												
Flateyri																												
Suðureyri																												
Bolungarvík																												
Ísafjörður																												
Súðavík																												
Hólmavík																												
Hvammstangi																												
Blönduós																												
Sauðárkrúkur																												
Siglufjörður																												
Ólafsfjörður																												
Dalvík																												
Akureyri																												
Grenivík																												
Húsavík																												
Kópasker																												
Raufarhöfn																												
Þórshöfn																												
Vopnafjörður																												
Egilsstaðir																												
Seyðisfjörður																												
Neskaupstaður																												
Eskifjörður																												
Reyðarfjörður																												
Fáskrúðsfjörður																												
Stöðvarfjörður																												
Breiðdalsvík																												
Djúpivogur																												
Höfn																												
Kirkjubæjarklaustur																												
Vestmannaeyjar																												
Vík í Mýrdal																												
Hvolsvöllur																												
Hella																												
Flúðir/Laugarás																												
Selfoss																												
Stokkseyri																												
Eyrbakki																												
Hveragerði																												
Þorlákshöfn																												
Grindavík																												
Sandgerði																												
Garður																												
Keflavík og Njarðvík																												

Breytingar á staðsetningu þjónustustarfa ríkisins 1994-2013

Tafla 5.0.3

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	
	Póst-afreiðsla	10. bekkur	Rafmagnsvarkubúur	Heilsugæsla	Lögreglu-stöð	Sýslu-maður	Veðgerð ríkisins	Sjúkrahús	Afengis-verslun	Framhaldsskóli	Bíffreiða-skólinn	Skólaútrúningur	Heilbrigðisefrirlit	Skattstofa	Skólaskrifstofa	Hafnarráðgjafastofn	Héraðs-dómari	Svæðisstj. mál-fatladr	Byggða-stofnun	Þjóðskrá	Síminn	Rannsóknastofn	Sjóningamálstofn	Ríkis-útvarp	Ibúðalánastofn	Skipulagsstofnun	Tollgæsla	
Akranes																												
Borgarnes																												
Hellissandur-Ólafs																												
Grundarfjörður																												
Stykkishólmur																												
Búðardalur																												
Reykhólar																												
Patreksfjörður																												
Tálknafjörður																												
Bíldudalur																												
Þingeyri																												
Flateyri																												
Suðureyri																												
Bolungarvík																												
Ísafjörður																												
Súðavík																												
Hólmavík																												
Hvammstangi																												
Blönduós																												
Sauðárkrókur																												
Skagaströnd																												
Hofsós																												
Siglufjörður																												
Ólafsfjörður																												
Dalvík																												
Akureyri																												
Svalbarðseyri																												
Grenivík																												
Húsavík																												
Reykjahlíð																												
Kópasker																												
Raufarhöfn																												
Þórshöfn																												
Vopnafjörður																												
Egilsstaðir																												
Seyðisfjörður																												
Neskaupstaður																												
Eskifjörður																												
Reyðarfjörður																												
Fáskrúðsfjörður																												
Stöðvarfjörður																												
Breiðdalsvík																												
Djúpivogur																												
Höfn																												
Kirkjubæjarklaustur																												
Vestmannaeyjar																												
Vík í Mýrdal																												
Hvolsvöllur																												
Hella																												
Flúðir/Laugarás																												
Selfoss																												
Stokkseyri																												
Eyrarbakki																												
Hveragerði																												
Þorlákshöfn																												
Grindavík																												
Sandgerði																												
Garður																												
Keflavík og Njarðvík																												
Vogar																												
Hafnarfjörður																												
Garðabær																												
Alftanes																												
Kópavogur																												
Seltjarnarnes																												
Reykjavík																												
Mosfellsbær																												


5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla (des. 2012)

Samkvæmt Reglugerð um heilbrigðisumdæmi 785/2007 skiptist landið í sjö heilbrigðisumdæmi sem byggð eru á sama grunni og svæði sóknaráætlana. Vesturlandsumdæmið nær þó vestur á Firði og norður í Norðurland vestra og Norðurland vestra að öðru leyti og Norðurland eystra eru eitt heilbrigðisumdæmi. Það nær þó ekki austur á Bakkafjörð eins og landshlutasamtök sveitarfélaga heldur heyrir sá hluti sveitarfélagsins Langanesbyggðar sem var Skeggjastaðhreppur fram að sameiningu 2006 til Heilbrigðisumdæmis Austurlands.


Heilsugæslustöðvar eru á flestum þéttbýlisstöðum og nokkrar stofnanir heita fjórðungs-sjúkrahús og sjúkrahús en þróunin hefur samt verið að aðgerða-sjúkrahúsum fækkar og samstarf milli stofnana vex. Nokkur skyldleiki virðist vera með starfssvæðum heilsugæslustöðva

og vinnusóknum þéttbýlisstaða en þó er munur á og þá helst á Suðvesturlandi, svæðinu milli Hvítána, og í Eyjafirði þar sem eru þéttbýl svæði á landsmælikvarða. Síðustu ár hefur heilbrigðisþjónustan verið í þróunarferli vegna breyttra aðstæðna. Þannig var tilgangur með skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi árið 2007 „...að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu í því skyni að efla og bæta þjónustuna og tryggja landmönnum jafnan aðgang að henni“.

Í evrópskum samanburði á fjölda sjúkrarúma á hverja 100.000 íbúa er Ísland í meðallagi með á bilinu 420-640 sjúkrarúm.




Mynd 5.1.2 Fjöldi sjúkrarúma á 100.000 íbúa 2008



5.2 Löggæsla og sýslumenn (des. 2012)


Samkvæmt lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði nr. 92/1989 skiptist landið í 24 stjórnsýsluumdæmi, starfssvæði sýslumanna, og 15 lögregluumdæmi þannig að 9 sýslumenn eru ekki lögreglustjórar. Umdæmin hafa þróast á sama stofni og önnur starfsemi ríkis og sveitarfélaga og falla að nokkru saman við landshlutaskiptingu sóknaráætlana.



5.3. Héraðsdómstólar (des. 2012)

Hæstiréttur er í Reykjavík samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998 og 8 héraðsdómstólar í landinu; í Reykjavík, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Hafnarfirði. Sveitarfélög skiptast þannig á 8 starfssvæði dómstóla sem falla saman við landshlutaskiptingu sóknaráætlana nema að Héraðsdómstóll Reykjaness er í Hafnarfirði. Með reglugerð nr. 1109/2010 var þinghám fækkað þannig að nú er umdæmi hvers héraðsdóms ein þinghá að Vestmannaeyjum undanskildum.


Þar er sérstök þinghá í umdæmi Héraðsdóms Suðurlands.



5.4 Rafveita og húshitun (2013)

Til að meta kostnað vegna húshitunar og raforkunotkunar fékk Byggðastofnun Orkustofnun til að reikna þennan kostnað á ársgrundvelli fyrir viðmiðunareign á nokkrum þéttbýlisstöðum á Íslandi. Viðmiðunareignin er skilgreind sem einbýlishús með 161,1 m² grunnflöt, 351 m³ að rúmmáli og lóðarstærð 808 m². Stuðst var við gjaldskrá 1. janúar 2013.

Af þeim stöðum sem skoðaðir voru reyndist rafmagnsverð hæst hjá notendum RARIK í dreifbýli kr. 103.059. Í þéttbýli er rafmagnsverð hæst á orkuveitusvæði RARIK kr. 77.533. Lægst er rafmagnsverðið á Akureyri kr. 66.278. Hæsta verð er rúmlega 55% herra en lægsta verð. Í þéttbýli er hæsta verð 17% herra en lægsta verð.



Þegar kemur að húshitunarkostnaðinum verða skilin skarpari. Þar er hæsti kyndingarkostnaðurinn á orkuveitusvæði RARIK í dreifbýli kr. 217.063. Í þéttbýli er kostnaðurinn hæstur á Grundarfirði, Neskaupstað og Vopnafirði kr. 187.133. Þess ber að geta að á nokkrum öðrum þéttbýlisstöðum er húshitunarkostnaður hærri en hér kemur fram fyrir þá íbúa sem ekki eiga kost á hitaveitu eða fjarvarmaveitu. Lægsti húshitunarkostnaðurinn er á Sauðárkróki kr. 68.707. Hæsta verð er 216% herra en lægsta verð. Í þéttbýli er hæsta verð 172% herra en lægsta verð.

Ef horft er til heildarkostnaðar þá er kostnaðurinn hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK kr. 320.123. Heildarkostnaður í þéttbýli er hæstur á Grundarfirði, Neskaupstað og Vopnafirði kr. 264.686. Lægstur er heildarkostnaðurinn á Sauðárkróki kr. 146.260. Hæsta verð er því 119% herra en lægsta verð. Í þéttbýli er hæsta verð 81% herra en lægsta verð.

Eins og bent er á hér að framan eru aðstæður þannig á nokkrum þéttbýlisstöðum að ekki eiga allir húsráðendur kost á hitaveitu eða fjarvarmaveitu. Húshitunarkostnaður þessara aðila er hærri en fram kemur í súluritinu en sést aftur á móti í samanburðartöflunni. Þá ber og að hafa í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur af gjaldskrá hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda.

Mynd 5.4.2 Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli

Miðað við gjaldskrá 1. janúar 2013

Staður	Hitaveita Fjarvarmav. kr./ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr/ári	Samtals rafmagn og hiti kr/ári	Samtals rafmagn og hiti kr/ári
Dreifbýli RARIK		217.063	217.063	103.059	320.123	
Dreifbýli Orkubú Vestfjarða		210.961	210.961	100.470	311.431	
Grundarfjörður		187.133	187.133	77.553	264.686	
Neskaupstaður		187.133	187.133	77.553	264.686	
Vopnafjarðarhreppur		187.133	187.133	77.553	264.686	
Höfn	180.051	187.133	180.051	77.553	257.604	264.686
Seyðisfjörður	180.051	187.133	180.051	77.553	257.604	264.686
Hólmavík		180.741	180.741	75.555	256.295	
Siglufjörður	176.792		176.792	77.553	254.345	
Blönduós	176.792		176.792	77.553	254.345	
Ísafjörður	174.620	180.741	174.620	75.555	250.174	256.295
Bolungarvík	174.620	180.741	174.620	75.555	250.174	256.295
Patreksfjörður	174.620	180.741	174.620	75.555	250.174	256.295
Hitaveita dreifbýli Suðurland	139.044		139.044	103.059	242.103	
OR meðaltal dreifbýli	126.416		126.416	103.059	229.475	
Hitaveita dreifbýli Vesturland	107.813		107.813	103.059	210.873	
Hvolsvöllur	130.897		130.897	77.553	208.449	
Hitaveita dreifbýli Norðurland	102.925		102.925	103.059	205.984	
Vestmannaeyjar	115.960		115.960	68.606	184.566	
Akranes	91.526		91.526	72.711	164.237	
Dalvík	86.359		86.359	77.553	163.912	
Stykkishólmur	85.816		85.816	77.553	163.369	
Borgarnes	85.816		85.816	77.553	163.369	
Keflavík	93.420		93.420	68.606	162.026	
Grindavík	93.420		93.420	68.606	162.026	
Reykjavík, meðaltal	89.113		89.113	72.711	161.824	
Kópavogur, meðaltal	89.113		89.113	72.711	161.824	
Egilsstaðir	82.557		82.557	77.553	160.110	
Selfoss	81.064		81.064	77.553	158.616	
Hveragerði	80.656		80.656	77.553	158.209	
Húsavík	75.496		75.496	77.553	153.049	
Akureyri	86.631		86.631	66.278	152.909	
Sauðárkrókur	68.707		68.707	77.553	146.260	

Heimild: Orkustofnun

5.5 Opinber störf (2013)

Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna

„Hrun viðskiptabankanna haustið 2008 var áfall fyrir fjárhag ríkissjóðs. Ríkissjóður þurfti að taka stór lán og vaxtagjöld hans jukust mikið. Brugðist var við þessu áfalli með því meðal annars að skera niður áætluð ríkisútgjöld. Niðurskurðurinn kom misjafnt niður eftir málaflokkum og landssvæðum.“

„Mest voru framlög skolin niður til innanríkisráðuneytis, eða um 26 milljarða. Undir það ráðuneyti heyrir Vegagerðin en útgjöld hennar minnkuðu um fimmtung, eða rúma 8 milljarða frá 2007 til 2011 samkvæmt Ríkisreikningi. Á sama tíma drógust útgjöld til sýslumanna saman um fjórðung en löggæsla er á vegum þeirra. Samdrátturinn er svipaður um land allt en þó mestur á Suðurnesjum.

Fjárheimildir til velferðarráðuneytis voru skornar niður um 14 milljarða króna frá 2007 til 2011. Félagsmálaútgjöld jukust þó um 38 milljarða frá 2007 til 2011. Útgjöld til sjúkrahúsa og heilsugæslu

drógust hins vegar

saman um tæpan

fjórðung á sama

tíma, eða um 19

milljarða. Annar

niðurskurður þessa

ráðuneytis dreifðist

á marga útgjaldaliði.

Fjárheimildir

menntamálaráðu-

neytis voru skornar

niður um 13

milljarða frá 2007 til

2011. Þar af drógust

útgjöld til háskóla

saman um 2

milljarða, eða um

fimmtung. Útgjöld

til

framhaldskóla um drógust einnig

saman um 2 milljarða, eða um

8%.“

„Sé litið til áraanna 2007 til 2011

fjölgaði reyndar ársverkum

ríkisins um tæplega tvö hundruð

yfir landið allt þó þeim hafi

fækkað í sumum landshlutum.

Starfsmönnum fækkaði á Vestur-

landi, Vestfjörðum, Norðurlandi

og Austfjörðum, en þeim fjölgaði

á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum

og Suðurlandi.“

„Athuga ber að ekki hefur tekist

að staðsetja fjölgun um rúmlega

hundrað starfsmanna ríkisins.


Mynd 5.5.1

Breyting á fjölda ársverka frá 2007 til 2011 eftir ráðuneytum og landshlutum

Breyting 2011	2007- Höfuð- borgar- svæðið	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Óstað- sett	Samtals
<i>Æðsta stjórn</i>	-11,9	0	0	0	0	0	0	0	0	-11,9
<i>Forsætis.</i>	6,9	0	0	0	0	0	0	0	0	6,9
<i>Menntamálar.</i>	187,9	57,2	-3,7	9,8	-0,7	9,2	0,5	-1,4	3,7	262,5
<i>Utanríkis.</i>	29,6	0	0	0	0	0	0	0	-10,9	18,7
<i>Sjávar- og landb.</i>	-17,8	-2,9	2,4	-3	1,1	-2	-2	12,8	21,9	10,5
<i>Innanríkis.</i>	140,1	-86	-10	-2,5	-4,8	-17,2	-15,1	16,2	-14,6	6,1
<i>Velferðarr.</i>	-309,8	23,1	-11	-21,7	-19,2	-42,7	-17,9	46,9	49,7	-302,6
<i>Fjármálar.</i>	4,4	53,3	-0,8	1	-2,8	1,8	1,4	0,4	0	58,7
<i>Iðnaðarr.</i>	-43,4	0	0	2	0,8	1,3	2	1	0	-36,3
<i>Efnah.- og viðskr.</i>	76,5	0	0	0	0	0	0	0	0	76,5
<i>Umhverfisr.</i>	32,8	7,5	2,2	8,2	0	-5,9	5,3	2,9	56,3	109,3
<i>Alls</i>	95,3	52,2	-20,9	-6,2	-25,6	-55,5	-25,8	78,8	106,1	198,4

Heimildir: Fjármálaráðuneytið, eigin áætlanir.

Mynd 5.5.2 Breyting á fjölda ríkisstarfa 2007-2011




Mest fækkaði ríkisstarfsmönnum á Norðurlandi eystra, um 56, en á Norðurlandi vestra og á Austurlandi fækkaði um 26. Niðurskurðurinn var töluverður í heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi. Starfsfólki Heilbrigðisstofnana á Blönduósi og Sauðárkróki fækkaði um 38,5 ársverk, eða um rúman fimmtung. Starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri fækkaði um 32 ársverk, eða um 6,5%, og starfsmönnum Heilbrigðisstofnunarinnar í Fjallabyggð og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fækkaði einnig mikið. Á Vesturlandi fækkaði starfsfólki mest hjá Landbúnaðarháskólanum. Hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands fækkaði starfsfólki, á Akranesi og í Stykkishólmi.¹⁵

Rauntölur um fækkun starfa á vegum ríkisins segja mikið um áhrif á starfsemi þess en lítið um samfélagsáhrif. Þeim er ekki auðvelt að lýsa í stuttu máli en fækkunin í samhengi við íbúafjölda, eins og sýnt er á mynd 5.5.3, gefur vísbendingu um samfélagsleg áhrif.

(Rétt þótti að halda ofangreindum

tilvitnunum í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun í apríl 2013 þó Efnahags- og fjármálaráðuneytið hafi gert athugasemdir við hana. Við frágang þessarar stöðugreiningar voru athugasemdirnar til skoðunar og af viðbrögðum ræðst hvernig þessari umfjöllun verður breytt.)




¹⁵ Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins (útg. apríl 2013)

6. Önnur þjónusta

6.1 Verslun (des. 2012)

Aðgengi að dagvöruverslun er mikilvægur búsetuþáttur og verðlag í verslunum er annar. Nefna má nokkrar forsendur fyrir lágt vöruverð s.s. ódýrir aðdrættir, fjölmennt viðskiptasvæði og skilyrði viðskiptamanna til að velja og fyrir þessar forsendur eru góðar samgöngur lykilþáttur. Þannig virðist krafan um lágt vöruverð breytast með staðháttum og þar sem er fámenni og erfiðar samgöngur verður fólk að sætta sig við að borga meira fyrir vörur og þjónustu. Annars staðar eru lágvöruverðsbúðir búsetuþáttur með vaxandi vægi. Samkeppniseftirlitið hefur flokkað verslanir og ASÍ kannað vöruverð, þó aðallega á fjölmennustu svæðum landsins, og þróað þessa flokkun. Samkvæmt henni er lágvöruverðsverslun í öllum landshlutum sóknaráætlana nema á Norðurlandi vestra, nokkrar slíkar verslanir í sumum landshlutum og margar á suðvesturhorni landsins.




Flokkun verslana

Byggt á Samkeppniseftirlitinu: *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26).

- Lágvöruverðsverslanir:
Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
- Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir
Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
- Klukkubúðir
Samkaup strax, 10-11
- Litlar matvörubúðir
Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

6.2 Fjármálaþjónusta (des. 2012)


Eftir bankahrunið 2008 hefur fjármálaþjónusta breyst og starfsstöðvum fjármálafyrirtækja fækkað. Gott aðgengi að þessari þjónustu er mikilvæg fólki og fyrirtækjum. Haustið 2012 voru bankar og sparisjóðir starfandi í öllum landshlutum en samt virðist mega greina mismunandi



áherslur fjármálafyrirtækja eftir landshlutum. Fjármálastarfsemi á Íslandi hefur aðalbækistöðvar á höfuðborgarsvæðinu, þar eru mörg fjármálafyrirtæki og starfsemin öflug atvinnugrein.

6.3 Ferðaþjónusta (2013)

Á Íslandi hefur vöxtur ferðaþjónustu verið umtalsverður. Árið 2012 voru gjaldeyrstekjur af ferðamönnum 23,5% af heildargjaldeyrstekjum landsins samanborið við 18,8% árið 2010.¹⁶ Samkvæmt ferðaþjónustureikningum voru tekjur af erlendum ferðamönnum um 7,3% af vergri landsframleiðslu árið 2012 og ef aukning heldur áfram sem horfir gæti ferðaþjónusta náð 7,7% af vergri landsframleiðslu árið 2013.¹⁷



¹⁶ Hagstofa Íslands 2012

¹⁷ Kortlagning og samstarfsmótun: Virðisauki í ferðaþjónustu, 2013


Rannsóknir og hagtölur benda til þess að ferðapjónusta getur verið lykill að uppbyggingu samfélaga.¹⁸ Því er mikilvægt að standa vörð um þær auðlindir sem hún byggist á með markvissri uppbyggingu, stjórnun og eftirliti.

Íslenski ferðapjónustuklasinn hefur skilgreind 10 forgangsverkefni sem öll hafa það sameiginlegt að stuðla að bættri samkeppnishæfni íslenskrar ferðapjónustu og möguleikum til aukins virðisauka. Í gildi er sérstök Ferðamálaáætlun 2011-2020 og mikil áhersla er á að unnið sé að rannsóknum og greiningum fyrir ferðapjónustuna.


Í skýrslu erlends sérfræðifyrirtækis fyrir Íslandsstofu 2013 er í ráðgjöf um þróunar ferðapjónustunnar m.a. lögð áhersla á verndun svæða og sjálfbærni, einkum m.t.t. ferðapjónustu allt árið og á uppbyggingu utan höfuðborgarsvæðisins þar sem séu stórkostleg sóknarfæri. Þá er áhersla á samstarf ráðuneyta og hagshafa og á fjárfestingar í grunngerð tengdri ferðapjónustu.¹⁹

Stóraukin aðsókn ferðamanna til Íslands veldur áhyggjum af viðkvæmum og eftirsóttum ferðamannastöðum í náttúru Íslands, t.d. á Gullna hringnum og á Miðhálandinu. Þessi mikla aðsókn hefur leitt til mikilla fjárfestinga í ferðapjónustu víðsvegar um landið en ljóst er að aðsóknin og fjárfestingarnar eru mismunandi eftir landshlutum. Á mynd 6.3.1 má sjá mikla aukningu í gistingu á heimagististöðum í öllum landshlutum frá 2002 til 2012.

Mynd 6.3.2 Fjöldi gistinátta á hótélum eftir mánuðum



Mynd 6.3.3 Fjöldi rúma á hótélum og gistiheimilum 2002 og 2012




¹⁸ World Tourism Organisation. UNWTO Tourism. 2013 Edition.

¹⁹ Íslandsstofa og PKF Accountants and business advisers, febrúar 2013: Long-term strategy for the Icelandic tourism industry

Mynd 6.3.4: Kort af virkjanakostum og vernduðum svæðum úr 2. áfanga Rammaáætlunar




Mynd 6.3.5 Kort af ferðasvæðum úr 2. áfanga Rammaáætlunar



Í Reykjavík og á Suðurlandi hefur gisting í heimagistingu á þessu tímabili meira en tvöfaldast. Gistinóttum á hótélum hefur líka fjölgað á þessu tímabili, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á líka við um gistinætur í nóvember og á því má álykta að árangur hefur náðst í að lengja ferðamannatímabilið. Þann árangur má líka sjá á Norðurlandi en talnaupplýsingar gefa annars lítið tilefni til samanburðar á þessu sviði.

Lánveitingar Byggðastofnunar til ferðaþjónustu.

Ferðaþjónusta er nú stærsta einstaka atvinnugreinin í lánasafni Byggðastofnunar en lánveitingar til greinarinnar eru í heild um 4 milljarðar króna og er það um 32% af heildar lánasafni stofnunarinnar. Í gegnum tíðina hefur sjávarútvegur verið umfangsmesta atvinnugreinin í lánasafni stofnunarinnar en það hefur nú breyst. Lán Byggðastofnunar til ferðaþjónustu eru vegna afþreyinga ýmiss konar, flutninga með ferðamenn og veitingareksturs en að stærstum hluta vegna uppbyggingar á rekstri



hótél og gististaða víðsvegar um landið. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig lán til uppbyggingar á hótél og gististöðum dreifist um landið en eins og sjá má á myndinni hefur stofnunin lánað mest til Suðurlands og þar næst til Norðausturlands.


Segja má að myndin endurspeglar hvar uppbygging hefur verið undanfarin ár í þessari grein í landsbyggðunum hvað varðar herbergjafjölda.

7 Iðnaður


7.1 Landbúnaðarafurðir (2013)

Framleiðsla og neysla á innlendum kjötafurðum


Breyting í kjötframleiðslu í íslenskum landbúnaði frá 1983 til 2011 má í aðalatriðum lýsa með vaxandi hlutdeild svína- og alifuglakjötsframleiðslu á kostnað kindakjötsframleiðslu (myndir 7.1.1 og 7.1.2). Á þessu tímabili hefur framleiðsla svína- og alifuglakjöts margfaldast á meðan kindakjötsframleiðsla hefur dregist saman um fjórðung. Svína- og alifuglarækt er mest stunduð á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en sauðfjárrækt þar sem byggð er dreifðust á landinu eins og fram kemur í kafla 8.1. Þá hefur heildarkjötsframleiðslan aukist um tæpan helming og hefur nautakjötsframleiðsla fylgt þeirri aukningu en hrossakjötsframleiðsla hefur nokkurn veginn staðið í stað. Samanlögð sala kjötafurða til neyslu innanlands og útflutnings fylgdi munstri kjötframleiðslu á tímabilinu 1983-2011 en innanlandssalan endurspeglar breytta neysluhætti. Í innanlandssölu kjötafurða var kindakjötti velt úr sessi sem söluhæstu kjötafurðinni árið 2007 þegar alifuglakjöt seldist í meira mæli (mynd 7.1.3). Í lok tímabilsins var alifuglakjöt enn söluhæst og síðan hefur svína- og kindakjöt verið selt í svipuðu magni. Innanlandssala á nautakjöti hefur jafnt og þétt aukist í samræmi við aukna heildarkjötsneyslu en sala á



Mynd 7.1.2 Kjötframleiðsla eftir tegundum 1983 - 2011



Mynd 7.1.3 Innanlandssala kjötafurða eftir tegundum 1983 - 2011




hrossakjöti hefur í grófum dráttum farið hægt minnkandi þó með uppkippum inn á milli, mest áberandi frá 2006 til 2009.


Framleiðsla og neysla á innlendum mjólkurafurðum

Þó að innlend neysla mjólkur hafi minnkað á tímabilinu 1990 til 2007 um rúm 14% hefur framleiðsla mjólkur eða innvegin mjólk aukist um 16%. Mikil og stöðug aukning hefur verið í neyslu osta og jógúrtneysla hefur einnig vaxið umtalsvert. Frá 1999 hefur þó skyrneysla aukist hraðast þrátt fyrir afturkipp í neyslunni eftir 2005 (mynd 7.1.4).

Mynd 7.1.4 Neysla mjólkurafurða annarra en mjólkur og rjóma 1990 - 2007



Mynd 7.1.5 Framleiðsla og neysla mjólkur og rjóma 1990 - 2007



7.2 Sjávarafurðir (2013)


Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst um 14% m.v. fast verðlag 2012 frá 2006-2012. Breyting á verðmæti endurspeglar breytingu á magni milli ára. Sjá má að nokkur aukning hefur líka orðið í magni útfluttra sjávarafurða, einkum í frystum afurðum en sú aukning skýrist einna helst af mjög mikilli aukningu í frystingu uppsjávartegunda á kostnað bræðslu. Þessi breyting skilar sér einnig í aukningu verðmæta.

Ráðstöfunarskýrslur afa sýna að landfrysting, sjófrysting og bræðsla hefur aukist í magni á undanförunum árum, en saltfiskverkun hefur gefið eftir. Þessar tölur endurspeglar meðal annars aukningu í veiðum uppsjávarfisks eftir mikla lægð undanfarin ár og meiri þorskafla.


Ef horft er til þess hvaða áhrif þessar breytingar hafa á sjávarútveg eftir landshlutum kemur í ljós að verkun afa, annarra tegunda en uppsjávarfisks, er lang mest og ört vaxandi á höfuðborgarsvæðinu og sama þróun er á Suðurnesjum sem er annar stærsti landshlutinn í þessari vinnslu. Athygli vekur að afli þessara tegunda hefur minnkað verulega á Norðurlandi

Mynd 7.2.1 Útflutningsframleiðsla sjávarafurða á föstu verðlagi 2006-2012

Milliónir króna, fob




Mynd 7.2.2 Útflutningur sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1992-2012



Heimild: Hagstofa Íslands, útflutningur sjávarafurða 1992-2012



Mynd 7.2.3 Afli eftir tegund vinnslu 1992-2012



Heimild: Hagstofa Íslands

eystra á síðustu tveimur árum. Sama þróun hefur átt sér stað á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi á þessu tímabili þó í minna mæli sé, hlutfallslega.

Veruleg magnaukning hefur verið í verkun uppsjávarfisks á Austurlandi og Suðurlandi enda er útgerð og vinnsla þessara tegunda lang sterkust í þessum landshlutum. Áðurnefnd tilfærsla úr mjölvinnslu yfir í frystingu síðustu ár hefur á sama tíma skilað sjávarútvegi í þessum landshlutum mikilli aukningu í verðmætum.



7.3 Byggingariðnaður (2013)

Byggingariðnaður var í mikilli uppsveiflu fyrir efnahagshrunið, einkum á höfuðborgarsvæðinu, en segja má að hann hafi hrunið líka. Við hrunið fækkaði byggingarverkefnum stórlega, árið 2006 voru viðbyggingar og nýbyggingar 416.627 fermetrar en árið 2009 voru þær 245.209 fermetrar. Á 5 ára tímabili fyrir hrun, 2003-2007, voru við- og nýbyggingar 1.802 þúsund fermetrar á höfuðborgarsvæðinu en á fimm ára tímabili eftir hrun, 2008-2012, voru þær um 1.160 þúsund fermetrar, eða ríflega 64% af fyrra tímabilinu. Þennan mun má sjá af súluritinu hér á eftir og jafnframt að sáralítið var byggt, bæði þessi tímabil, á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Munur milli landshluta skýrist þó að einhverju leyti af þeim mun sem er á íbúafjölda en líka af stærð og fjárhagsetu fyrirtækja. Áhrif fjárveitinga ríkisins geta líka vegið þungt í þessum samanburði.

Auk þess sem byggingariðnaður er mikilvæg atvinnugrein vitnar hann þannig um virknina í staðbundnum hagkerfum. Ef hann er tengdur öðrum tölum, s.s. íbúafjölda, fæst raunsannari samanburður á fjárhagsgetu fólks og fyrirtækja.

Miklar byggingarframkvæmdir voru á höfuðborgarsvæðinu fyrir hrun og í samanburði við aðra landshluta hefur höggið við efnahagshrunið verið langþyngst þar fyrir byggingarfyrirtæki, rekstur og störf. Meira hefur þó verið byggt á hvern íbúa í öðrum landshlutum og eftir hrun hefur svo verið áfram. Mest var byggt á Vesturlandi og þá Suðurlandi á hvern íbúa á árunum 2003-2007 og ekki dró mikið úr á Suðurlandi á árunum 2008-2012 í því viðmiði, mun meira á Vesturlandi. Athyglisverðar eru miklar byggingarframkvæmdir á Suðurnesjum 2003-2007 og líka hversu mikill munur var á byggingarframkvæmdum miðað við íbúafjölda milli landhluta á þessum árum. Þessi munur var miklu minni á árunum 2008-2012 en nefndir þrír landshlutar standa þó upp úr. Vestfirðir eru sér á parti í þessum samanburði. Þar var minnst byggt miðað við íbúafjölda á árunum 2003-2007 og þar dró enn úr árin 2008-2012.


Þróun fasteignaverðs

Fasteignamat er mat á verðmæti húss og lóðar sem áætlað er út frá gangverði svipaðra eigna á markaði. Þjóðskrá uppfærir fasteignamat árlega í samræmi við þróun fasteignaverðs. Byggðastofnun hefur tekið saman upplýsingar um þróun fasteignamats í þéttbýli víðs vegar um landið frá árinu 2010.

Það skiptir augljóslega miklu máli fyrir íbúana hvernig verð fasteigna þróast auk þess sem sú þróun lýsir þróun í staðbundnu hagkerfi. Því er hún áhugaverð.

Á töflu 7.3.4 og súluritinu á mynd 7.3.5 sést hvert matið var árið 2009 og svo árið 2012 á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu. Mest hefur fasteignamatið hækkað á Siglufirði eða um 72%, í Vestmannaeyjum og á Hólmavík um rúm 67%. Athyglisvert er að þessir staðir hafa allir notið samgöngubóta á því tímabili sem hér er til skoðunar. Vegur um Arnkötludal var tekinn formlega í notkun í október 2010, Héðinsfjarðargöng í október 2010 og

Mynd 7.3.1 Nýbyggingar 2003-2007 og 2008-2012 í fermetrum



Heimild: Þjóðskrá

Landeyjahöfn var tekin í notkun í júlí 2010.

Annað sem vekur athygli er að þeir staðir þar sem hækkunin er minnst eða matið jafnvel lækkar, eru höfuðborgin og staðir í næsta nágrenni hennar, þar sem hækkunin er um eða innan við 6%. Hafa ber í huga að fasteignamat á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni var miklu hærra en á smærri stöðum í landsbyggðunum og er enn þrátt fyrir meiri hækkun fasteignamats þar.


Loks er vert að benda á að fasteignamat á Mið-Austurland, sem er aðal áhrifsvæði álvers á Reyðarfirði og virkjanaframkvæmda þeim tengdum, hækkaði litlu meir en fasteignamatið á höfuðborgarsvæðinu. Þar hafði fasteignaverð líka spennst mjög upp á sama hátt og á höfuðborgarsvæðinu í aðdraganda hrunsins.

Þegar horft er á mishátt fasteignamat eftir því hvar á landinu eignin er staðsett ber að hafa í huga að byggingarkostnaður er að líkindum svipaður um land allt, þó trúlega hærra úti á landi ef eitthvað er. Hins vegar eru lóðir mun dýrari á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum, þó misjafnt sé eftir byggðarlögum.

Tafla 7.3.4 Breyting á fasteignamati milli 2009 og 2012

Staður	Heildar fasteigna- og lóðamat		
	2009	2012	Breyting
Siglufjörður	8.458.000	14.549.000	72,0%
Vestmannaeyjar	14.120.000	23.645.000	67,5%
Hólmavík	7.536.000	12.600.000	67,2%
Blönduós	10.036.000	16.000.000	59,4%
Stykkishólmur	15.755.000	23.148.000	46,9%
Bolungarvík	8.411.000	11.850.000	40,9%
Patreksfjörður	6.941.000	9.720.000	40,0%
Höfn	12.885.000	17.848.000	38,5%
Ísafjörður	14.155.000	19.048.000	34,6%
Grundarfjörður	17.130.000	21.754.000	27,0%
Húsavík	16.430.000	20.801.000	26,6%
Akureyri	24.410.000	30.698.000	25,8%
Sauðárkrókur	18.000.000	22.400.000	24,4%
Vopnafjarðarhreppur	8.731.000	10.800.000	23,7%
Seyðisfjörður	10.195.000	12.250.000	20,2%
Dalvík	15.780.000	18.602.000	17,9%
Grindavík	20.790.000	24.155.000	16,2%
Hvolsvöllur	17.120.000	19.049.000	11,3%
Neskaupstaður	17.275.000	19.048.000	10,3%
Egilsstaðir	20.190.000	21.597.000	7,0%
Keflavík	23.470.000	24.951.000	6,3%
Reykjavík	34.960.000	36.596.000	4,7%
Akranes	24.120.000	25.101.000	4,1%
Hveragerði	23.130.000	23.650.000	2,2%
Borgarnes	21.720.000	21.501.000	-1,0%
Selfoss	24.390.000	23.646.000	-3,1%

Mynd 7.3.5 Heildar fasteigna- og lóðamat 2009 og 2012



7.4 Annar iðnaður (2013)

Þegar borið er saman heildarverð-mæti seldra framleiðsluvara á árunum 2007 til 2012 sést umtalsverður árlegur vöxtur í verð-mætum talið. Lækkun á gengi íslensku krónunnar kemur að vísu greinilega fram á milli 2007 og 2009.

Verðmæti í iðnaði öðrum en framleiðslu málma og matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu, þar með talinni framleiðslu sjávarafurða, hefur vaxið síðustu þrjú árin eftir lækkun á árinu 2009. Verðmæti framleiddra málma óx mikið vegna framleiðsluaukningar á árunum 2007 til 2010 en hefur síðan lækkað vegna lækkunar á verði afurða. Verðmæti framleiddra matvæla hefur vaxið jafnt og þétt og munar þar væntanlega mest um sjávarafurðir (sjá kafla 7.2).


Ef horft er á verðmæti vara annarra en málma og matvæla- og drykkjarvöru er greinilegt að vöxtur eða lítil breyting er í flestum greinum með undantekningum í flokki 23, framleiðsla á vöru úr málmlausum steinefnum og flokki 33, viðgerðum og uppsetningu vélbúnaðar og tækja.

Breytingu á þessum


tveimur liðum má ekki síst rekja til samdráttar eftir miklar framkvæmdir víða um land fyrir hrun og í tengslum við virkjanir og álver á Austurlandi. Hástökkvarar í verðmæti er 20/21, framleiðsla á efnum og efnavörum, þ.m.t. lyfjum, 26/27 framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði og 28, framleiðsla á vélum og tækjum hins vegar. Aukning lyfjaframleiðslu, starfsemi Becromal á Akureyri og aukin starfsemi hjá fyrirtækjum svo sem Marel og Össuri vega hér þyngst. Ofangreindar greinar hafa dafnað vel vegna aukinnar samkeppnishæfni með lækkun gengis krónunnar. Fyrirtæki í þessum tveimur greinum eru einkum staðsett á höfuðborgarsvæðinu og því gætir áhrifa af vexti mest þar en Becromal er að sjálfsögðu undantekning, enda staðsett á Akureyri með tilheyrandi áhrifum þar.

Stóriðja

Eins og kemur fram á mynd hér að ofan varð mikil aukning í verðmæti frá 2007 til 2010, einkum vegna aukningar í framleiðslu með tilkomu Alcoa Fjarðaáls. Frá 2010 hefur verðmæti framleiddra málma dregist nokkuð saman vegna lækkunar á verði afurða í kjölfar kreppunnar. Verðlækkunin hefur þó tiltölulega lítil áhrif á starfsemi fyrirtækjanna og þar með fjölda starfa, þar sem þau kaupa raforku samkvæmt langtíma samningum og leitast auk þess við að halda sem stöðugastri framleiðslu vegna eðlis starfseminnar. Hlutfall verðmæta framleiddra málma af heildarverðmæti allrar iðnaðarframleiðslu hefur breyst nokkuð þessi ár og fer lækkandi eins og er. Annars vegar vegna fyrrgreindrar lækkunar á verði málmafurða og hins vegar vegna aukningar í verðmæti afurða annarra greina og þar vega sjávarafurðir þyngst.




Mynd 7.4.2 Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara annarra en matvæla og málna



Árið 2012 námu gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna útflutnings á áli 226 milljörðum króna. Það ár nam heildarkostnaður álveranna innanlands tæplega 45% af rekstrartekjum þeirra, eða um 100 milljörðum króna. Stóriðjufyrirtæki eru fjölmennir vinnustaðir og raunar líka fyrirtæki sem þjónusta þau. Hjá fyrirtækjum í íslenskum áliðnaði starfa um 2.100 manns. Samkvæmt mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands má gera ráð fyrir að starfamargfaldari áliðnaðarins sé 1,4. Miðað við það hafa um 5.000 manns framfæri sitt af álframleiðslu með beinum hætti.²⁰ Hjá Rio Tinto í Straumsvík var ársveltan árið 2012 um 54 milljarðar króna og starfsmannafjöldinn 503, hjá stóriðjufyrirtækjum á Grundartanga var samanlögð velta árið 2012 um 81 milljarður króna og starfsmannafjöldinn 770. Hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði var ársveltan 2012 um 99 milljarðar króna og starfsmenn 535²¹ og hjá vélsmiðjunni VHE á Reyðarfirði, sem þjónustar Alcoa Fjarðaál, eru tæplega 200 starfsmenn²².

Mynd 7.4.3 Heildarverðmæti framleiddra málna og hlutfall af heildarverðmæti allrar framleiðslu í landinu



²⁰ www.samal.is/hagkerfid/

²¹ Heimur, Frjáls verslun, Reykjavík 2013: 300 stærstu

²² Morgunblaðið, Reykjavík, 6.1.2013, www.mbl.is/frettir/innlent/2013/01/06/umsvifin_aukast_a_reydarfirði/

8 Frumvinnsla




8.1 Landbúnaður (2013)

Fjöldi bújarða og landnýting

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 2952 á Íslandi árið 2010. Ríflega fjórðungur þessara bújarða er á Suðurlandi á meðan ein af hverjum átján eru á Vestfjörðum þar sem eru fæstar bújarðir landshlutanna fyrir utan höfuðborgarsvæðið og Suðurnes (mynd 8.1.1). Næst á eftir Vestfjörðum kemur Austurland með ríflega eina af hverjum tíu bújörðum og næstar í röðinni eru Vesturland, Norðurland eystra og Norðurland vestra þar sem hlutfallsleg aukning í fjölda bújarða er um 20% á milli þessara fjögurra landshluta.

Land sem nýtt er fyrir landbúnaðarstarfsemi utan afrétta á Íslandi er tæplega 1.6 milljón hektarar, 15,4% af flatarmáli Íslands. Mynd 8.1.2 sýnir landnýtingu fjögurra helstu landnýtingarflokkanna, kornrækt (0,33%), tún alls (6,9%), græn fóður (0,24%), engi og úthagi (92%) og samanlagðir aðrir minni landnýtingarflokkar (0,22%) eru hafðir undir fimmta floknum. Hlutfallstölurnar í svigunum tákna hér flatarmál landnýtingarflokks af heildar flatarmáli nýtt lands, sem þýðir að 92% alls nýtt lands landbúnaðarlands utan afréttar eru engi og úthagi sem nýtt eru til beitar. Tún að meðtöldum nýræktum eru hins vegar tæp 7%. Af skiptingu milli landshluta er helst greinilegt að helming alls lands sem nýtt er undir kornrækt er að finna á Suðurlandi. Einnig er sama hlutfall samanlagðra minni landnýtingarflokka, s.s. hvíldarlands, fóðurrófna, kartaflna og grænmetis, að finna á Suðurlandi.

Þegar skoðuð er meðalstærð nýtt lands bújarða eftir landshlutum kemur í ljós að bújarðir á Austurlandi hafa að jafnaði mun stærra landsvæði sem nýtt er undir






landbúnað en bújarðir í öðrum landshlutum (mynd 8.1.3). Að frátöldu höfuðborgar-svæðinu og Suðurnesjum eru hins vegar bújarðir á Suðurlandi að meðaltali þær sem minnst nýtt landsvæði hafa undir landbúnað.

Fjöldi búpenings

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í fjölda búpenings á tímabilinu 1980 til 2011 (mynd 8.1.6). Þar er áberandi sú öra fækkun á sauðfé sem átti sér stað frá 1980 til 1992 þegar fjöldinn fór niður fyrir hálf milljón eftir rúmlega 40% fækkun. Einnig má nefna helmings fækkun varphænsna frá 1986 til 1994 og tæplega helmings fjölgun hrossa frá 1985 til 1996. Þá má greina mikið ris í fjölda minka og refa á miðjum níunda áratuginum með snöggri fækkun í kjölfarið áður en jafnvægi komst á. Fjöldi refa hefur þó jafnt og þétt farið minnkandi frá 1997 og eru alveg horfnir af sjónarsviðinu í lok tímabilsins árið 2011. Á þessu tímabili hefur nautgripum fjölgað um rúman fimmtung og fjöldi svína hefur rúmlega tvöfaldast.

Ef skoðaður er fjöldi búpenings frá 1998 til 2012 eftir landshlutum (myndir frá 8.1.4 til 8.1.11) sjást nokkur einkenni landshlutanna og breytingar síðustu fimmtán ára.

Gróflega má segja að helstu breytingarnar séu fækkun refsins niður í ekki neitt, fjölgun varphænsna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, fjölgun minks á Suðurlandi og Norðurlandi vestra en minnkun á Austurlandi, fækkun sauðfjár á Suður- og Vesturlandi en aukning á Norðurlandi vestra, fjölgun svína á Vesturlandi en fækkun á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Töluverðar sveiflur í fjölda búpenings hafa líka átt sér stað innan þessa tímabils,








sérstaklega í fjölda minka og hrossa á Suðurlandi og Norðurlandi vestra og fjölda svína á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Fjöldi nautgripa er mestur á Suðurlandi, ríflega helmingi meiri en á Norðurlandi eystra sem er með næst flesta nautgripi. Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes og Vestfirðir eru hins vegar með fæsta nautgripi. Sauðfé er flest á Norðurlandi vestra og þar á eftir fylgja Suðurland, Vesturland, Norðurland eystra og Austurland. Sauðfé er langfæst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Hross eru flest á Suðurland, rúmlega þriðjungji fleiri en á Norðurlandi vestra þar sem þau eru næst flest. Fæst hross eru á Vestfirðum. Svín eru flest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en um fimmtungi færri og næst flest á Suðurlandi. Vesturland og Norðurland eystra koma næst með um helmingi færri svín en á Suðurlandi. Varphænsn eru lang flest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, en svolítill fjöldi varphænsna er einnig á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Minkar eru flestir á Suðurlandi og Norðurlandi vestra en einnig í um átta sinnum minna mæli á Austurlandi, Norðurland eystra og höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Tilfærslur í landbúnaði má einnig sjá hér á eftir á samanburði yfir greiðslumark sauðfjár og mjólkur fyrir árin 2010 og 2013.







Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum

Greiðslumark sauðfjár er mest í Húnaþingi vestra, Fljótsdalshéraði og sveitarfélaginu Skagafirði á árinu 2013 (mynd 8.1.12). Sjö sveitarfélög eru ekki skráð með neitt greiðslumark sauðfjár á árinu 2013 og eru þau, auk Vestmannaeyja og Tálknafjarðar, öll

staðsett á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Mesta hlutfallslega aukningin í greiðslumarki sauðfjár milli 2010 og 2013 er í sveitarfélaginu Árborg, Grindavíkurbæ, Fjallabyggð og sveitarfélaginu Ölfusi (mynd 8.1.14). Hlutfallslega er mesti samdráttur greiðslumarks sauðfjár í

Sandgerðisbæ, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ og í Bolungarvíkurkaupstað. Þess ber þó að geta að tiltölulega fá ærgildi liggja á bak við tölurnar hér að ofan þar sem hlutfallslega breytingin er hvað mest, til aukningar eða skerðingar, vegna þess hversu lítið greiðslumarkið er í





Skýringar

Greiðslumark mjólkur er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Heildargreiðslumark mjólkur er ákveðið árlega með útgáfu reglugerðar og fyrir árið 2012 er það 114,5 milljónir lítrar.

Heildarupphæð beingreiðslna til framleiðenda mjólkur er ákveðin í fjárlögum á grundvelli samnings ríkisins við Bændasamtök Íslands frá 10. maí 2004 um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og samkomulagi um þeim samningi þann 20. desember 2007, 18. apríl 2009, og síðast 28. september 2012. Beingreiðslur ársins 2012 til framleiðenda mjólkur eru 5.160 m.kr., sem nemur greiðslu á hvern lítra mjólkur kr. 45.

Greiðslumark sauðfjár er tiltekinn fjöldi ærgilda, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er nú 368.457 ærgildi. Heildarupphæð beingreiðslna til framleiðenda sauðfjárafurða er tiltekin fjárhæð ákveðin í fjárlögum á grunvelli samnings ríkisins við Bændasamtök Íslands frá 25. janúar 2007 um starfsskilyrði sauðfjárræktar og samkomulagi um breytingu á þeim samningi þann 18. apríl 2009 og síðar 28. september 2012. Beingreiðslur ársins 2012 til framleiðenda sauðfjárafurða eru 2.339 m.kr. sem nemur greiðslu á hvert ærgildi kr. 6.348.

viðkomandi sveitarfélögum. Ef talin eru upp þau sveitarfélög sem hafa aukið mest við sig í ærgildum talið eru það Húnaþing vestra, Svalbarðshreppur, Fljótshreppur, og Kjósarhreppur, öll með meira en þrjúhundrað ærgilda aukningu. Þau sveitarfélög sem hafa tapað flestum ærgildum eru Skútustaðahreppur, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Djúpavogshreppur, sem öll hafa tapað meira eða jafnt og þrjúhundrað ærgildum. Greiðslumark mjólkur er mest í Rangárþingi eystra, Eyjafjarðarsveit, sveitarfélaginu Skagafirði og Borgarbyggð á árinu 2013 (mynd 8.1.13). Tuttugu og þrjú sveitarfélög eru ekki með neitt greiðslumark



mjólkur skráð á árinu 2013. Flest af þeim eru á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en önnur áberandi greiðslumarkslaus svæði eru norðan- og austanverðir Vestfirðir (Kaldrananeshreppur, Árneshreppur og Strandabyggð), í kringum Langanes (Langanesbyggð og Svalbarðshreppur), Borgarfjarðarhreppur, Fljótshreppur, Fjallabyggð og Tálknafjarðarhreppur. Mesta hlutfallslega aukningin í greiðslumarkmi mjólkur milli 2010 og 2013 er í Djúpavogshreppi, Blönduósbæ, Tjörneshreppi og Akrahreppi (mynd 8.1.15). Mesta hlufallslega skerðing greiðslumarkmi mjólkur er í Reykhólahreppi, Skorradalshreppi, Vesturbyggð og Dalvíkurbyggð. Þau sveitarfélög sem aukið hafa mest við sig greiðslumarkmi mjólkur í lítum talið eru sveitarfélagið Skagafjörður, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur og Akrahreppur, öll með meira en eða um tvö hundruð þúsund lítra aukningu. Mesta skerðingin í lítum talin er hins vegar í Borgarbyggð, Dalvíkurbyggð, Reykhólahreppi, Þingeyjarsveit og Fljótshreppi, öll með meira en tvö hundruð þúsund lítra skerðingu.

Tafla 8.1.16 Greiðslumark sauðfjár og mjólkur 2010 og 2013

Númer	Sveitarfélag	Greiðslumark mjólkur			Greiðslumark sauðfjár		
		2010	2013	Breyting	2010	2013	Breyting
0000	Reykjavíkurborg	194.406	193.988	-0,22%	255,6	105,1	-58,88%
1000	Kópavogsbær	0	0	0,00%	15,4	15,4	0,00%
1100	Seltjarnarneskaupstaður	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
1300	Garðabær	0	0	0,00%	117,0	117,0	0,00%
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
1604	Mosfellsbær	146.310	145.995	-0,22%	175,8	125,8	-28,44%
1606	Kjósarhreppur	1.045.490	1.051.170	0,54%	1.729,3	2.029,8	17,38%
2000	Reykjanesbær	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
2300	Grindavíkurbær	0	0	0,00%	86,0	133,9	55,70%
2503	Sandgerðisbær	0	0	0,00%	67,6	19,7	-70,86%
2504	Sveitarfélagið Garður	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
2506	Sveitarfélagið Vogar	0	0	0,00%	17,7	17,7	0,00%
3000	Akraneskaupstaður	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
3506	Skorradalshreppur	133.562	101.917	-23,69%	558,0	558,0	0,00%
3511	Hvalfjarðarsveit	2.112.790	2.108.250	-0,21%	4.749,9	4.597,1	-3,22%
3609	Borgarbyggð	8.129.640	7.611.570	-6,37%	20.381,6	20.304,3	-0,38%
3709	Grundarfjarðarbær	362.127	361.348	-0,22%	485,0	471,0	-2,89%
3710	Helgafellssveit	205.175	204.733	-0,22%	1.470,1	1.520,1	3,40%
3711	Stykkishólmsbær	0	0	0,00%	220,6	176,5	-19,99%
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	770.435	786.705	2,11%	1.996,4	1.996,4	0,00%
3714	Snæfellsbær	1.094.540	984.776	-10,03%	1.238,7	1.238,7	0,00%
3811	Dalabyggð	1.770.970	1.677.110	-5,30%	24.132,1	23.932,1	-0,83%
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	104.819	104.594	-0,21%	344,7	250,8	-27,24%
4200	Ísafjarðarbær	1.155.760	1.130.780	-2,16%	6.603,6	6.567,6	-0,55%
4502	Reykhólahreppur	1.036.980	686.185	-33,83%	6.020,7	6.173,2	2,53%
4604	Tálknafjarðarhreppur	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
4607	Vesturbyggð	814.719	704.063	-13,58%	4.822,6	4.772,0	-1,05%
4803	Súðavíkurhreppur	177.900	162.350	-8,74%	2.242,3	2.402,3	7,14%
4901	Árneshreppur	0	0	0,00%	2.348,7	2.348,7	0,00%
4902	Kaldrananeshreppur	0	0	0,00%	1.193,6	1.193,6	0,00%
4911	Strandabyggð	0	0	0,00%	10.787,1	10.852,1	0,60%
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	8.875.850	9.622.430	8,41%	26.533,9	26.568,8	0,13%
5508	Húnaþing vestra	2.558.730	2.620.940	2,43%	30.605,9	31.272,3	2,18%
5604	Blönduósibær	288.514	331.812	15,01%	1.442,0	1.642,0	13,87%
5609	Sveitarfélagið Skagatrönd	0	0	0,00%	44,9	44,9	0,00%
5611	Skagabyggð	956.566	954.509	-0,22%	3.967,9	3.967,9	0,00%
5612	Húnavatnshreppur	2.712.620	2.671.890	-1,50%	19.901,4	19.945,5	0,22%
5706	Akrahreppur	2.182.870	2.381.690	9,11%	4.119,6	4.219,1	2,42%
6000	Akureyrarkaupstaður	0	0	0,00%	39,0	39,0	0,00%
6100	Norðurþing	411.585	437.239	6,23%	16.136,5	16.104,3	-0,20%
6250	Fjallabyggð	0	0	0,00%	198,3	300,6	51,59%

6400	Dalvíkurbyggð	3.906.690	3.489.790	-10,67%	2.653,9	2.686,9	1,24%
6513	Eyjafjarðarsveit	9.756.290	9.818.130	0,63%	3.179,3	3.257,0	2,44%
6515	Hörgársveit	5.072.580	5.086.520	0,27%	4.952,5	4.972,7	0,41%
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	2.161.530	2.295.500	6,20%	215,8	215,8	0,00%
6602	Grýtubakkahreppur	1.132.100	1.129.670	-0,21%	3.975,1	3.975,1	0,00%
6607	Skútustaðahreppur	702.770	701.258	-0,22%	4.488,6	4.129,3	-8,00%
6611	Tjörneshreppur	197.438	215.572	9,18%	1.433,7	1.433,7	0,00%
6612	Pingeyjarsveit	5.970.180	5.724.090	-4,12%	15.859,7	15.730,3	-0,82%
6706	Svalbarðshreppur	0	0	0,00%	7.240,6	7.724,0	6,68%
6709	Langesbyggð	0	0	0,00%	4.790,2	4.902,1	2,34%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	132.467	141.145	6,55%	696,1	696,1	0,00%
7300	Fjarðabyggð	208.577	212.619	1,94%	4.855,3	4.826,3	-0,60%
7502	Vopnafjarðarhreppur	735.041	733.460	-0,22%	6.249,1	6.249,1	0,00%
7505	Fljótaldshreppur	0	0	0,00%	5.581,9	5.902,4	5,74%
7509	Borgarfjarðarhreppur	0	0	0,00%	2.825,0	2.701,0	-4,39%
7613	Breiðdalshreppur	339.403	338.673	-0,22%	2.810,5	2.555,6	-9,07%
7617	Djúpavogshreppur	334.689	432.584	29,25%	5.618,7	5.318,7	-5,34%
7620	Fljótaldshérað	3.194.440	2.966.380	-7,14%	26.803,0	26.634,2	-0,63%
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	1.923.680	1.971.250	2,47%	12.996,4	13.213,4	1,67%
8000	Vestmannaeyjabær	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
8200	Sveitarfélagið Árborg	1.552.480	1.529.630	-1,47%	123,2	232,2	88,47%
8508	Mýrdalshreppur	1.344.840	1.207.260	-10,23%	3.653,2	3.389,8	-7,21%
8509	Skaftárhreppur	2.097.690	2.195.080	4,64%	16.687,9	16.359,9	-1,97%
8610	Ásahreppur	654.224	666.160	1,82%	1.216,5	1.216,5	0,00%
8613	Rangárþing eystra	12.179.600	12.106.900	-0,60%	10.766,0	10.426,1	-3,16%
8614	Rangárþing ytra	3.988.970	4.000.410	0,29%	7.055,6	6.787,9	-3,79%
8710	Hrunamannahreppur	5.060.770	5.264.590	4,03%	3.640,8	3.553,3	-2,40%
8716	Hveragerðisbær	10.489	10.466	-0,22%	29,9	29,9	0,00%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	187.239	190.328	1,65%	979,4	1.227,1	25,29%
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	412.501	411.613	-0,22%	2.806,9	2.653,9	-5,45%
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6.557.400	6.957.890	6,11%	2.847,9	2.769,4	-2,76%
8721	Bláskógabyggð	3.779.330	3.790.230	0,29%	4.429,2	4.618,4	4,27%
8722	Flóahreppur	5.414.220	5.376.750	-0,69%	1.945,5	2.045,5	5,14%




Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun

8.2 Fiskveiðar, samstarfsvóti (2013)

Heita má að heildarafli tegunda, annarra en uppsjávarfisks, hafi minnkað jafnt og þétt á árunum 1992 til 2011. Lítilsháttar aukning var á árinu 2012 og vegur aukning í þorskafla þar þyngst. Reikna má með frekari aukningu á árinu 2013 ef miðað er við úthlutun aflaheimilda í september 2013. Afli uppsjávartegunda hefur sveiflast mjög mikið á sama tímabili en veruleg aukning varð á milli árunna 2010 og 2012 og gætir áhrifa hennar hvað mest á Austurlandi og Suðurlandi eins og áður hefur komið fram.

Ef afli tegunda, annarra en uppsjávartegunda, er skoðaður kemur mikilvægi fjögurra helstu nytjastofnanna, það er þorsks, ýsu, ufsa og karfa, berlega í ljós. Aflinn hefur sem fyrr segir minnkað jafnt og þétt og samdráttur í ýsu verið hvað mestur á seinustu árum. Af einstökum tegundum vegur þorskurinn lang þyngst og því er fyrirsjáanleg aukning í aflaheimildum þorsks afar mikilvæg fyrir sjávarútveginn og efnahag landsmanna yfirleitt.

Ef litið er til skiptingar á veiðum helstu nytjategundanna fjögurra eftir landshlutum (miðað við heimahöfn skips) kemur í ljós að hlutfallsleg skipting aflans er nokkuð stöðug á milli landshluta og því má ætla að samdráttur eða aukning í veiðum þessara tegunda hafi svipuð áhrif á



útgerðir er stunda þessar veiðar í landshlutunum.


Afla þorsks má sjá sérstaklega á mynd 8.2.4. Þar virðast koma fram svipuð hlutföll í afla eftir landshlutum líkt og á ofangreindri mynd, enda voru mestu breytingarnar samfara upptöku aflamarkskerfisins komnar fram fyrir þennan tíma.

Hins vegar gefur samanburður á afla tegundanna fjögurra annars vegar og verkun hins vegar til kynna að áhrifa af samdrætti eða aukningar á vinnsluþáttinn muni gæta mismikið eftir landshlutum í ljósi þess að nokkur tilflutningur er á afla, annað hvort með löndun í öðrum landshluta en þar sem skip er skráð eða með flutningi afla eftir löndun.


Á mynd 8.2.5 kemur fram að yfir 40 þúsund tonn koma á land eða eru flutt af skipum á landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og yfir 10 þúsund tonn til Suðurnesja. Á móti kemur flutningur frá Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi á um 10 þúsund tonnum. Mestur afli þorsks, ýsu, ufsa og karfa kemur þó af skipum skráðum á Vesturlandi, eða um 30 þúsund tonn.

Heildarafla allra tegunda eftir landshlutum má sjá á mynd 8.2.6. Einna helst gefur hún til kynna sveiflur í uppsjávarveiðum og samdrátt í öðrum tegundum en þó einnig tilfærslu á uppsjávarveiðum frá Suðurnesjum og


Mynd 8.2.4 Þorskaflí eftir landshlutum miðað við heimahöfn skips 1992-2012



Mynd 8.2.5 Munur á aflamagni og verkunarmagni eftir heimahöfn skips og verkunarsvæði þorsks, ýsu, ufsa og karfa 2003-2012






Mynd 8.2.6 Afli eftir landshlutum miðað við heimahöfn skips 1992 - 2012



Norðurlandi eystra á árunum 1997-2006. Enn fremur má sjá verulegan viðsnúning til hins betra í uppsjávarveiðum frá 2010.

Veiðar og vinnsla á makríl eru orðin mikilvæg í sjávarútvegi landsmanna. Afli á makríl hefur á örfáum árum vaxið frá engu upp í um 150 þúsund tonn, þ.e. um og yfir 15% af heildar uppsjávarafli.


Fyrstu ár veiðanna (2004-2009) var aflanum ráðstafað að mestu leyti til bræðslu en á þessu hefur orðið gagnger og mjög hröð breyting í þá átt að frysta aflann á landi og á sjó og auka þar með verðmæti afurða. Vinnsla makrils eftir landshlutum sýnir greinilega sterka stöðu landshluta sem eru í uppsjávarfiski, þ.e. Austfjarða og Suðurlands. Einnig er vaxandi vinnsla á Norðurlandi eystra og á höfuðborgarsvæðinu en þar er fyrst og fremst um sjófrystingu að ræða auk landfrystingar á Þórshöfn. Landfrysting á makríl vegur mjög þungt við vinnslu og hlutur hennar mjög vaxandi miðað við bræðslu sem fyrr segir. Af einstökum stöðum á Suðurlandi eru Vestmannaeyjar, Hornafjörður og Þorlákshöfn stærstir. Á Austurlandi er frystingin mest í Neskaupstað, Vopnafirði, Fáskrúðsfirði og Eskifirði og á Norðurlandi hefur Þórshöfn sérstöðu.



Samstarfsskvóti


Sem fyrr segir virðast landshlutarnir hafa haldið sínum hlut nokkuð á heildina litið á undanförunum árum. Hins vegar blasir við allt önnur mynd þegar horft er á breytingar á aflaheimildum og þó einkum tölur um vinnslu á síðustu árum. Vinnsla hefur lagst að miklu leyti af í sumum rótgrónum sjávarplássum en hangið á horreiminni í öðrum. Þessar breytingar hafa óhjákvæmilega haft mjög neikvæð áhrif á flest þessara samfélaga og íbúapróun

orðið neikvæð. Reynt hefur verið að koma til móts við hagsmuni byggðarlaganna með byggðakvóta og nú hin síðari ár með strandveiðum. Skiptar skoðanir eru um ágæti þessara aðgerða og að margra dómi hafa þær ekki komið byggðunum að gagni með nægilega markvissum hætti. Í ljósi þessa hefur Alþingi nú veitt Byggðastofnun heimild til að styðja illa settar sjávarbyggðir með sérstökum heimildum, allt að 1.800 þorskígildistonnnum á ári í allt að fimm ár. Markmið Byggðastofnunar með úthlutun af þessum heimildum er að hvetja hagsmunaaðila í sjávarútvegi á hverjum stað til samstarfs um raunhæfar leiðir til að hafa jákvæð áhrif á viðkomandi samfélög. Í öndverðum október 2013 hefur verið auglýst eftir samstarfsaðilum í sex sjávarbyggðum, umsóknir borist og verið er að fara yfir þær. Stofnunin bindur miklar vonir við að þetta fyrirkomulag skili markvissum árangri.



8.3 Fiskeldi (2013)

Fiskeldi er ung atvinnugrein á Íslandi en hefur gengið í gegnum miklar sveiflur síðust þrjá áratugi. Fyrsta fiskeldisstöðin á Íslandi var stofnuð árið 1950 og mikill uppgangur varð í greininni upp úr 1980, einkum í laxeldi. Atvinnugreinin óx hratt frá 1980 til 1990 og eldisstöðvum fjölgaði úr 40 árið 1984 í 102 í árslok 1986. Framleiðslan óx úr rúmum 100 tonnum upp í 2800 tonn árið 1990, aðallega á laxi,



en aðrar helstu tegundir í framleiðslu voru bleikja og regnbogasilungur. Fiskeldi varð síðan fyrir áföllum, miklu verðfalli á afurðum og fiskisjúkdómum. Á árunum 1990 til 2002 var landsframleiðslan á ári á bilinu 3000-4000 tonn en á því tímabili jókst hlutdeild bleikju og hlutdeild lax minnkaði. Frá 2002 til 2006 jókst landsframleiðslan mikið, úr 3600 í tæplega 10.000 tonn og skýrist það aðallega af mikilli aukningu á laxi en einnig af þorski. Frá 2007 til 2011 hefur landsframleiðslan verið um 5000 tonn, fyrst og fremst á bleikju en einnig af þorski.

Árið 2008 fór framleiðsla á laxi lægst í 283 tonn og var það minnsta magn af laxi frá árinu 1986. Árið 2011 jókst landsframleiðsla á laxi mikið og fór í 3100 tonn og með því fór heildarframleiðsla af eldisfiski í tæp 8000 tonn. Framleiðsla á árinu 2013 stefnir í 8500 tonn og áætlanir eru um mun meiri aukningu á næstu árum. Á mynd 8.3.1 er sýnt magn á framleiddum eldisfiski í tonnum frá 1984 til 2013 auk varlega áætlaðra talna fyrir árin 2014-2015.


Aukningin síðustu ár sést glögglega og er fyrst og fremst í sjóeldi og skiptist á milli tveggja landshluta, Vestfjarða og Austfjarða. Stór áform eru um aukið laxeldi á Vestfjörðum en fyrirtæki í rekstri hafa hafa sótt um stækkun á núverandi eldisleyfum upp í um 33.000 tonn! Eitt fyrirtæki á Austfjörðum er í mikilli uppbyggingu með eldisleyfi fyrir um 11.000 tonn og stefnir á fulla nýtingu þess innan fárra ára. Ástæða þess að sjóeldi byggist fyrst og fremst upp á Vestfjörðum og Austfjörðum er sú að firðir í öðrum landshlutum nema Eyjafjörður eru friðaðir fyrir eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum. Þetta þýðir í raun að friðunarsvæði nær yfir Faxaflóa, Breiðafjörð, Húnaflóa, Skagafjörð, Skjálfanda,

pistilfjörð og svæðið frá Fonti að Glettingsnesi. Á þessum svæðum og innfjörðum þeirra er bannað að stunda kvíaelði eins og sjá má á kortinu á mynd 8.3.2.

Mynd 8.3.2

Heimild: Íslandsbanki, Veiðimálastofnun og Fiskistofa

Rekstrarleyfi til fiskeldis og friðunarsvæði laxfiska í sjó



Landeldi er fyrst og fremst á Suðurnesjum, Suðurlandi, í Þingeyjarsýslum og í Tálknafirði. Mikil uppbygging er á Suðurnesjum en milli Hafna og Grindavíkur er verið að reisa gríðar stóra eldisstöð fyrir senegalflúru á um 70.000 m² en gert er ráð fyrir að stöðin muni framleiða um 2000 tonn af fiski. Stöðin verður stærsta sinnar tegundar í heiminum og er í eigu Norðmanna. Fleiri uppbyggingaráform eru í landeldi á Suðurnesjum en þau eru ekki komin eins langt. Gangi allar þessar áætlanir um stórfellda uppbyggingu eftir verður margföldun á framleiddu magni af eldisfiski og í veltu greinarinnar. Gangi þessi uppbyggingaráform eftir mun það leiða til nýrra starfa á Vestfjörðum, Suðurnesjum og Austurlandi.

9 Stoðkerfi

9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar (2013)

Byggðastofnun hefur gert samninga við átta aðila um atvinnuráðgjöf á starfssvæði stofnunarinnar. Nokkuð mismunandi háttur er á hvert rekstrarform atvinnuráðgjafarinnar er en starfssvæðin fara saman við starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga með einni undantekningu. Í samningunum er kveðið á um hlutverk atvinnuráðgjafarinnar en það er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags, m.a. í samræmi við sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Á árinu 2013 greiðir Byggðastofnun samtals 172 milljónir til atvinnuráðgjafarinnar. Aðrir aðilar, einkum sveitarfélög, greiða einnig töluvert til atvinnuþróunarstarfseminnar og styðja hana með öðrum hætti.

Gerðir hafa verið menningarsamningar við landshlutasamtök sveitarfélaga. Markmið samninganna eru að:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Á árinu 2013 greiðir ríkið samtals 207 milljónir til menningarsamninganna.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands veitir margháttaðan stuðning við nýsköpun og frumkvöðlastarf víðs vegar um land. Er sá stuðningur á vegum Impru sem er með höfuðstöðvar í Reykjavík en starfsstöðvar á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn og Vestmannaeyjum.

Þá er vert að nefna Matís, Háskólasetrin og þekkingarsetrin en þessir aðilar eru með starfsstövar víða um land og veita atvinnulífina margháttaðan stuðning.

9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra (2013)

Samþætting hinna ýmsu áætlana ríkisins hefur þótt eftirsóknarvert viðfangsefni og samþætting þeirra við áætlanir sveitarfélaga. Stýrinet stjórnarráðsins fyrir sóknaráætlanir landshluta, með fulltrúa allra ráðuneyta og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hefur síðustu misserin unnið að slíkri samþættingu þvert á ráðuneyti og á milli stjórnsýslustiga. Litið er þannig til að byggðamál þveri málaflokka allra ráðuneyta og stýrinetið hefur í starfi sínu skilgreint byggðamál þannig: „Byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.“

Viðleitni til samþættingar sem stýrinet stjórnarráðsins hefur með höndum verður að telja mikilvæga fyrir áætlanagerð á landshluta- og landsstigi. Í fyrsta lagi eru samskipti milli áætlanagerðar ráðuneytanna mikilvæg og í öðru lagi samskiptin milli þeirra og áætlanagerðar landshlutanna og loks milli landshlutanna og áætlanagerðar einstakra ráðuneyta.

9.3 Sóknaráætlanir landshluta (2013)

Vinna við sóknaráætlanir landshluta hófst í byrjun árs 2011. Í fyrsta áfanga var stefnt að því að beina samskiptum stjórnarráðsins og átta landshlutasamtaka sveitarfélaga í tiltekinn farveg og markmiðið að færa aukin völd og ábyrgð á forgangsröðun og skiptingu ríkisfjár til verkefna á sviði byggða- og samfélagsþróunar til landshlutanna. Þannig ætti að nást fram betri nýting fjármuna, byggða á svæðisbundnum áherslum og færa ákvarðanatöku nær fólki, fyrirtækjum og stofnunum.

Í sóknaráætlun hvers landshluta á að lýsa framtíðarsýn landshlutans, stefnumótun og forgangsröðun úthlutaðra fjármuna. Í öllum landshlutum voru myndaðir samráðsvettvangar heimamanna sem komu að mótun áætlana og forgangsröðun verkefna. Samráðsvettvangarnir voru mismunandi eftir landshlutum bæði hvað varðaði samsetningu og fjölda þátttakenda. Í öllum landshlutum tóku þar þátt fulltrúar sveitarstjórna, atvinnulífs og stoðstofnana auk annarra og þátttakendur voru á bilinu 40-200. Ábyrgð á vinnunni var í öllum landshlutum hjá stjórnnum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Alls urðu verkefni áætlana 73 á landinu öllu.

Með sóknaráætlunum landshluta er gerð tilraun til þess að ráðstafa fjármagni til verkefna á grundvelli stefnumótunar og áætlanagerðar hvers landshluta þar sem landshlutasamtök sveitarfélaga eru ábyrgðaraðilar. Ráðgert var að fjármagna hluta sóknaráætlana með fjármagni vaxtarsamninga og menningarsamninga ásamt nýju fé. Samhliða þessu var stefnt að því að endurskipuleggja stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru misjafnlega búin til þess að annast áætlanagerð en mikilvægt að þau þróist og eflist til þess. Samráðsvettvangar sóknaráætlana tryggja að við gerð sóknaráætlana verði mótuð framtíðarsýn, stefna og leiðir í víðtæku samráði.

Sjá má allar sóknaráætlanir á heimasíðu stjórnarráðsins²³ og öll verkefni sóknaráætlana.²⁴

9.4 Lánastarfsemi Byggðastofnunar (2013)

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagvöxt og vaxtagreiðslur fyrirtækja í viðunandi rekstri geta ekki fyllilega staðið undir útlánatapi vegna annarra. Reynslan sýnir að bankar og aðrar fjármálastofnanir eru tregar til að lána á þau svæði þar sem markaðsvirði eigna er lágt. Því hefur þótt mikilvægt að íslenska ríkið hlutist með einhverjum hætti til um að fyrirtæki í dreifðari byggðum landsins hafi aðgang að lánsfjármagni á hagstæðum, samkeppnishæfum kjörum. Það er alls ekki séríslenskt fyrirbrigði enda vel þekkt í hagfræði. Almenn rök í svæðahagfræði fyrir því að hið opinbera skipti sér að byggðaþróun, eins og með því að hið opinbera sjái fyrirtækjum í dreifbýli fyrir fjármagni, byggjast á að fyrir hendi eru markaðsbrestir eða annað sem kemur í veg fyrir að markaðir séu skilvirkir. Þegar ríkisstyrkt kerfi vinnur bug á brestinum opnast möguleikar á að lána án þess að hætta sé á óbærilegum vanskilum. Venjulega virkar þetta kerfi best á krepputímum en í góðæri eru markaðsbrestir minni.

Byggðastofnun er ætlað í útlánum sínum að vege upp markaðsbresti hvað varðar aðgengi atvinnulífsins að lánsfé. Hún er alla jafna á eftir viðskiptabanka fyrirtækis í veðröð en á sama tíma er ætlast til þess að vextir á útlánum stofnunarinnar séu lágir, auk þess sem henni er ætlað að varðveita eigið fé sitt að raungildi. Útlán stofnunarinnar til um 400 aðila nema rétt tæplega 13 milljörðum fyrir afskriftir. Samkvæmt fjárlögum ársins er útlánaheimild Byggðastofnunar á árinu 2013 alls 1,5

²³ www.stjornarrad.is/sl/soknaraaetlanir-landshlutanna/



²⁴ www.stjornarrad.is/sl/soknaraaetlanir-landshlutanna/aaetlanir

milljarðar. Eftirfarandi mynd sýnir stöðu lána- safns Byggðastofnunar eftir landshlutum og atvinnugreinum m.v. 31.8.2013. Tölurnar fyrir ofan súlurnar sýna fjölda viðskiptavina í hverjum landshluta.

Þar sem Byggðastofnun er samkvæmt lögum ætlað að varðveita eigið fé að raungildi hefur ríkisvaldið af þessum ástæðum ítrekað þurft að leggja henni til aukið eigið fé.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lánastarfsemi stofnunarinnar er bent á að lán hennar séu eðli máls samkvæmt áhættusöm enda iðulega veitt með vísun til samfélagslegs mikilvægis fyrir viðkomandi byggðarlag auk viðskiptalegra forsendna. Meðal nágrannabjóða er ekki gert ráð fyrir því að sambærilegar stofnanir varðveiti eigið fé að fullu enda þyrfti vaxtastig við fjármögnun verkefna að vera svo hátt að það ynni gegn tilgangi slíkrar lánastarfsemi.

Mynd 9.4.1 Skipting útlána Byggðastofnunar í ágúst 2013



10 Verkefni stefnumótandi byggðaáætlunar 2010-2013 (2013)

Þingsályktun um stefnumarkandi byggðaáætlun 2010-2013 var samþykkt á Alþingi 11. apríl 2011. Þar segir: „Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar verði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.“ Og: „Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar verði gripið til eftirfarandi aðgerða sem falla undir níu skilgreind lykilsvið.“ Þau eru síðan nefnd og tillögur um aðgerðir. Hér á eftir er farið yfir framvindu einstakra aðgerða með tilvitnun í inngang úr þingsályktuninni fyrir hvert lykilsvið.

10.1 Atvinnustefna

Kjarni atvinnustefnunnar er bætt samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbær þróun atvinnulífsins þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig, menntun, rannsóknunum og margvíslegum menningar- og samfélagslegum þáttum.

Aðgerðatillögur:

1. Samkeppnishæfni og klasar.

Unnið hefur verið að tillögunni á vegum forsætisráðuneytisins.

2. Heildstæð orkunýtingarstefna. Stýrihópur um heildstæða orkustefnu skilaði tillögum sínum til iðnaðarráðherra í árslok 2011 og voru þær tillögur kynntar á Alþingi snemma árs 2012. Í tillögunum er fjallað ítarlega um stöðu orkumála á Íslandi og farið yfir markmið og leiðir er varða m.a. sjálfbæra auðlindanýtingu, háværkun þjóðhagslegrar hagkvæmni orkuvinnslu, orkunýtingu, orkuframboði og fleira

3. Efling landshluta- og héraðakjarna. Vinnsla tillögunnar hefur farið fram á þróunarsviði Bygðastofnunar í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga var í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin uppfærð greining þeirra á vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða frá 2008. Annar áfangi fólst í vinnu við greiningu á staðsetningu nokkurra mikilvægra þjónustubátta ríkisins við stöðugreiningu landshlutanna fyrir stýrinet. Þriðji og síðasti áfangi verkefnisins verður unnin fyrir stöðugreiningu 2013.

4. Iðn- og orkugarðar – efnaverkfræðiklassi. Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI) hefur í tillögum sínum um grænkun atvinnulífsins bent á þá nauðsyn að efla þekkingu á annars vegar sambýli í stóriðju og hins vegar aukinni áherslu á alhliða efnaverkfræðifyrirtæki – fremur en að einblína á stóriðju áls og kísils. Nýsköpunarmiðstöð hefur unnið greiningarvinnu með tveimur aðilum varðandi efnaverkfræði með orkugarða í huga. Annars vegar á Reykjanesi þar sem Gekon ehf. var fengið í lið með NMI og Atvinnuþróunarfélaginu; hins vegar á Húsavíkarsvæðinu með þátttöku Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

5. Efling líftækni. Á sviði líftækni hefur NMI beitt sér fyrir tveimur áherslum, annars vegar nýtingu líftækninnar til framleiðslu eldsneytis og hins vegar á sviði heilsutækni. Í samstarfi við m.a. Háskólann á Akureyri, Mannvit, Sorpu og fleiri.

6. Þróun vistvænna veiða á grunnslóð og nýting nýrra veiðistofna. Á undanförunum árum hefur Hafrannsóknastofnun unnið að eftirfarandi verkefnum sem tengdust þróun vistvænna veiða á grunnslóð og nýting nýrra veiðistofna. Flest stærstu verkefni voru að verulegu leyti kostuð af Verkefnasjóði sjávarútvegsins, en einnig af AVS sjóði, öðrum sjóðum og rekstrarfé Hafrannsóknastofnunarinnar. Verkefni grundvallast á markmiðum ráðuneytisins og stofnunarinnar um atvinnusköpum og eflingu byggðar í tengslum við sjávarútveg.

7. *Fiskeldi.* AVS hefur veitt styrki til rannsóknaverkefna á sviði fiskeldis. Hafrannsóknastofnun stundar rannsóknir á kynbótum í þorskeldi. Hólaskóli stundar kynbætur í bleikjueldi.

10.2 Samþætting áætlana og aukið samstarf

Samþætting opinberra áætlana, m.a. á sviði byggðamála, menntamála, orkumála, samgangna, fjarskipta og menningarmála, er hugsuð í þeim tilgangi að bæta árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna.

Aðgerðatillögur:

8. *Samþætting opinberra áætlana.* Samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlanir landshluta er lagt er til að unnar verði heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðafræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnarsýslunnar. Markmiðið er að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

9. *Fjölbjóðlegt samstarf.* Ísland hefur verið virkur þátttakandi í NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON. Um starf þessara áætlana má lesa í kafla 11 *Fjölbjóðlegt samstarf* hér á eftir.

10. *Tölfræðileg gögn um byggðaðróun.* Byggðastofnun hefur í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnið tölur um hagvöxt í einstökum landshlutum allt frá árinu 2004. Byggðastofnun fylgist með og birtir upplýsingar um íbúaðróun á landinu. Þá var einnig óskað eftir að stofnunin legði mat á samfélagsleg áhrif af efnahagshruninu og framkvæmd efnahagsáætlunarinnar eins og hún birtist í fjárlögum árána 2009, 2010 og 2011. Að auki hefur Byggðastofnun fylgst með þróun fasteignagjalda og fasteignamats og orkukostnaði heimilanna.

10.3 Efling stoðkerfis atvinnulífsins

Tilgangurinn með þessu er m.a. að auka skilvirkni atvinnulífsins og gera það einfaldara. Það er meðal annars gert með því að leggja áherslu á vaxtarsamninga sem byggjast á klasahugsun og á svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika og eru líkleg til að skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun.

Aðgerðatillögur:

11. *Skilvirkara stoðkerfi.* Stoðkerfi atvinnulífsins hefur verið skoðað eins og lagt var upp með. Fyrsti áfangi þess var úttekt og tillögur ráðgjafafyrirtækisins Stjórnhættir en til grundvallar lá m.a. samráð við notendur stoðkerfisins þar sem óskir þeirra um fyrirkomuleg og þjónustu stoðkerfisins voru dregnar fram. Í kjölfarið kom álíka samráðsfundur með þeim sem veita þjónustu stoðkerfisins og var gengið út frá spurningunni: Hvernig getur stoðkerfið uppfyllt óskir viðskiptavina sinna? Með skýrslu Stjórnháttá sem vegarnesti voru unnar tillögur um breytingar og fyrirkomulag stoðkerfisins og fenginn ráðgjafi til að stýra stefnumótunarvinnu sem byggði á þeim. Þessu starfi lauk í ársbyrjun 2012 sem m.a. kallaði eftir skýrari verkaskiptingu á milli stofnana ráðuneytisins og atvinnuþróunarfélaga.

12. *Þróun og styrking vaxtarsamninga.* Vaxtarsamningar eru samningar milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins (áður iðnaðarráðuneytis) við atvinnuþróunarfélögin í landinu.

Markmið samninganna er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði skulu m.a. vera að:

- Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
- Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
- Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vöru og þjónustu.
- Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Áhersla er lögð á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á mismunandi sviðum eftir því hvar styrkleikar einstakra svæða liggja.

Í gildi eru 8 vaxtarsamningar sem allir renna út árið 2013. Vaxtarsamningur Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Eyjafjarðar, Norðausturlands, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja. Heildarfjárhæð til þeirra er 239 milljónir á ári. Byggðastofnun hefur annast árlegt árangursmat en einnig er fyrirhugað heildarmat á árangri alls kerfisins árið 2013.

13. Efling þekkingarsetra. Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra skilaði skýrslu sinni um þekkingarsetur á Íslandi í ágúst 2010. Skýrslan tekur til 189 setra um land allt og sýnir að þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni er margbrotin og einkennist af smáum en fjölbreyttum einingum. Í þeim 189 setrum sem fjallað er um í skýrslunni starfa alls 864 manns í u.þ.b. 550 stöðugildum.

10.4 Nýsköpun og sprotafyrirtæki

Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki verði þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin, starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum eða að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera.

Aðgerðatillögur:

14. Ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar. Varðandi þetta erindi þá sér Rannís um að staðfesta verkefni fyrirtækja vegna endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar (skattívilnun), sbr lög nr.152/2009.

Við skattálagningu á síðasta ári var í fyrsta sinn tekið tillit til þessarar R&D ívilunar.

15. Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri. Starfstöð Impru á Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri, var opnuð í desember 2002 og hefur því verið rekin í rúm 10 ár. Í byrjun voru ráðnir 3 starfsmenn, en árið 2004 var þeim fjölgað í 4 og í 5 árið 2007. Á árunum 2010 til 2012 voru að jafnaði starfsmenn í 4,5 stöðugildum. Starfstöðin er til húsa að Borgum við Norðurslóð og býr því að mikilli nálægð við Háskólann á Akureyri

16. *Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema.* Markmiðið með verkefninu var að í samvinnu við framhaldsskóla og atvinnulífið fengju nemendur tækifæri til að kynna verknaði og störfum innan mismunandi atvinnugreina í iðnaði. Verkefnið var unnið sumarið 2010 og lauk formlega 1. október 2010 með útgáfu lokaskýrslu.

17. *Heildstæð áætlun um aukna hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum.* Verkefnishópurinn skilaði skýrslu til iðnaðarráðherra ásamt orkuskiptaáætlun í nóvember 2011. Í kjölfarið lagði iðnaðarráðherra skýrsluna og aðgerðaráætlun fyrir Alþingi í samræmi við þingsályktun um Orkuskipti í samgöngum sem samþykkt var í júní 2011. Iðnaðarráðherra mælti fyrir skýrslunni á Alþingi í byrjun febrúar 2012. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra mælti fyrir um frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti sem samþykkt var á Alþingi í mars 2013.

18. *Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju og jarðvarmaverum.* Forstjóri NMI hefur verið sérlegur ráðgjafi Carbon Recycling International (CRI) og unnið með fyrirtækinu að undirbúningi og byggingu efnaframleiðslu í Svartsengi sem vígð var í mars 2012. Samhliða þessu hefur CRI átt í viðræðum við Landsvirkjun um metanólframleiðslu við Kröflu.

19. *Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar.* Niðurgreiðslur ríkisins eru umtalsverðar og nemur upphæðin árlega um milljarð króna. Frá ársbyrjun 2010 hefur Orkustofnun gert rúmlega 200 samninga við notendur með rafhitun um styrk (eingreiðslu) til uppsetningar á búnaði sem lækkar húshitunarkostnað.

10.5 Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu

Til viðbótar við innlenda nýsköpun og vöxt atvinnulífsins, sem kalla má „innri vöxt“, er mikilvægt að stuðla markvisst að erlendra nýfjárfestingu í atvinnulífinu. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna fjárfestingar mun taka til svæða sem skilgreind eru á byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA og mikilvægt að atvinnuþróunarfélög eigi samstarf við Fjárfestingarstofu um kynningu á helstu kostum og styrkleikum svæða.

Aðgerðatillögur:

20. *Rammalöggjöf um ívilnanir.* Frá gildistöku laganna hafa verið gerðir 6 fjárfestingarsamningar á grundvelli þeirra og þar af hafa þrjú þessara verkefna hafist. Núgildandi fyrirkomulag er mun skilvirkara og betra en það sem tíðkaðist þegar ívilnun til hvers fjárfestingarverkefnis byggðist á sérlögum sem þurftu fyrirfram samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA.

21. *Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar.* Svör bárust frá nokkrum atvinnuþróunarfélögum. Í þeim kom fram að einstök verkefni hafa verið unnin bæði án og með samráði við Fjárfestingarstofu. Hins vegar hefur ekki verið um formlegt samstarf við stofuna að ræða

10.6 Efling ferðaþjónustu

Eftir mikinn vöxt, vöruþróun og nýsköpun á síðustu árum er ferðaþjónustan orðin ein af meginstoðum íslensks efnahagslífs og skapar um fimmtung gjaldeyrstekna þjóðarbúsins. Mikilvægt er að byggja nú á þeim styrkleikum sem til staðar eru og markaðssetja þá sérstaklega gagnvart erlendum ferðamönnum um leið og gætt er að gæðum og frekari vöruþróun. Horfa þarf sérstaklega til sviða þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist, svo sem heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu.

Aðgerðatillögur:

22. *Nýsköpun og vörubrúun í ferðapjónustu tengd heilsu, lífstíl, ráðstefnum og menningu.* Ferðamálastofa hefur unnið að verkefnum á sviði heilsuferða-, söguferða- og ráðstefnuferðapjónustu. Að auki var unnið að verkefninu Ísland allt árið.

23. *Rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðapjónustu.* Unnið er markvisst að gerð hliðarreiknings um ferðapjónustu (Tourism Satellite Account) á vegum Hagstofu Íslands. Rannsóknarmiðstöð ferðamála stóð nýverið fyrir stefnumótunarfundi um rannsóknir í þágu ferðapjónustunnar sem verið er að vinna úr og verður byggt á áframhaldandi vinnu.

24. *Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðapjónustu á hálendinu.* Vinna að áætlun um ferðamennsku á hálendi Íslands stendur yfir og hefur Ferðamálastofa komið að verkefninu og veitt faglega ráðgjöf

25. *Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðapjónustu.* VAKANUM, gæða- og umhverfiskerfi ferðapjónustunnar, var nýverið hleypt af stokkunum fyrir alla ferðapjónustuaðila nema gististaði og eru þátttakendur í kerfinu farnir að skrá sig.

26. *Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða.* Framkvæmdasjóður ferðamannastaða tók til starfa í lok árs 2011 á grunni laga þar um og hefur þegar staðið fyrir fyrstu úthlutun til verkefna á sviði uppbyggingar og náttúruverndar, samtals um 69 m.kr. Á sama tíma hyggst Ferðamálastofa veita styrki til verkefna sem varða heildstæða uppbyggingu ferðamannastaða, þar sem stefnt er saman hönnuðum/arkitektum og forsjáraðilum vænlegra áfangastaða ferðamanna. Nýverið var hleypt af stokkunum verkefni um kortlagningu auðlinda ferðapjónustu á Íslandi, en þar eru landfræðileg upplýsingakerfi nýtt til þess að fá fram heildstæða mynd af þeim tækifærum sem til staðar eru við uppbyggingu og þróun áfangastaða

27. *Ferðapjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum.* Ferðamálastofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands stóðu fyrir verkefninu „Krásum“, þar sem fjármunum úr Bygðaaáætlun 2006-2009 var veitt til þróunarverkefna á sviði matarferðamennsku.

10.7 Félagsauður

Félagsauður hvers svæðis er grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagsauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. Menntun, menning, félagsstarf, lýðræðisleg þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn eru allt atriði sem skipta máli. Jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun er sérstakt viðfangsefni sem líta þarf til.

Aðgerðatillögur:

28. *Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Í hugmynd Byggðastofnunar var gengið út frá því að fengnir yrðu óháðir aðilar til að vinna viðamikla rannsókn á orsökum búferlaflutninga og að haldin yrði ráðstefna um niðurstöðurnar og þær kynntar. Kostnaður var áætlaður 6,5 milljónir. Ekki fengust fjármunir til verkefnisins og hefur því ekki orðið af því. Hins vegar réðst Byggðastofnun sjálf í viðamikla könnun: „*Samfélag, atvinnulíf og íbúaprúun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*“ þar sem fjallað er um þætti sem stuðla að búseturöskun en það er þó á engan hátt sú rannsókn sem að var stefnt.

29. *Bætt aðgengi að menntun.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkir starf fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á ýmsan hátt, fyrir utan að gera framhaldsskólum

kleift að bjóða upp á nám í öldungadeildum. Ráðuneytið hefur þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að þróa framhaldsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þá styrkir ráðuneytið árlega starf níu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og tveggja á höfuðborgarsvæðinu. Einnig styrkir ráðuneytið íslenskukennslu fólks af erlendum uppruna sem sest hefur að hér á landi. Lög um framhaldsfræðslu nr. 27 voru samþykkt á alþingi 31. mars 2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu 29. nóvember 2011.

30. *Áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar.* Í desember 2011 skipaði velferðarráðherra framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna. Framkvæmdanefndin skilaði aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynjanna í október 2012. Þann 24. október 2012 undirrituðu stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins viljayfirlýsingu um samstarf til að því að eyða kynbundnum launamun. Í byrjun janúar 2013 skipaði velferðarráðherra aðgerðahóp stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna. Þann 22. janúar 2013 samþykkti ríkisstjórnin tillögur um aðgerðir gegn kynbundnum launamun.

31. *Menning, skapandi greinar og listnám.* Nokkrir forráðamenn menningarsamninga svöruðu og kom þar fram að unnið er að ýmsum verkefnum á þessu sviði. Í svörum kom hins vegar fram að ekki ætti að hrinda verkefninu sjálfu í framkvæmd fyrr en á árunum 2012-2013.

10.8 Efling menningarstarfs og skapandi greina

Menning og listir skipa æ ríkari sess í nýsköpun og eflingu atvinnulífs um land allt og hafa þar með jákvæð áhrif á byggðapróun.

Svæðisbundnir menningarsamningar hafa reynst vel og styðja við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og efla tengsl lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að styrkja grundvöll skapandi greina með því að auka áherslu á menntun á þessu sviði. Nýta má menningarsamninga og vaxtarsamninga í þessu skyni og koma á víðtæku samstarfi við þekkingarsetur og menningarsetur í heimabyggð, framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar um eflingu menntunar á sviði skapandi greina.

10.9 Jöfnun lífsskilyrða

Lögð verði sérstök áhersla á að lífskjör séu þau sömu um allt land, sem og áhersla á valfrelsi til búsetuskilyrða. Sem fyrstu aðgerðir til að stuðla að þessu verði lögð sérstök áhersla á jöfnun húshitunarkostnaðar og flutningsjöfnun á vörum bæði fyrir almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni.

11. Fjölbjóðlegt samstarf

Ísland hefur verið virkur þátttakandi í NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON sbr. 9. aðgerðartillögu hér að framan. Hér á eftir er starfi þessara áætlana lýst í grófum dráttum.

11.1 Norræna Atlantsamstarfið, NORA (2013)

Norræna Atlantssamstarfið (Nordisk Atlantsamarbejde - NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landskrifstofur í hverju aðildarlandanna. Starfsemi NORA á Íslandi heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu sem landskrifstofa. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn, en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skipast á um formennsku og tekur Ísland við formennsku af Grænlandinum á árinu 2014.

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma árleg framlög frá aðildarþjóðunum, þar af leggja Íslendingar til 500 þúsund dkr. Heildarfjármagn sem NORA hefur úr að spila árlega eru um 9-10 milljónir dkr. og af þeim fara á bilinu 4-6 milljónir í verkefnastyrki.

Starfsemi NORA er margþætt og snýst um að efla samstarf á svæðinu með ýmsu móti, ekki síst með því að veita styrki til

samstarfsverkefna. NORA á samstarf við ýmsa aðila í því skyni að fylgja eftir megin stefnumálum sínum og auk verkefnastyrkjanna standa samtökin fyrir ráðstefnum og vinnufundum. Í nóvember 2012 var svæðaráðstefna NORA haldin í Reykjavík og var umfjöllunarefnið norræna velferðarkerfið á tímamótum. Svæðaráðstefnan 2013 fjallaði um fjölmiðla á Norður-Atlantssvæðinu og var haldin í Kaupmannahöfn. Á árinu 2012 kom út ný skipulagsáætlun (strategiplan) fyrir tímabilið 2012-2016, en hún var byggð á niðurstöðum svæðagreiningar OECD um NORA-svæðið, *OECD Territorial Review of the NORA Region*, sem út kom árið 2011. Í framhaldinu var sett á fót hugmyndasmiðja til að vinna með niðurstöður og tillögur OECD. Í þeim hópi áttu sæti fulltrúar allra NORA-landanna. Á árinu 2012 voru í tvígang birtar yfirlýsingar og tillögur hugmyndasmiðjunnar. Í tilefni af fyrri yfirlýsingunni var hafinn undirbúningur að þverfaglegu og svæðabundnu meistaranámi í samstarfi háskóla á svæðinu.

Undanfarin ár hefur NORA lagt áherslu á að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs. NORA leggur einnig áherslu á að styrkja tengsl við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada, m.a. í gegnum ýmis samstarfsverkefni. NORA hefur einnig á undanförunum árum unnið að auknum sýnileika starfsins, m.a. með upplýsingum á internetinu og heldur í því skyni úti facebook-síðu svo dæmi séu nefnd. Á árinu 2012 var hafinn undirbúningur að upplýsingasíðu sem verður tengd heimasíðu NORA. Það er svokölluð „ánægjuvog“ og hefur að geyma margvíslegar tölfraðilegar upplýsingar um svæðið.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða á starfsvæðinu. Með starfsáætlun fyrir árin 2012-2016 voru markmið verkefnastyrkjanna endurskilgreind, en samkvæmt OECD eru þrjú mikilvægustu markmiðin:

- 1) Að tryggja sjálfbæra þróun í sjávarútvegi
- 2) að tryggja efnahagslega fjölbreytni og nýsköpun, og

Mynd 11.1.1



Starfssvæði NORA

3) að bæta aðgengi að svæðinu í ljósi þess hversu afskekkt það er.

Ákveðið var að þessi þrjú markmið yrðu í brennidepli starfsemi NORA. Því bæri að styrkja verkefni á sviði fiskveiða og auðlinda sjávar, nýsköpunar og fjölbreytileika og uppbyggingu innviða til að sigrast á fjarlægðum. Í raun má segja að innan þessara flokka rúmist þeir málaflokkar sem áður var lögð áhersla á, þ.e. auðlindir sjávar, ferðamál, orkumál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar.

Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári og verkefni lengst fengið styrki í þrjú ár. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í mars og október. Á árinu 2012 bárust 98 umsóknir og var úthlutað tæpum 4,3 millj. d.kr. til 17 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 16 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er alla jafna um 70-90%. Á heimasíðu NORA www.nora.fo er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Verkefni styrkt af NORA með íslenskri þátttöku, samþykkt á árinu 2012:

Cod-Atlantic, verkefni um þorskeldi, bætt seiðaeldi. Íslenskir þátttakendur, Matís og Hafró.

Samstarf um beitukóng. Samstarf aðila sem fást við veiðar/ræktun á beitukóngi.

Sjávarrannsóknarsetrið Vör.

Macro-Biotech, tilraunaverkefni um ræktun þörunga á opnu hafi og nýtingu þeirra til matvælaframleiðslu o.fl. Matís.

Sjávarklasi, að koma á sjávarútvegsklasa við Norður-Atlantshaf með þátttöku Nýfundnlands, Færeyja, Íslands og Grænlands. Sjávarklasinn og Viðskiptaráð Íslands.

Hliðaráhrif fiskveiða, samstarfsnet hagfræðinga um sjávarútveg til að setja fram hagfræðimódel fyrir mótun sjávarútvegsstefnu. Háskóli Íslands.

Flutningur á fiski, hönnun á gilmottum fyrir ferskfiskútflutning í Færeyjum. Ísgel.

Jarðvangar (geoparks), skipuleggja ferðir og útbúa kynningarefni á netinu gegnum heimasíðu, setja upp bókunarkerfi og stofna norræna deild Geoparks. Katla jarðvangur, Locatify.

Börn og víkingar, auka á þekkingu á víkingum. Útbúa á kennsluefni fyrir skóla, námskeið og viðburði. Grettistak.

NATLOC, ratleikjakeppni í tvær vikur. Þátttakendur ferðast um svæðin með kort og áttavita og uppgötva landið. Hekla rathlaupafélag, Félag fjallaleiðsögumanna.

Slow Adventure, fara sér hægt og verða eitt með náttúrunni og sögunni. Þjálfar fólk í þessari tegund ferðaþjónustu. Háskóli Íslands Höfn í Hornafirði, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar.

Arctic Expedition Cruise, ráðstefna um ferðaþjónustu tengda skemmtiferðaskipum, með áherslu á að styrkja samstarf farastjóra við áfangastaðina. Cruise Iceland.

FING, menntun fyrir starfsmenn í olíu-/gasiðnaði. Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Uppsöfnuð orka, sjálfbær orkunýting og aðferð til að draga úr notkun (jarðefna)eldsneytis. Orkusetur.

RENSEA, prófun rafbáta á vegum Norðursiglingar á Húsavík. Norðursigling, Nýorka.

Berjarækt, tilraunaverkefni um berjaframleiðslu, með ræktun í plastgöngum sem þola meiri vind. Landbúnaðarháskóli Íslands, Garðyrkjustöðin Engi, Garðyrkjustöðin Kvistur, Hveramýri, Bændasamtök Íslands.

Leiðbeiningar um hvalveiðar, leiðbeiningarit um hvalveiðar ætlað fyrir þá sem stunda veiðarnar og til að auka þekkingu og skilning umhverfisins á hvalveiðum. Á vegum NAMMCO í öllum NORA-löndunum.

Samtals var veitt 4.260.000 dönskum krónum til þessara verkefna, eða nálægt 94 m.kr.

11.2 Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP (2013)

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi og að eflingu búsetuþátta með verkefnum með fjölþjóðlegu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Áherslur áætlunarinnar eru á nýsköpun, samkeppnishæfni, aðgengi, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samfélags auk tengsla þéttbýlis og dreifbýlis. Verkefni innan NPP skapa mikilvæg tengsl og þekkingu sem byggja á alþjóðlegri samvinnu og framtaki.

Áætlunin nær landfræðilega yfir mjög stórt svæði, þátttökulönd eru Evrópusambandslöndin, Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja.

Aðstæður eru margbreytilegar en hafa ákveðin sameiginleg einkenni sem m.a. felast í veðurfari norðurslóða, miklu dreifbýli og löngum vegalengdum.

Áætlunin er samkeppnissjóður

sem rekinn er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir innan EES-samningsins, þar sem umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Umsóknir eru metnar af sérfræðinefndum í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 50% mótframlagi umsóknaraðila hvað íslenska þátttöku varðar.

Verkefni hafa hátt nýsköpunargildi, víkka sjónarhorn samstarfsaðila á viðfangsefninu og efla sjálfstraust og getu til þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á landsbyggðinni.

Heildarframlag Íslands til áætlunarinnar árin 2007-2013 var €1,8 milljón og er íslensk verkefnaþátttaka styrkt með því fjármagni einvörðungu. Framlag Íslands var lækkað um €1 milljón í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Heildarfjármagn áætlunarinnar að viðbættum mótframlögum er um €70 milljónir fyrir árin 2007–2013.

Í október 2013 voru íslenskir þátttakendur í 21 verkefni af 51 eða um í 41% verkefna og í 24 forverkefnum af 55 eða í 44% forverkefna.

Aðalverkefni sem samþykkt hafa verið eru:

The Sea as Our Neighbour: Sustainable Adaption to Climate Change in Coastal Communities and Habitats on Europe's Northern Periphery – Coast Adapt. www.coastadapt.org

Samstarfsverkefni Íslands, Norður Írlands, Írlands, Skotlands og Noregs þar sem Háskóli Íslands, Sveitarfélagið Árborg og Mýrdalshreppur eru þátttakendur en meðal tengdra aðila eru Siglingastofnun, Veðurstofa Íslands, Samtök sveitarfélaga og Skipulagsstofnun.

The cooperation for safety in sparsely populated areas - Co-Safe. www.cosafe.eu

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Grænlands. Íslenskir þátttakendur eru Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Sjúkraflutningaskólinn í samstarfi við fjölmarga innlenda aðila.

Craft International www.economusee.eu

Samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Færeyja, Norður-Írlands, Svíþjóðar og Írlands. Íslenski þátttakandinn er Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Sjávarleður á Sauðárkróki o.fl.

Mynd 11.2.1 Starfssvæði NPP



Economuseum Northern Europe. www.economusee.no

Samstarfsverkefni Íslands, Færeyja, Norður Írlands, Írlands, Noregs og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Höfn Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.

NEED, Northern Environment Education Development. www.uef.fi/need

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands. Íslenskir þátttakendur eru Fræðasetur Háskóla Íslands í Höfn Hornafirði, Háskólasetrið á Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafell og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.

Sustainable Aquaculture of Arctic charr - Northcharr. www.northcharr.eu

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar og Noregs. Íslenskir þátttakendur eru Hólalax ehf, Rifós ehf, Íslandsbleikja ehf, Silfurstjarnan ehf, Klausturbleikja ehf, Skagafjarðarveitur, FISK-Seafood, Akvaplan-Niva og Matís.

New Plants for the Northern Periphery Market. www.northernplants.net

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslenskir þátttakendur eru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í samstarfi við garðyrkjustöðvar og fyrirtæki.

North Hunt, Sustainable Hunting Tourism. www.north-hunt.org

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar, Skotlands og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar og Veiðistjórnarsvið Umhverfisstofnunar.

Opportunities for Community through Energy Storage - OCTES. www.octesnpp.com/

Samstarfsverkefni Skotlands, Finnlands, Norður Írlands og Grænlands. Íslenskir þátttakendur eru Orkustofnun, Háskóli Íslands, Vestmannaeyjabær og HS orka.

Our Life as Elderly- implementation - OLEII. www.ourfuture.eu

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Færeyja. Íslenskir þátttakendur eru Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.

Solutions for competitive pellet production in medium size enterprises – PELLETTime. www.pellettime.fi

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands og Skotlands. Íslenskir þátttakendur eru Héraðsskógar, Austurlandsskógar og Skógrækt ríkisins.

Recruitment and Retention of Health Care Providers and Public Sector Workers in Remote Rural Areas – Recruit and Retain. www.recruitanretain.eu

Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Grænlands, Noregs, Svíþjóðar, Kanada og Norður-Írlands. Íslenskur þátttakandi er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Retail in Rural Regions. www.rrr-project.net

Samstarfsverkefni Íslands, Írlands, Færeyja, og Skotlands þar sem Rannsóknarsetur verslunarinnar og Háskólinn á Bifröst eru þátttakendur í samstarfi við verslanir, Samtök verslunar, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.

Rural Innovation and Business Systems – RIBS. www.ruralinnovation.eu

Samstarfsverkefni Skotlands, Svíþjóðar, Finnlands, Írlands og Íslands. Íslenskir þátttakendur eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV ráðgjöf og Vaxtarsamningur Vesturlands.

Roadex Network Implementing Accessibility. www.roadex.org

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands, Írlands, Svíþjóðar, Íslands, Grænlands, Noregs og Kanada. Íslenskur þátttakandi er Vegagerð ríkisins í samstarfi við verkfræðistofur.

Rural Transport Solutions. – RTS. www.rtsnpp.eu

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslenskir þátttakendur eru Þróunarstofa Austurlands og Fjarðabyggð í samstarfi við Vegagerðina.

Social Enterprises in Community Renewable Energy. SECRE www.secre.eu

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Norður-Írlands, Írlands, Skotlands, Svíþjóðar, Noregs og Grænlands. Íslenskur þátttakandi er Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Small Craft Emergency Response and Survival Training for Arctic Conditions. SMACS. <http://smacs-project.eu/?q=home>

Samstarfsverkefni Íslands, Írlands, Skotlands, Svíþjóðar og Noregs. Íslenskur þátttakandi er Slysavarnarfélagið Landsbjörg.

Solutions for Microgeneration to Allow Energy Saving Technology - SMALLEST. www.smallestnpp.eu

Samstarfsverkefni Skotlands, Finnlands, Norður Írlands, Færeyja, Svíþjóðar, Íslands og Grænlands. Íslenskur þátttakandi er Þróunarstofa Austurlands í samstarfi við fjölmarga aðila innan orkugeirans.

Snow, Ice and Avalanche applications – SNAPS. www.snaps-project.eu

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Noregs og Íslands. Íslenskur þátttakandi er Veðurstofa Íslands í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfjarða, Vegagerð ríkisins og Almannavarnanefnd Ísafjarðar og Vegsýn ehf.

Sustainable Transport in Rural Tourism Areas – Trans Tourism. www.transtourism.eu

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Skotlands, Norður Írlands, Írlands og Íslands. Íslenskur þátttakandi er Þróunarstofa Austurlands í samstarfi við samgöngu- og ferðaþjónustuaðila.

Tourist Guide for Northern Periphery – TG4NP. www.tg4np.eu

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Norður Írlands, Írlands, Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Grænlands og Íslands. Íslenskur þátttakandi er Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst í samstarfi við þjónustuaðila í verslun, ferðaþjónustu og fjarskiptum.

The THING Project – Thing sites International Networking Group. THING. www.thingproject.eu

Samstarfsverkefni Noregs, Íslands, Skotlands og Færeyja. Íslenskur þátttakandi er Þjóðgarðurinn á Þingvöllum í samstarfi við tengda aðila.

Norðurslóðaáætlunin heyrir undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti en Byggðastofnun rekur landsskrifstofuna á Íslandi. Hlutverk landstengiliðs er að aðstoða umsækjendur við leit að samstarfsaðilum, formeta umsóknir fyrir stjórn NPP og í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra og starfsfólk NPP og aðra landstengiliði. Landstengiliður og fulltrúi ráðuneytisins taka jafnframt þátt í stefnumótun og áætlanagerð nýrrar Norðurslóðaáætlunar *Northern Periphery and Arctic Programme (NPA) 2014-2020*. Í NPA 2014-2020 verður lögð áhersla að styrkja samvinnu og stuðning við verkefni með áherslu á mannauð og sjálfbæra þróun á norðurslóðum (Arctic). Sjálfbær þróun á norðlægum slóðum byggist meðal annars á menntun, alþjóðlegri samvinnu og yfirfærslu tækniþekkingar sem lögð er að aðstæðum með staðbundnum rannsóknum og þróunarstarfi, svo og mannauði sem þjálfaður er til að takast á við verkefni á hverjum stað.

Frekari upplýsingar um áætlunina er að finna á heimasíðum Byggðastofnunar²⁵ og Norðurslóðaáætlunarinnar.²⁶

11.3 ESPON (2013)

Tilgangur ESON-áætlunarinnar er „að styðja stefnuþróun með tilliti til markmiðs um svæðistengda samkennd og samhæfða þróun á evrópsku landssvæði með því (1) að leggja til samanburðarhæfar upplýsingar, sannreyndir, greiningar og framtíðarsýnir til svæðistengdrar þróunar og (2) lýsa

²⁵ www.byggdastofnun.is

²⁶ www.northernperiphery.eu

svæðistengdum auðlindum og sóknarfærum til þróunar fyrir byggðir og stærri svæði og bæta þannig samkeppnishæfni Evrópu, svæðasamstarf og sjálfbæra og jafna þróun.²⁷

ESPN hafði €47 milljónir í rekstrarfé á starfstímabilinu sem svarar til um ISK 7,7 milljarða í október 2013, með 75% hluta styrkt af uppbyggingarsjóði ESB, ERDF, og 25% hlut með framlögum aðildarlanda. Árgjald Íslands er € 50.000 sem svarar til 8,3 milljónum íslenskra króna um miðjan október og hefur nær tvöfaldast frá upphafi starfstímabilsins vegna lækkunar krónunnar. Árgjaldinu skipta Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Byggðastofnun á milli sín. Framlögin mynda samkeppnissjóð, sem rekinn er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir innan EES-samningsins þar sem umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er en þó þannig að ESPON greiðir alla styrkfjárhæðina og mótframlags er ekki krafist. Íslenskar rannsóknastofnanir hafa þannig fengið um € 180.000, tæpar 30 milljónir íslenskra króna, í styrki fyrir þátttöku í ESPON-verkefnum á starfstímabilinu.

Á starfstímabilinu 2007-2013 voru lagðar fimm eftirtaldar megináherslur í starfi ESPON, sýndar með hlut hverrar af heildarfjármagni:

1. Hagnýtar rannsóknir á svæðapróun, samkeppnishæfi svæða og samþættingu (42,4%).
2. Verkefnamiðaðar greiningar á grundvelli óska notenda (14,4%).
3. Vísindaleg greining og greiningartæki eða mælikvarðar fyrir einstök svæði (13,5%).
4. Samskipti, tengsl og dreifing þekkingar (12,2%).
5. Tækniaðstoð, aðstoð við greiningu og áætlun um eflingu samskipta og tengsla (17,5%).

ESPN styrkir verkefni á sviði byggðarannsóknna í Evrópu, nálægum svæðum og tengsl Evrópu við aðra heimshluta. ESPON býður reglulega út verkefni með verklýsingu og fjárhæð og auglýsir eftir umsóknum um styrki. Samstarfsnet háskóla og rannsóknastofnana á sviði félags- og byggðarannsóknna keppa síðan um að vinna verkefni fyrir auglýsta upphæð með verk-, aðferða- og hæfnislýsingum rannsóknarhópsins og kostnaðaráætlunum. Í flestum verkefnum er krafist samstarfs stofnana í minnst þremur löndum með aðild að ESPON. Á þessum grundvelli er eitt slíkt fjölþjóðlegt tilboð valið. Flest verkefni taka tvö til þrjú ár í vinnslu og verkefnisstjóri leggur fram áfangaskýrslu á miðjum verk tíma.

Verkefni á starfstímabilinu voru fyrst boðin út 2009, eru orðin 65 undir lok starfstímabilsins, nokkur í vinnslu og verður lokið á árinu 2014. Eitt kynningarverkefni á ESPON og nokkur innri verkefni eru þá ekki talin með. Verkefnalista frá síðstu áramótum má sjá á heimasíðu ESPON.²⁸

Á starfstímabilinu 2007-2013 hafa alls 4 verkefni með íslenskri þátttöku hlotið styrki. Íslenskir aðilar hafa alls 5 sinnum sótt í samkeppnissjóði ESPON og státar því Ísland af 80% árangurshlutfalli sem verður að telja gott. Verkefni 4 eru:

SEGI - Services of general interest (2010-2013) er samanburðarrannsókn og kortlagning á almennu þjónustuframboði á landsbyggðarsvæðum og sveitarfélögum. Aðili af Íslands hálfu er Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri undir umsjón Hjalta Jóhannessonar.²⁹

Vefslóðin er:

KITCASP – Key indicators for territorial cohesion and spatial planning (2012-2013) er rannsóknarverkefni sem snýr að því að skoða og meta nytsemi svæðisbundinna gagnagrunna fyrir stefnumótun í svæðaskipulagi og annarri stefnumótun sem varðar þróun byggðar í Skotlandi, Írlandi, Lettlandi, Íslandi og í Baskahéruðum Spánar. Aðili af Íslands hálfu er

²⁷ www.espon.eu/main/Menu_Programme/

²⁸ www.espon.eu/export/sites/default/Documents/Projects/ProjectOverview/ESPN_Project_Overview_December_2012.pdf

²⁹ www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_AppliedResearch/SeGI.html

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri undir umsjón Hjalta Jóhannessonar (hjalti@unak.is). Skipulagsstofnun er einnig aðili að verkefninu sem svokallaður hagshafi (stakeholder) og átti þátt í, að frumkvæði skoskra skipulagsyfirvalda, að móta þá verkefnislýsingu sem boðin var út. Byggðastofnun var líka fengin til samstarfs um íslenska verkhlutann.

NORBA - Nordic-Baltic dialogues on transnational perspectives in planning (2010-2013)

er samstarfs- og netverkefni ESPON-tengiliða í Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Noregi og Svíþjóð (www.rha.is/norba). Aðili af Íslands hálfu er Háskólinn á Akureyri, dr. Grétar Þór Eypórsson.


NORBA verkefnið hefur styrkt íslenska aðila þrisvar sinnum:

- Doktorsnemi við HÍ fékk styrk til farar á ráðstefnu í Hróarskeldu í maí 2011 (1000 EURO)
- Háskólamaður og atvinnuráðgjafi hjá SSV fékk 100% fjármögnun vegna ferðar á ráðstefnu NORBA í Osló í mars 2012 (1500 EURO)
- Verkefnið bauð fulltrúa Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga til lokaráðstefnu sinnar í Jurmala í Lettlandi í ágúst 2012. (1500 EURO)

ENECON - ESPON Evidence in North European Context (2012-2014). Verkefnið beinir sjónum sérstaklega að þeim áskorunum og tækifærum sem blasa við í svæða- og byggðapróun sem og svæðaskipulagi á norðlægum svæðum Evrópu. Með því að miðla þeirri þekkingu sem þegar er orðin til í ESPON verkefnum með því að halda málþing og ráðstefnur er reynt að vekja athygli á þeirri þörf sem er á samstarfi og gagnkvæmum lærdómi þjóða við þarfagreiningu og áætlanagerð. Einn aðalviðburður verkefnisins er alþjóðleg ráðstefna um félagsleg og efnahagsleg áhrif hlýnunar á Norðurslóðum sem haldin var á Akureyri dagana 22. og 23. ágúst 2013 (Climate Change in Northern Territories: Sharing experiences, exploring new methods and assessing socio-economic impacts.). Ráðstefnuna sóttu 112 gestir frá 14 löndum. Ábyrgðarmaður af Íslands hálfu í ENECON verkefninu er Háskólinn á Akureyri, dr. Grétar Þór Eypórsson.

Athyglisvert er að Háskólinn á Akureyri hefur verið með í rannsóknarhópum sem hafa náð í gegn í samkeppni um ESPON-styrki, einn íslenskra háskóla. Til samanburðar eru 100 af 103 styrkjum til íslenskra þátttakenda í rannsóknarverkefnum 7. Rammáætlunar ESB til höfuðborgarsvæðisins, eða 95,2%, en 3 til þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins.³⁰

Mynd 11.4.1 ESA-byggðakortið



11.4 Byggðakort fyrir Ísland (2013)

Í öllum ríkjum Evrópusambandsins og EFTA þurfa að liggja fyrir svoköllu byggðakort en á þeim eru mörkuð þau landssvæði þar sem heimilt er að veita byggðastyrki. Núgildandi byggðakort á að renna út 31. desember 2013. Hins vegar hefur verið ákveðið að öll byggðakort gildi til 30. júní 2014

Samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) mega íslensk stjórnvöld veita byggðastyrki í öllum þeim sveitarfélögum sem nú falla undir landsbyggðarkjördæmin þrjú þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurland.

³⁰ Overall review of EU Member States and Associated countries, COUNTRY PROFILE, IS - Iceland

Hámark styrks má nema allt að 15% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga. Þó er mögulegt að hækka hann um 10% þegar um millistór fyrirtæki er að ræða og um 20% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða. Með millistóru fyrirtæki er hér átt við fyrirtæki sem er með færri en 250 starfsmenn og með litlu fyrirtæki er átt við fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn. Þá er og svigrúm fyrir stjórnvöld til að veita ákveðna tegund af rekstrarstyrkjum svo sem flutningsstyrki til framleiðslu-fyrirtækja.

Öll áform um styrkveitingar á byggðakortinu ber að tilkynna til ESA.

Vinna við endurskoðun byggðakortsins hófst síðastliðið vor. Ekki er gert ráð fyrir að á því verði breytingar þannig að styrkjasvæðið verði óbreytt. Vegna þróunar íbúafjöldans mun lægra hlutfall heildaríbúafjöldna landsins búa á styrkjasvæðinu en var þegar núgildandi byggðakort tók gildi.

11.5 EK-R (2013)

Norðurlöndin hafa með sér samstarf á sviði byggðamála. Norræna embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) er samstarfsvettvangur embættismanna norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið felst í því að miðla reynslu, umræðum og kynnum af starfssystkinum og samvinnu um þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum.

Til samstarfsins er varið á árinu 2013 tæplega 34 milljónum danskra króna. Til grannsvæða samstarfsins er varið 12 milljónum danskra króna, til NORA tæplega 7 milljónum danskra króna, til Nordregio rúmlega 11 milljónum danskra króna og til að hrinda samstarfsáætlun 2013-2016 í framkvæmd tæpum 4 milljónum danskra króna.

EK-R leggur fé til samstarfs yfir landamæri á 12 norrænum svæðum þar sem stjórnmalamenn, yfirvöld og almenningur tekur þátt í hagnýtu norrænu samstarfi. Þar til viðbótar er samstarfið á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðinu. Ráðherrar byggðamála, orkumála og atvinnumála á Norðurlöndum hafa yfirumsjón með samstarfinu en framkvæmdin er í hjá EK-R.

Samstarfið byggir á samstarfsáætlun um byggðamál en núgildandi áætlun nær til árana 2013–2016. Áherslur samstarfsáætlunarinnar eru sjálfbær velmegun svæða, sjálfbært Norðurheimskautssvæði og grænn vöxtur. Í áætluninni er gengið út frá að markmiðin um sjálfbærni, jafnrétti og aðgengi séu virt. Það er á ábyrgð embættismannanefndarinnar að markmið samstarfsáætlunarinnar nái fram að ganga og ætlast til þess að það endurspeglit í formennskuáætlunum landanna.

Lögð er áhersla á hlutverk og mikilvægi Nordregio (Norrænu fræðastofnunina í skipulags- og byggðamálum).

Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2014. Því fylgir einnig formennska í nefndum. Í formennskuáætlun Íslands verður eitt höfuðverkefni sem nefnist „Norræna lífhagkerfið“.

11.6 Nordregio (2013)

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfar rannsóknarstofnunin Nordregio sem hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði byggða- og skipulagsmála og miðla þekkingu um þau til þeirra sem um byggðamál fjalla.

Nordregio ber með rannsóknarstarfsemi sinni að stuðla að því að markmið norrænu samstarfsáætlunarinnar á sviði byggðamála 2013–2016 nái fram að ganga svo og formennskuáætlanir landanna. Stofnunin vinnur samkvæmt starfsáætlun sem nær til árana 2013–2015.

Nordregio hefur getið sér orð sem ein virtasta vísindastofnun í Evrópu á sviði rannsókna í byggðamálum. Þar innan veggja er til staðar mjög mikil þekking á samfélögum á strjálbýlum

norrænum svæðum. Það háir þátttöku Íslands í rannsóknarverkefnum að á Íslandi eru ekki aðgengilegar svæðisgreindar tölfræðiupplýsingar sem stuðst er við í rannsóknum á ýmsum þáttum byggðamála.³¹

³¹ Heimasíða Nordregio: www.nordregio.se/